


skoðun 20

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Vísindavaka





Bókaprentun
Prentmiðlun
Sími: 554 5800
www.prentmidlun.is
prentmidlun@prentmidlun.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
23. september 2010
223. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Jón Kr. heiðraður

*Í tilefni af sjötugsafmæli Jóns Kr. Ólafssonar verða haldnir tónleikar honum til heiðurs.*


**tímamót** 28


## Eiður Smári ekki með

*Róbert Örn gefur út þriðju plötu hljómsveitarinnar Ég.*


**fólk** 40




## Miði er alltaf möguleiki

*Breiðablik og Valur keppa í Meistaradeild kvenna í dag.*


**sport** 44


### veðrið í dag




**SKÝJAÐ SYÐRA** Í dag verður víðast hæg suðlæg átt. Þykknar upp syðra með dálítilli vætu en annars yfirleitt bjartviðri. Hiti 5-12 stig, mildast syðst.


VEÐUR 4



Fréttablaðið er með **201%** meiri lestur en Morgunblaðið.




**Allt sem þú þarft…**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í maí til júlí 2010.


# Þjófar gripnir á Netinu

**Lögreglan fylgist grannt með smáauglýsingasíðum á Netinu vegna hugsanlegrar sölu á þýfi. Töluvert er reynt að koma stærri hlutum þannig í verð. Aðstoðaryfirlögregluþjónn segir pólsk gengi stöðugt auglýsa á Netinu.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan hefur töluvert eftirlit með samskipta- og auglýsingasíðum til að upplýsa þjófnaði og önnur afbrot.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, segir að þónokkuð sé um að þýfi sé selt í gegnum samskiptasíður. „Við höfum upplýst mál í gegnum Barnaland,“ segir Sigurbjörn. „Eitt skipti var þegar í tvígang var verið að auglýsa hluti úr innbrotum og við röktum slóðina.“

Að sögn Sigurbjörns hefur lögreglan samband við seljanda í gegnum síma á fölskum forsendum. Þykist viðkomandi hafa áhuga á því að kaupa hlutinn. „Ef okkur finnst eitthvað grunsamlegt við seljendurna þurfum við yfirleitt að gerast kaupendur,“ segir hann. „Það er þá yfirleitt í gegnum síma þar sem verið er að athuga hvað hluturinn kostar og síðan mæla menn sér mót.“

Sigurbjörn segir að Breiðholts- og Kópavogsumdæmi lögreglunnar hafi upplýst þrjú mál á þessu ári í gegnum sölusíður á Netinu. Þýfið sem sé auglýst sé allt frá hjólbörðum og raftækjum yfir í stóra gúmmíbáta og plastbáta. „Við fylgjumst með smáauglýsingum ef við erum að leita eftir stórum, stökum hlutum. Fólk reynir nú yfirleitt að koma þessum hlutum í verð.“

Þá segir Sigurbjörn lögregluna fylgjast grannt með samskiptasíðum þar sem fólk af erlendu bergi brotið spjallar sín á milli og selur vörur. „Pólsk gengi eru að auglýsa stöðugt á Netinu,“ segir hann. „Ég held að þessi markaður sé stærri heldur en margur hyggur, það er talsvert af þýfi sem fer í umferð með þessum hætti.“

> Ég held að þessi markaður sé stærri heldur en margur hyggur.
>
> **SIGURBJÖRN VÍÐIR EGGERTSSON**
> AÐSTOÐARYFIRLÖGREGLUÞJÓNN

Um tíu reglulegir notendur á barnaland.is sinna þar eftirliti og tilkynna lögreglunni ef vart verður við auglýsingar eða umræður sem þykja vafasamar.

Ingi G. Ragnarsson, vefstjóri Barnalands, segir tilkynningar um brennslutöflur algengastar. Lögreglan biðji reglulega um upplýsingar um vissa notendur. „Þegar slíkt kemst upp hefur lögreglan samband og ef hún kemur með dómsúrskurð um málið gefum við henni allar notendaupplýsingar, þar á meðal IP-tölur,“ segir Ingi. **- sv**



**FRAMKVÆMDIR** Ögmundur Jónasson hóf framkvæmdir við breikkun Suðurlandsvegar með því að sturta malarhlassi af vörubílspalli. Áður hafði hann tekið skóflustungu með gamla laginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ögmundur á skóflunni:

## Milljarðs króna framkvæmd á Suðurlandsvegi

**SAMGÖNGUMÁL** Ögmundur Jónasson samgönguráðherra hóf í gær formlegar framkvæmdir við fyrsta áfanga tvöföldunar Suðurlandsvegar.

Hannes Kristmundsson, sem barist hefur fyrir breikkun, færði Ögmundi skóflu. Ráðherrann tók eina skóflustungu en þar sem lítið er um handmokstur á þessu stigi verksins fékk hann að sturta möl af vörubílspalli.

Vegkaflinn sem nú verður unnið að liggur frá Fossvöllum í Lögbergsbrekku að Draugahlíðarbrekku austan Litlu kaffistofunnar. Lengd hans er um 6,5 km. Verktaki er Ingileifur Jónsson ehf. og er upphæð samnings hans við Vegagerðina 642 milljónir. Er það um 85% af kostnaðaráætlun. Heildarkostnaður Vegagerðarinnar er áætlaður milljarður króna.

Vegna framkvæmdanna hefur hámarkshraði á veginum verið takmarkaður. **- bj**

Stórleikkonan Kate Winslet hringir í Sólskinsdrenginn Kela í hverri viku:

# Stofna samtök fyrir einhverfa

**FÓLK** Breska Óskarsverðlaunaleikkonan Kate Winslet hefur stofnað alþjóðleg góðgerðasamtök ásamt Margréti Dagmar Ericsdóttur sem eiga að styrkja og styðja við einhverf börn og foreldra þeirra. Samtökin draga nafn sitt af ljóði Sólskinsdrengsins Kela og heita The Golden Hat Foundation en þau voru kynnt í Bandaríkjunum í gær og send var út fréttatilkynning til allra stærstu fréttamiðla heims.



KATE WINSLET

Margrét Dagmar sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki eiga orð yfir kraftinum og ástríðunni í Winslet og kringum málefnið en leikkonan talaði sem kunnugt er inn á ensku útgáfu myndarinnar. „Hún hringir minnst einu sinni í viku í Kela og talar við hann, þrátt fyrir að Keli geti ekki talað við hana. Hún hefur gefið einhverfum rödd og ásjónu.“ Richard Branson, hinn þekkti fjárfestir, mun einnig leggja sitt af mörkum því hann hyggst lána Margréti alla sína toppráðgjafa til aðstoðar við skipulagningu og áætlunargerð. Hinn 29. september kemur síðan út DVD-útgáfan af Sólskinsdrengnum en allur ágóði af sölunni mun renna til samtakanna. **- fgg / sjá síðu 50**



**MÆÐGININ** Margrét Dagmar, móðir Kela, á ekki orð yfir krafti og ástríðu leikkonunnar Kate Winslet.


FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING



HEILSURÚM
GRUNNUR AÐ GÓÐRI HEILSU

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

www.rumgott.is • Sími 544 2121

## SPURNING DAGSINS



*Elísabet, ertu ekki bit yfir þessu?*

„Ég er alveg Elísabit.“

Mannabit eru algengustu bitin sem fólk leitar sér aðstoðar vegna á bráðadeild Landspítalans. Elísabet Benedikz er yfirlæknir á bráðadeild.

Niðurstöður Deloitte um einkasjúkrahús í Mosfellsbæ sagðar jákvæðar:

# Lóðin fyrir PrimaCare til reiðu

**HEILBRIGÐISMÁL** Samningar um lóð í Sólvallalandi í Mosfellsbæ fyrir einkasjúkrahús og hótel PrimaCare ehf. verða undirritaðir á næstu vikum, að sögn Gunnars Ármannssonar, framkvæmdastjóra félagsins.

„Þetta stendur mjög vel og er allt á fleygiferð,“ segir Gunnar sem kveður PrimaCare nú hafa fengið fyrri hluta af skýrslu sem Deloitte í New York gerði um rekstrargrundvöll einkasjúkrahússins. „Þarna eru mjög jákvæðar niðurstöður.“

Að sögn Gunnars hafa nokkrir fjárfestar hér innanlands komið að verkefninu. Nú verði hins vegar horft til erlendra fjárfesta. Margir þeirra hafi þegar sýnt verkefninu áhuga, sumir að eigin frumkvæði. Búast megi við því að erlendir aðilar verði meirihlutaeigendur í sjúkrahúsinu.

„Það verður ekki bæði haldið og sleppt. Ef við viljum fá erlenda fjárfestingu inn í landið þá verðum við líka að þola það að þeir sem festa sitt fé á Íslandi vilji fá arð af sínu fé og að hann muni renna úr landinu að einhverju leyti. En eftir stendur að uppbyggingin og öll atvinnusköpun verður hér á landi. Og það er kannski það sem skiptir mestu máli,“ segir Gunnar sem kveður risafyrirtækið Skanska hafa samþykkt að vera aðalverktaki í framkvæmdunum.

Gunnar segir áætlað að hefja rekstur sjúkrahússins á fyrsta fjórðungi ársins 2013. Það mun sérhæfa sig í hnjá- og mjaðmaliðsaðgerðum fyrir útlenda sjúklinga, einkum frá Bandaríkjunum en einnig frá Evrópu. - gar



**REYKJALUNDUR** Einkasjúkrahús Primacare verður í brekkunni gegnt Reykjalundi. Að meðtöldum samhliða hótelrekstri er áætlað að allt að eitt þúsund starfi við sjúkrahúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jóhanna í New York:

## Styrkja þarf stöðu kvenna

**UTANRÍKISMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra lagði áherslu á að bæta þurfi stöðu hinna verst settu í heiminum í ávarpi sínu á leiðtogaráðstefnu um þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sem haldin er við upphaf allsherjarþingsins í New York.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

Hún lagði sérstaka áherslu á að til þess að ná þúsaldarmarkmiðunum sé lykilatriði að tryggja jafnrétti og styrkja stöðu kvenna. Mikilvægt sé að tryggja börnum viðunandi menntun, aðbúnað og skilyrði til vaxtar. - gb

Spennandi endurtalning:

## Ekki ljóst hvort meirihluti næst

**SVÍÞJÓÐ Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, vissi ekki í gærkvöld hvort stjórn hans hafi fengið meirihluta í þingkosningunum á sunnudag.**

**Mikil spenna ríkti í gær þegar talin voru utankjörstaðaratkvæði, en endanleg úrslit verða ekki ljós fyrr en í dag.**

**Að lokinni talningu eftir kosningarnar á sunnudag hafði bandalag stjórnarflokkanna fengið 172 þingsæti, en í gær bættist eitt við og vantar þá aðeins tvö upp á þingmeirihluta.** - gb

### ALÞINGI

**Álfheiður varaforseti**

Álfheiður Ingadóttir VG hefur verið kjörin 5. varaforseti Alþingis í stað Árna Þórs Sigurðssonar. Hann er starfandi þingflokksformaður og telur embættin tvö fara illa saman.

# Ríkisbjörgun Sjóvár í rannsókn hjá ESA

**Eftirlitsstofnun EFTA rannsakar endurfjármögnun hins opinbera á Sjóvá í fyrra. Tryggingafélagið var ógjaldfært og hefði farið í þrot hefði ekki komið til björgunaraðgerða. Sjóvá gæti þurft að greiða á tólfta milljarð króna til baka.**

**VIÐSKIPTI** Svo kann að fara að tryggingafélagið Sjóvá verði að greiða 11,6 milljarða króna, eða hátt í það, aftur til ríkissjóðs úrskurði Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, að endurfjármögnun Sjóvár hafi reynst ólögmætur ríkisstyrkur. Endurfjármögnun Sjóvár var ekki tilkynnt ESA líkt og lög mæla fyrir.

„Þetta er mjög flókið mál. Það má vel vera að þetta sé lögmætur ríkisstyrkur líkt og mýmörg dæmi eru um. Reynist þetta ólögmætur styrkur verður að reikna út hagnað Sjóvár af honum. Hann verður að greiða til baka. Vandamálið er að stjórnvöld neita að um styrk hafi verið að ræða,“ segir Per Sanderud, forseti ESA.

ESA hóf í gær formlega rannsókn á því hvort um veitingu ríkisstyrks hafi verið að ræða við endurfjármögnun Sjóvár í fyrra en þá lögðu ríkið, skilanefnd Glitnis og Íslandsbanki sextán milljarða króna inn í tryggingafélagið til að forða því frá gjaldþroti. Ríkissjóður lagði fram 11,6 milljarða í formi skuldabréfa Landsvirkjunar og Askar Capital og eignaðist 73 prósent í félaginu. Eignasafn Seðlabankans fer með hlut ríkisins.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins frá ESA hafa stjórnvöld látið hjá líða að upplýsa eftirlitsstofnunina um viðskiptin og forsendurnar að baki þeim. Stjórnvöld haldi því fram að endurfjármögnunin hafi verið gerð á markaðsforsendum og tilkynningar því ekki þörf. ESA hefur efasemdir um að fjárfestar hefðu farið út í slíka fjárfestingu í fyrra. Því beri að flokka fjárfestinguna sem ríkisstyrk.



**PER SANDERUD** Forseti Eftirlitsstofnunar EFTA segir mikilvægt að stjórnvöld greini frá því hvaða hugsun liggi að baki endurfjármögnun á Sjóvá í fyrra. Hann dregur í efa útskýringar stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Tvö stór mál undir smásjá ESA**

ESA er þegar með tvö viðamikil mál hið minnsta í skoðun er varða mögulegan ólögmætan ríkisstyrk. Eftirlitsstofnunin hóf í júní að kanna hvort endurfjármögnun bankanna í fyrrasumar stangist á við reglur Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og flokkist sem ólöglegur ríkisstuðningur. Þá hóf stofnunin sömuleiðis formlega rannsókn á kaupum bankanna á eignum og skuldabréfum peningamarkaðssjóðanna. Kaupin voru ákveðin skömmu eftir að gömlu bankarnir féllu. Arftakar þeirra voru á þeim tíma í eigu ríkisins. ESA segir íslensk stjórnvöld ekki hafa sýnt fram á að bankarnir hafi tekið sjálfstæðar ákvarðanir um viðskiptin og útilokar ekki að stjórnvöld hafi haft hönd í bagga.

ESA átti frumkvæðið að rannsókninni eftir að fréttir tóku að berast af málinu auk þess sem keppinautar Sjóvár á tryggingamarkaði kvörtuðu vegna málsins.

Íslandsbanki á í viðræðum um sölu á félaginu til hóps fjárfesta og stendur kostgæfnisathugun yfir. Ársæll Valfells, einn fjárfestanna, vildi ekki tjá sig um málið í gær og vísaði á bankann. Hvorki náðist í fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka né Hauk Benediktsson, forstöðumann Eignasafns Seðlabankans, vegna málsins.

Þeir sem rætt var við kom rannsókn ESA á óvart. Eftir því sem næst verður komist er ekki útilokað að ákveði verði sett í sölusamninginn sem komi í veg fyrir að ríkisstyrkurinn falli á kaupendur Sjóvár. Líklegra sé að Íslandsbanki eða ríkissjóður greiði sekt til ESA reynist um ólögmætan ríkisstyrk að ræða.

jonab@frettabladid.is

## Lést í slysi á Grænlandi

Starfsmaður Ístaks sem lést í fjórhjólaslysi við virkjunarsvæðið í Pakitsoq á Grænlandi í fyrradag hét Árni Þór Steinarsson. Hann var 26 ára gamall, ókvæntur og barnlaus.

Unicef um Pakistan:

## Milljónir barna í miklum vanda

**HJÁLPARSTARF Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) telur að líf yfir tíu milljóna barna hafi verið sett úr skorðum vegna flóðanna í Pakistan.**

**Í skýrslu Unicef segir að neyðin sé þvílík „að fólk um allan heim virðist ekki geta ímyndað sér hve slæmt ástandið virkilega er“.**

**UNICEF áætlar að 252,3 milljónir Bandaríkjadala þurfi til að kosta hjálparstarf á flóðasvæðinu fram til ágúst á næsta ári. Um 160,8 milljónir Bandaríkjadala vantar til ná því markmiði.** - pg

Átök í Jerúsalem:

## Óvíst um framhald viðræðna

**ÍSRAEL, AP** Palestínsk ungmenni fóru mikinn í austurhluta Jerúsalemborgar í gær, köstuðu grjóti í strætisvagna, veltu bifreiðum og tókust á við ísrelsku óeirðalögregluna. Lögreglan réðst meðal annars til inngöngu í helgasta stað múslima í borginni.

Óeirðirnar hófust eftir að ísraelskur öryggisvörður skaut til bana rúmlega þrítugan Palestínumann í hverfi, þar sem um 70 fjölskyldur heittrúaðra gyðinga búa.

Óljóst er hvort friðarviðræður Ísraela og Palestínumanna halda áfram eftir að tíu mánaða bann við framkvæmdum á vegum Ísraelska landtökumanna rennur út um helgina. - gb





LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0984


Jóhannes Stefánsson fagnar sigri eftir útboð á veitingaþjónustu í tónlistarhúsinu:

# Fjölskyldan úr Múlakaffi í Hörpuna

**MENNING** „Þetta er hápunkturinn á mínum ferli,“ segir Jóhannes Stefánsson, veitingamaður í Múlakaffi, sem varð hlutskarpastur í útboði á veitingaþjónustu í tónlistarhúsinu Hörpunni.

Fjölmargir sóttust eftir að reka veitingaþjónustuna. Jóhannes segir nýtt dótturfyrirtæki Múlakaffis, Hörpudisk, munu annast veitingar fyrir alla ráðstefnu- og tónleikagesti og gesti á öllum öðrum mögulegum viðburðum, eins og árshátíðir og móttökur, sem fara fram í Hörpu. Þess utan muni hann reka bar og veitingastað með opnu eldhúsi á fjórðu hæð byggingarinnar ásamt Leifi Kolbeinssyni, veitingamanni í La Primavera. Jómfrúin verði síðan með bistro á jarðhæðinni.

Harpa verður opnuð 4. maí á næsta ári. Jóhannes segir verkefnið fram undan gríðarlegt enda verði Harpan „aðalstaðurinn“. Pantanir og alls kyns fyrirspurnir liggi fyrir tvö til þrjú ár fram í tímann.

„Ég stend og fell með þessu og verð þarna í forsvari ásamt minni fjölskyldu. Þetta er gífurlegur sigur fyrir okkur og minn feril í veitingamennsku,“ segir Jóhannes sem kveðst hafa ætlað sér inn í Hörpuna frá því daginn sem fyrsta skóflustungan var tekin. „Þótt ég sé harður þá er ég á sextugsaldri og sé nú fyrir mér að geta farið að huga að því að sjá fyrir endann á þessu.“ - gar



**JÓHANNES STEFÁNSSON** Ætlaði sér inn í Hörpuna frá fyrstu skóflustungu og fagnar sætum sigri á öðrum sem sóttust eftir að annast veitingaþjónustu þar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# ÚTSALA ÁRSINS!

**SÍÐUSTU DAGAR!**

## ÚTSÖLULOK - ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

**RAFTÆKI 15-50% AFSLÁTTUR**

**69.900,-** ~~79.900,-~~

5 ára ábyrgð

Frigor
5 ára ábyrgð

Kælir/frystir
orkunýting A, kælirými 171ltr,
frystirými 41ltr, stærð 142x58x55
1805498

**87.900,-** ~~109.000,-~~

Barkalaus

Krumpuvörn

5 ára ábyrgð

Electrolux
Þurrkari EDC 46130 W
barkalaus m/rakaþéttir,
tekur 6 kg, krumpuvörn, tromlan snýst í báðar áttir
1805461

**89.900,-** ~~109.900,-~~

tekur 7kg

1400 snúninga

5 ára ábyrgð

Electrolux
Þvottavél
1400 snúninga, tekur 7 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A, vinduhæfni B
1805446

**ENN MEIRI AFSLÁTTUR**
**ÖLL LJÓS 20-70% AFSLÁTTUR**

**ÖLL BÚSÁHÖLD 20-70% AFSLÁTTUR**

Flott parket á frábæru verði

**1.199kr/m²** ~~1.690kr/m²~~

Plastparket
3ja stafa Eik eða Hnota
146956-7

## RÝMINGAR SALA FLÍSAR aðeins 3 verð

**VERÐFLOKKUR 1**
**990 kr/m²**

Veggflís
Negro Azarbache,
23,5x33 sm
8613060

**VERÐFLOKKUR 2**
**1.990 kr/m²**

Veggflís
Berlin Beige,
33x60 sm
8613079

**VERÐFLOKKUR 3**
**2.990 kr/m²**

Veggflís
Magma Blanco,
33x33 sm
8610356

frostþolnar á svalirnar

## RÝMINGARSALA í SKÚTUVOGI
**50% afsláttur**

SKJÓLVEGGIR • SKJÓLGIRÐINGAR
BEKKIR • GARÐHLIÐ • BLÓMAKER
BLÓMAKASSAR • SANDKASSAR
PALLAEININGAR • SAFNKASSAR
TRÖPPUKJÁLKAR og margt fleira

Sandkassi með loki
150x150cm
600249

**7.490,-** ~~14.980,-~~

JOTUN Mur

GORI 44+

**ÖLL VIÐARVÖRN ÖLL ÚTIMÁLNING 25% AFSLÁTTUR**

Nýjar vörur bætast við daglega!

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 22.09.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,77 | 115,31 |
| Sterlingspund | 179,93 | 180,81 |
| Evra | 153,62 | 154,48 |
| Dönsk króna | 20,617 | 20,737 |
| Norsk króna | 19,409 | 19,523 |
| Sænsk króna | 16,822 | 16,92 |
| Japanskt jen | 1,3562 | 1,3642 |
| SDR | 176,65 | 177,71 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,0302

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tvær konur, ákærðar fyrir að hafa flutt inn efni í 153 kíló af amfetamíni, neita sök:

# Þýsk vitni kölluð til í stórfelldu smyglmáli

**DÓMSMÁL** Þýsk vitni munu gefa skýrslu fyrir Héraðsdómi Reykjaness í stórfelldu amfetamínsmygli. Tvær konur, sem eru ákærðar fyrir að hafa smyglað inn til landsins tæplega tuttugu lítrum af vökva sem innihélt amfetamínbasa, neituðu sök fyrir héraðsdómi í gær. Þær eru báðar þýskir ríkisborgarar, búsettar í Þýskalandi.

Í ákæru segir að vökvinn hafi verið ætlaður til sölu og dreifingar hér á landi í ágóðaskyni. Úr honum hefði verið unnt að framleiða allt að 20,9 kíló af hreinu amfetamínsúlfati sem samsvarar 153 kílóum af efni miðað við tíu prósent styrkleika.

Konurnar voru handteknar í júní síðastliðnum. Önnur konan, Elena Neuman, sem er fertug, er ákærð fyrir að hafa tekið við vökvanum í Litháen og flutt þaðan í eldsneytistanki VW Passat bifreiðar til Þýskalands.

Þaðan á hún að hafa flutt vökvann, ásamt Swetlönu Wolkow, rúmlega þrítugri, með sama hætti til Danmerkur. Svo lá leiðin með farþegaferjunni Norrænu til Seyðisfjarðar þar sem vökvinn fannst við leit.

Með konunum var barn í för en barnaverndaryfirvöld sendu það til ættingja í Þýskalandi. **- jss**



**ÞINGFESTING** Sakborningarnir, önnur konan og sú fimmta frá vinstri á myndinni, ásamt lögmönnum sínum og túlkum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**STARFSMAÐUR MYLLUNNAR** Eftir lækkun í vor hækkar Myllan aftur verð á brauði og kökum.

Óáran í kornrækt í Rússlandi:

## Myllan hækkar brauð um 8,1%

**IÐNAÐUR** Myllan hefur hækkað verð á framleiðsluvörum sínum um 8,1 prósent. Að því er segir í tilkynningu frá fyrirtækinu má að stóru leyti rekja hækkunina til uppskerubrests í Rússlandi í kjölfar skógarelda í mestu þurrkatíð í landinu í 130 ár. Þar hafi yfirvöld bannað útflutning á korni. Heimsmarkaðsverð á hveiti hafi hækkað gríðarlega. Þá kemur fram að Myllan hafi í vor lækkað verð hjá sér um tæp 7 prósent í vor vegna styrkingu krónunnar

„Myllan kemur til með að lækka verð aftur ef heimsmarkaðsverð næstu uppskeru verður lægra," segir í tilkynningunni frá þessu stærsta brauðgerðarfyrirtæki landsins. **- gar**

### SKÁK

**Jafntefli á móti Svíum**

Íslendingar gerðu jafntefli við Svía í opnum flokki í annarri umferð Ólympíuskákmótsins í gær. Íslenska kvennalandsliðið vann öruggan 3,5-0,5 sigur á Írum.

### LEIÐRÉTTING

Júlíus Þorfinnsson, Júlli í Draumnum, hefur alltaf viðurkennt að hafa átt fimmtán milljónir sem fundust í húsleit hjá honum í sumar, ólíkt því sem sagði í blaðinu í gær. Hann fullyrðir að fjármunirnir séu illa fengnir.



**Á ALÞINGI** Stefnt er að því að síðari umræðan um landsdómsmálin hefjist á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ákærumálið afgreitt um miðja næstu viku

**Stefnt er að því að síðari umræða um landsdómsmálið hefjist á mánudag og ljúki um miðja næstu viku. Þingmannanefndin óskar umsagnar allsherjarnefndar. Þingið er í kappi við tímann. Tekist var á um ferlið á þingfundi í gær.**

**ALÞINGI** Þingið ákvað í gær að fela þingmannanefndinni, undir formennsku Atla Gíslasonar, að fjalla um ákærutillögurnar á hendur fjórum fyrrum ráðherrum á milli umræðna. Tillaga var uppi um að málið færi til allsherjarnefndar en samþykkt var með 38 atkvæðum gegn sextán að fela þingmannanefndinni verkið.

Nefndin ákvað svo á fundi í gær að leita eftir áliti allsherjarnefndar á málinu. Hefur hún tíma til seinniparts morgundagsins til að skila áliti. Sjálf þarf þingmannanefndin að afgreiða málið frá sér í síðasta lagi á laugardag svo síðari umræðan geti hafist á mánudag. Stefnt er að atkvæðagreiðslu um miðja næstu viku. Nýtt þing verður sett á föstudag í næstu viku.

Tekist var á um til hvorrar nefndarinnar málið ætti að ganga áður en atkvæði voru greidd í gærmorgun. Sjálfstæðismenn lögðu til að allsherjarnefnd yrði falið verkið og lögðu á það ríka áherslu. Sögðu þeir að þannig yrðu vönduð vinnubrögð tryggð. Forvígismenn annarra flokka vildu á hinn bóginn að málið gengi aftur til þingmannanefndarinnar. Sagði Árni Þór Sigurðsson, VG, að annað væri vantraustsyfirlýsing á störf nefndarinnar.

Sjálfstæðismenn lögðu líka til að þingið fundaði á meðan landsdómsmálið væri í nefnd. Töldu þeir brýnt að ræða um dóm Hæstaréttar í gengistryggingamálinu, niðurstöður nefndar um Magma-málið og dóm héraðsdóm um ákvörðun umhverfisráðherra vegna virkjanamála í neðri Þjórsá. Sú tillaga hlaut engar undirtektir annarra og var á endanum hafnað á fundi forsætisnefndar.

Allsherjarnefnd hefur kallað nokkra lagasérfræðinga á sinn fund í dag og á morgun. Að sögn Róberts Marshall, formanns nefndarinnar, er meðal annars von á Róberti Spanó, Bryndísi Hlöðversdóttur, Sigurði Líndal og Ragnhildi Helgadóttur. Öll komu þau fyrir þingmannanefndina í hennar störfum.

„Við höfum ekki langan tíma, bara tvo sólarhringa. Þetta verður því töluverð törn þar til í eftirmiðdaginn á föstudag," sagði Róbert í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi. **bjorn@frettabladid.is**

Lagabreyting ekki rædd:

## Áfram þögn um kynhneigð

**BANDARÍKIN, AP Öldungadeild Bandaríkjaþings hafnaði því í gær að hefja umræður um ný lög, sem hefðu afturkallað lög sem banna bandarískum hermönnum að skýra opinberlega frá kynhneigð sinni ef þeir eru samkynhneigðir.**

**Þau lög voru sett í valdatíð Bill Clinton til þess að heimila samkynhneigðum að gegna herþjónustu, en þó með því skilyrði að þeir segi ekki frá – og þá verði þeir heldur ekki spurðir. Lögin þykja ekki hafa staðist tímans tönn og hugðist Barack Obama afnema þau til að tryggja réttarstöðu samkynhneigðra hermanna. - gb**



**ÓLAFUR RAGNAR OG DMITRÍ MEDVEDEV** Forsetar Íslands og Rússlands í Moskvu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Hitti Medvedev í Moskvu:

## Vilja auka samstarf ríkjanna

**UTANRÍKISMÁL** Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, ræddu um að auka samvinnu Íslands og Rússlands á komandi árum og áratugum, með sérstöku tilliti til norðurslóða. Medvedev lýsti sérstökum áhuga sínum á að koma til Íslands.

Þeir hittust í Moskvu í gær í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu um norðurslóðir. Að fundi þeirra loknum bauð Medvedev og Svetlana, eiginkona hans, þeim Ólafi Ragnari og Dorrit, eiginkonu hans, til síðdegisverðar. **- gb**






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**VÍÐA BJART** Suðlægar áttir verða ríkjandi á landinu næstu daga. Horfur eru á fremur stífum vindi sunnan og vestan til með vætu en norðaustan til verður yfirleitt bjart. Búast má við næturfrosti inn til landsins í nótt en það hlýnar heldur í veðri á morgun og um helgina.




**Á MORGUN** 8-13 vestast, annars mun hægari.

**LAUGARDAGUR** Víða 5-10 m/s en stífari SV-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 19° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 28° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 16° |
| París | 24° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*


ENRON
Heitasta leikritið í heiminum í dag
Frumsýnt í kvöld kl 20:00 – UPPSELT
Fim 23.9. Kl. 20:00 UPPSELT
Fös 24.9. Kl. 20:00 UPPSELT
Lau 25.9. Kl. 20:00 UPPSELT
Fim 30.9. Kl. 20:00 UPPSELT
Fös 1.10. Kl. 20:00 UPPSELT
Lau 9.10. Kl. 20:00 UPPSELT
Fös 15.10. Kl. 20:00 örfá sæti
Lau 16.10. Kl. 20:00 örfá sæti
Fös 22.10. Kl. 20:00 örfá sæti
Lau 23.10. Kl. 20:00 örfá sæti
Sala áskriftarkorta í fullum gangi!
Miðasala í síma 568 800 og á www. borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið
Höfundur: Lucy Prebble | Leikstjórn: Stefán Jónsson
Þýðing: Eiríkur Örn Norðdahl | Leikmynd: Börkur Jónsson | Búningar: Helga I. Stefánsdóttir | Lýsing: Þórður Orri Pétursson
Myndbandshönnun: Gideon Kiers | Tónlist: Helgi Svavar Helgason og Sigtryggur Baldursson | Hljóð: Thorbjørn Knudsen | Hreyfingar: Sveinbjörg Þórhallsdóttir
Leikarar: Stefán Hallur Stefánsson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Halldóra Geirharðsdóttir, Lára Jóhanna Jónsdóttir, Bergur Þór Ingólfsson, Ellert A. Ingimundarson, Halldór Gylfason, Valur Freyr Einarsson, Hjalti Rögnvaldsson, Hilmar Guðjónsson, Vigdís Gunnarsdóttir, Viktor Bjarnason, Walter Grímsson og Áslaug Lárusdóttir

**KJÖRKASSINN**



*Var nauðsynlegt að hækka aftur laun varaborgarfulltrúa?*

| | |
|---|---|
| Já | 9,6% |
| Nei | 90,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Drekkur þú minna áfengi eftir að fjármálakerfið hrundi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Arne Treholt gerir sér vonir um að hreyfing komist á mál hans í Noregi:

# Þingnefnd skoðar Treholt-mál

**NOREGUR** Norsk þingnefnd, sem hefur það hlutverk að fylgjast með upplýsinga-, eftirlits- og öryggisþjónustustofnunum norska ríkisins, ætlar að hefja rannsókn á því hvernig farið var með mál Arne Treholt, háttsetts embættismanns í utanríkisráðuneytinu, sem dæmdur var fyrir njósnir í þágu Sovétríkjanna.

Í nýútkominni bók er norska lögreglan sökuð um að hafa falsað sönnunargögn sem leiddu til sakfellingar Treholts. Treholt var handtekinn árið 1984 og dæmdur til tuttugu ára fangelsisvistar. Hann var látinn laus árið 1992 og flutti þá til Rússlands. Hann býr nú á Kýpur.

Treholt hefur jafnan haldið fram sakleysi sínu. Hann gerir sér vonir um að þingnefndin líti málið nýjum augum, en þessi sama nefnd vísaði fyrir tveimur árum frá beiðni hans um að málið yrði endurupptekið fyrir dómi.

„Það nýja er að nefndin er ekki skipuð sömu mönnum og síðast. Það er jákvætt,“ hefur norska dagblaðið Aftenposten eftir honum. **- gb**



**TREHOLT OG RÚSSARNIR** Mynd sem birtist víða þegar Treholt-málið stóð sem hæst. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Utanríkisráðherra í New York:

# Samstarf um norðurslóðir

**UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og Lawrence Cannon, utanríkisráðherra Kanada, eru sammála um að ríkin starfi saman að málefnum norðurslóða, nú þegar aðstæður þar breytast.**

**Þeir hittust í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York í gær. Cannon fullvissaði Össur um að engir frekari fundir einstakra aðildarríkja Norðurskautsráðsins séu fyrirhugaðir án þátttöku Íslands, Svíþjóðar og Finnlands. - gb**












# Betur verði hugað að umfangi og afrakstri

**Ríkissaksóknari hefur hvatt lögreglustjórana í landinu til að kynna sér nýgengna dóma yfir kannabisræktendum í Hæstarétti. Hann bendir meðal annars á að í öðru málinu af tveimur hefði mátt ákæra fyrir fleiri liði en gert var.**

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ritað lögreglustjórum í landinu bréf þar sem hann hvetur þá til að kynna sér nýgengna dóma í Hæstarétti þar sem refsing var þyngd yfir tveimur kannabisræktendum í átta og tólf mánaða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu úr þriggja mánaða skilorðsbundinni fangelsisrefsingu.

Í bréfinu bendir ríkissaksóknari meðal annars á að í öðru málanna hafi kannabisræktandanum einungis verið gefin að sök varsla fíkniefna og ræktun plantna án þess að það hafi verið í sölu- og dreifingarskyni. Um hafi verið að ræða 204 plöntur sem samkvæmt matsgerð geti gefið frá sér tólf kíló af maríjúana og 204 grömm af hassolíu miðað við tilteknar forsendur. Ríkissaksóknari beinir þeim tilmælum til lögreglustjóra að huga að viðeigandi gagnaöflun varðandi umfang og afrakstur slíkrar ræktunar.

„Það er órökrétt að gera mikinn mun á því í refsingu hvort kannabisefni eða öðru ávana- og fíkniefni er smyglað til landsins frá erlendum framleiðanda og dreift hér á landi eða hvort framleiðsla og dreifing á efni er hjá sömu aðilum hér á landi,“ segir Daði Kristjánsson saksóknari, sem telur að Hæstiréttur hafi í nýgengnum dómum meðal annars fallist á ofangreind sjónarmið. Daði bendir á að til þyngingar þeirra hafi verið á því byggt að líta ætti til þess að mikið magn ávana- og fíkniefna kæmi úr ræktuninni og þeirrar hættu sem það hefði getað leitt til. Einnig ætti að líta til einbeitts brotavilja sakborninga. Þá hafi í öðru málinu verið upplýst að afurðir ræktunarinnar voru ætlaðar til sölu og dreifingar.

„Í þeim málum sem við höfum verið að sjá undanfarið hafa þessar meðalstóru og stærri ræktanir farið fram í húsnæði sem breytt hefur verið í ræktunarstöðvar,“ segir Daði. „Oft á tíðum hefur töluvert mikið verið lagt í aðstöðu til ræktunar. Jafnvel hefur komið fram í málum að þeir sem staðið hafa að brotastarfseminni hafi komið sér upp sjálfvirkum búnaði til að stjórna vökvun plantna og ljósastýringu til að draga úr mannaferðum til og frá húsnæði þar sem ræktun hefur farið fram. Jafnframt hefur verið komið upp sérútbúnu loftræstikerfi og myndavélakerfi til að leyna starfseminni og vakta hana. Brotastarfsemin ber þess merki að vera skipulögð.“ **jss@frettabladid.is**



**KANNABISVERKSMIÐJA** Í stærri kannabismálum sem komið hafa á borð ákæruvaldsins hefur verið um heilu ræktunarstöðvarnar að ræða, með fullkomnun tækja- og tæknibúnaði, segir Daði Kristjánsson saksóknari.

> Brotastarfsemin ber þess merki að vera skipulögð.
>
> **DAÐI KRISTJÁNSSON**
> SAKSÓKNARI HJÁ RÍKISSAKSÓKNARA

Eitt af stærri kvikmyndahúsum Norðurlanda opnar í Egilshöll í byrjun nóvember:

# Bankinn blés lífi í kvikmyndahúsið

**VIÐSKIPTI** Nýtt kvikmyndahús Sambíóanna opnar í Egilshöll í Grafarvogi snemma í nóvember. Nokkur ár eru síðan fyrirhugað var að opna dyr kvikmyndahússins en verkið var margsinnis lagt í salt.

Fasteignafélagið Nýsir átti Egilshöll en fór á hliðina í bankahruninu fyrir tæpum tveimur árum og stöðvuðust þá framkvæmdir. Landsbankinn tók við eignum Nýsis í fyrravor. Egilshöll er nú í eigu Regins, dótturfyrirtækis Landsbankans, sem blés nýju lífi í framkvæmdirnar. Þar á meðal lauk félagið við byggingu kvikmyndahússins.

Leiga á rekstri í öðru rými viðbyggingar Egilshallar var boðin út í ágúst og voru tilboð opnuð á fimmtudag. Reiknað er með að starfsemi í húsinu tengist öðru fremur afþreyingu bíóhússins og íþróttaiðkun.

Rekstur kvikmyndahússins var boðinn út fyrr á árinu og áttu Sambíóin hagstæðasta tilboðið. Svavar Sigþórsson, verkefnisstjóri Egilshallar, segir kvikmyndahúsið verða með þeim betri á Norðurlöndum. Salirnir eru fjórir, sýningartjöldin stærri en víða tíðkast og geta níu hundruð gestir sótt sýningar í höllinni. Gert er ráð fyrir þrjú hundruð þúsund bíógestum á ári. **- jab**



**BÍÓIÐ Í EGILSHÖLL** Kvikmyndahúsið í Grafarvoginum sem vígt verður innan tveggja mánaða er hið glæsilegasta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ódýrt í matinn
## tökum slátur!



# SLÁTUR MARKAÐUR

SS

í Hagkaup Skeifunni
byrjar í dag 23. sept.

Afgreitt frá kl. 14 - 18*

* Alla daga nema mánudaga og sunnudaga meðan birgðir endast

# ÓDÝRT Í HAGKAUP SKEIFUNNI

## Nautakjöt og grísakjöt í magnpakkningum

ÍSLANDS NAUT




ÍSLANDS GRÍS




### ½ Ungnautaskrokkur

Ca. 60-80 kg kjöt
Lund
File
Innralæri (roast beef)
Ribeye
Stroganoff
Snitsel
Gullas
Hamborgarar 14-18%
Hakk 10-14%

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI*

**1498**kr/kg

Aðeins í Skeifunni
*Lánið ber 3% lántökugjald.

### Nautakassi 1

Hakk 4 kg
Hamborgarar
20*100 gr stk.
Gúllas 2 kg
Snitsel 2 kg

**1449**kr/kg

Aðeins í Skeifunni

### Nautakassi 2

Hakk 3 kg
Hamborgara
20*100 gr stk.
Innralæri (roast beef)
ca. 2,5-3 kg kg
File ca. 2 kg

**1749**kr/kg

Aðeins í Skeifunni

### ½ Grísakjöt

Rifjasteikur 2 stk. 2,5-3 kg
Hnakkasneiðar ca. 1,5-2 kg
Kótelettur 4-5 kg
Bayonne skinka 1,5-2 kg
Bógur 2,5-3 kg
Hakk 4-5 kg
Steikur í neti úr læri
2 stk. x 3,5-4 kg

**949**kr/kg

Aðeins í Skeifunni

HAGKAUP
Ein ferð betra verð






Iðnaðarráðherra vill verja eignarhald á sameiginlegum auðlindum:

# Auðlindir þarf að skoða heildstætt

**ORKUMÁL** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir að verja þurfi sameiginlegt eignarhald þjóðarinnar á auðlindum og tryggja áhrif ríkisins á hvernig orkunni sé ráðstafað. Þetta sagði hún á málþingi um orkumál í gær, en það var haldið af stýrihópi ráðuneytisins um mótun heildstæðrar orkustefnu.

Ráðherra sagði að skoða þyrfti auðlindamál heildstætt þar sem tekið væri jafnt á orkumálum sem og fiskistofnum og olíuvinnslu.

„Skýran lagaramma þarf utan um hvernig á að verja varanlegt eignarhald þjóðarinnar á sameiginlegum auðlindum sínum og hvernig við úthlutum nýtingarrétti gegn sanngjörnu afgjaldi,“ sagði Katrín.



**AUÐLINDIR Í EIGU ÞJÓÐARINNAR** Iðnaðarráðherra segir ríkið ekki munu selja orkufyrirtæki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hún bætti því við að kostir fylgdu því að fá einkafjármagn inn í orkuvinnslu, hvort sem er innlent eða erlent, en ekki stæði til að selja orkufyrirtæki í eigu ríkisins.

Þá vildu stjórnvöld hafa áhrif á hvernig orku yrði ráðstafað. Í stað þess að ný og smærri verkefni þyrftu sífellt að mæta afgangi frá stóriðju vilja stjórnvöld stuðla að meiri fjölbreytni. Skilgreint verður hvers lags iðnaður sé fýsilegur og eftir það lagt kapp á að sækja slíkt til landsins. **- þj**

# Þurfa að sækja fé á lánsfjármarkað

**Gagnaveita Reykjavíkur nýtur trausts á lánsfjármarkaði segir framkvæmdastjóri. Leitar endurfjármögnunar lána og framkvæmdafjár án aðkomu Orkuveitu Reykjavíkur. Stefnubreyting ekki í spilunum, en skipunar stjórnar beðið.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Stefnubreyting og aðhald hjá Orkuveitu Reykjavíkur eftir meirihlutaskipti í borginni þarf ekki að þýða breytingar hjá Gagnaveitu Reykjavíkur, dótturfélagi Orkuveitunnar.

Þess er beðið að ný stjórn verði skipuð yfir Gagnaveituna, en ekki hafa fengist svör hjá forstjóra Orkuveitunnar um hvenær til standi að skipa hana. Ingvar Garðarsson, fráfarandi stjórnarformaður, segist ekki gera ráð fyrir að gamla stjórnin komi saman á ný. Aðalfundur hefur verið boðaður næstkomandi föstudag.



**BIRGIR RAFN ÞRÁINSSON**

Birgir Rafn Þráinsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur, segir að í seinni tíð hafi orðið til þokkaleg samstaða um verkefni Gagnaveitunnar. Hann segir tekjur af starfseminni umtalsverðar og aukast jafnt og þétt með örri fjölgun viðskiptavina.

„Segja má að við séum í miðri á í uppbyggingarstarfi, en frá 2005 erum við búin að ljósleiðaravæða tugþúsundir heimila,“ segir Birgir, en áætlanir Gagnaveitunnar gera ráð fyrir að lokið verði við að ljósleiðaravæða stóran hluta höfuðborgarsvæðisins árið 2014.

Orkuveita Reykjavíkur á allt hlutafé Gagnaveitunnar, en eftir ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar árið 2006 um fjárhagslegan aðskilnað, var ákveðið að stofna sérfélag um reksturinn. Birgir segir Gagnaveituna því á annarri bylgjulengd en Orkuveitan, með eigin fjármögnun, tekjustrauma og viðskiptalíkan. „Sparnaður í rekstri Gagnaveitunnar myndi ekki skila sér inn í rekstur Orkuveitunnar, því við tilheyrum ekki þeim rekstrarreikningi,“ segir hann og kveður ekkert gefa tilefni til að ætla að uppstokkun verði á stefnu Gagnvaveitunnar. „En auðvitað er það hlutverk stjórnar að móta stefnu hverju sinni.“



**LJÓSLEIÐARI LAGÐUR** Deilur vegna ljósleiðaralagningar á vegum Orkuveitu Reykjavíkur náðu hámarki á fyrri hluta þessa áratugar þegar verkefnið var undir hatti Línu. nets. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Birgir segist ekki vilja fara í þaula í tímasetningar tengdar fjármögnun Gagnaveitunnar. Fyrirtækið hafi þó ekki sóst eftir langtímafjármögnun á þeim kjörum sem í boði voru á almennum lánsfjármarkaði í fyrra. Gagnaveitunni hafi þó verið tekið vel af lánveitendum og haft tiltrú þeirra. Fyrirtækið þurfi hins vegar að endurfjármagna lán sín og bæta við á framkvæmdatímanum sem eftir er.

„Reksturinn skilar vissulega góðri afkomu upp í fjárfestingar, en eins og alltaf þegar byggðir eru upp stórir nýir innviðir þá þarf miklu meira en reksturinn skilar af sér strax í upphafi. Við höldum því áfram að sækja til almenna lánsfjármarkaðarins, bæði hvað varðar ný lán og endurfjármögnun og eigum von á að fá þar góðar viðtökur.“ **olikr@frettabladid.is**

Viðhorfsbreyting í Evrópu í kjölfar markaðsátaksins Inspired By Iceland:

# Átakið framlengt til áramóta

**FERÐAMENN** Markaðsátakið Inspired by Iceland virðist hafa borið nokkurn árangur í því að bæta ímynd Íslands á erlendri grundu, að því er fram kemur í tilkynningu frá framkvæmdanefnd átaksins. Vísað er til nýlegrar könnunar MMR sem mældi viðhorf til Íslands í Bretlandi, Þýskalandi og Danmörku.

Könnunin leiðir í ljós að á milli maí og ágúst jókst í öllum löndunum hlutfall þeirra sem sögðust jákvæðir fyrir því að ferðast til Íslands. Fjórðungsaukning var meðal Dana þar sem 67 prósent eru nú jákvæð fyrir Íslandsferð og 40 prósent telja líklegt að þau muni einhvern tíma leggja leið sína norður á Frón.

Hlutfall þeirra Breta sem sjá Ísland sem ákjósanlegan áfangastað í framtíðinni óx úr 26 prósentum upp í 39 prósent og hjá Þjóðverjum fór hlutfallið úr 48 prósentum upp í 60 prósent.

Alls telja 34 prósent Þjóðverja nú líklegt að þau eigi eftir að ferðast til Íslands og 21 prósent Breta.

Alls var gert ráð fyrir að kostnaður við átakið yrði 700 milljónir króna, en enn eru rúmar 100 milljónir ónýttar. Var því ákveðið að framlengja átakið til áramóta og verður áherslan nú lögð á Bretland og Bandaríkin. **- þj**



**INNBLÁSTUR** Markaðsátakið Inspired by Iceland virðist bera ávöxt og hefur verið framlengt til áramóta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lausnir fyrir heimili

**Landsbankinn ætlar sér stóran hlut í uppbyggingu íslensks efnahagslífs og mun þjónusta einstaklinga og fyrirtæki í greiðsluvanda af enn meiri krafti en áður. Bankinn setti nýverið á stofn Ráðgjafastofu einstaklinga sem sinnir þjónustu við þá sem standa frammi fyrir greiðsluerfiðleikum. Úrræði Landsbankans til að takast á við greiðsluvanda einstaklinga eru fjölmörg, t.d.:**

### ENDURÚTREIKNINGUR ERLENDRA FASTEIGNALÁNA

Einstaklingar með fasteignalán í erlendri mynt geta nú óskað eftir endurútreikningi lána sinna. Lánin verða endurreiknuð miðað við verðtryggða eða óverðtryggða vexti sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum nýrra almennra útlána hjá lánastofnunum. Úrræðið verður í boði um leið og endurútreikningi lána er lokið. Þeirri vinnu verður hraðað eins og hægt er.

### 5000 KR. AF HVERRI MILLJÓN Á MÁNUÐI

Einstaklingar með fasteignalán í erlendri mynt eiga kost á að greiða 5000 kr. af hverri milljón af upprunalegum höfuðstól lánsins þar til endurútreikningur liggur fyrir. Greiðsla af láni sem var upphaflega 10 milljónir króna verður 50.000 krónur á mánuði.

### 25% HÖFUÐSTÓLSLÆKKUN LÁNA

Viðskiptavinir með lán í erlendri mynt eiga kost á að sækja um 25% höfuðstólslækkun gegn því að lánunum sé breytt í óverðtryggð eða verðtryggð lán í íslenskum krónum.

### 110% AÐLÖGUN ÍBÚÐALÁNA

Einstaklingar með íbúðalán hjá Landsbankanum, hvort sem er í erlendri mynt eða íslenskum krónum, geta sótt um að lánið sé fært niður í 110% veðhlutfall af markaðsvirði eignar. Eftirstöðvar áhvílandi láns, umfram 110% af markaðsvirði íbúðarhúsnæðis, eru felldar niður.

Lausnirnar eru háðar nánari skilmálum.

Viðskiptavinir sem nýta sér úrræði bankans fyrirgera ekki rétti sínum leiði dómar eða lagasetning til betri niðurstöðu.

---

Hafðu samband við þjónustufulltrúa í næsta útibúi. Við tökum vel á móti þér um land allt.

Nánari upplýsingar á **landsbankinn.is**

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

ENNEMM / SÍA



LAUSNIR FYRIR HEIMILI | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvernig bit er algengast að þurfi að meðhöndla á bráðadeild Landspítalans?*

**2.** *Hvað ræður orkuverði í endurskoðuðum samningi Landsvirkjunar við álverið í Straumsvík?*

**3.** *Hvaða þingmaður kemur fram í fjölda erlendra heimildarmynda sem von er á, þar á meðal nýrri mynd Judith Ehrelich?*

**SVÖR**

**1.** *Mannabit.* **2.** *Verðbólga í Bandaríkjunum og heimsþróun raforkuverðs til álvera.* **3.** *Birgitta Jónsdóttir.*

Ríkið fær lokaviðvörun ESA:

## Átelja drátt á innleiðingu

**UTANRÍKISMÁL** Ríkið fékk í gær lokaviðvörun ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, vegna dráttar á innleiðingu Evróputilskipunar og reglugerðar um dýralyf.

„Tilskipunin bætir gildandi lög Evrópusambandsins um vörur til dýralækninga með það fyrir augum að auka öryggi, gæði og skilvirkni,“ segir í tilkynningu ESA, en í meðfylgjandi reglugerð er meðal annars listi yfir efni sem nauðsynleg eru við lækningar á hestum. „Ísland hefði átt að hafa innleitt tilskipunina fyrir 23. desember 2009 og reglugerðina fyrir 27. október 2007.“

Verði ekki bætt úr innan tveggja mánaða segist ESA kunna að fara með málið fyrir EFTA-dómstólinn. **- óká**

# Ætla að leysa ágreining um auðlindir á Norðurslóðum

**Vinsamlegt andrúmsloft hefur verið á ráðstefnu um norðurslóðir í Moskvu. Þrjú ríki gera tilkall til Lomonosov-hryggjarins, þar sem miklar auðlindir er að finna. Öll ríkin bjartsýn á að ná fram kröfum sínum.**

**RÚSSLAND, AP** Fulltrúar Rússa, Dana og Kanadamanna segjast staðráðnir í að fara samningaleiðina til að ná niðurstöðu um skiptingu Norðurskautsins. Öll ríkin eru bjartsýn á að ná fram kröfum sínum.

„Ég tel að við höfum sterk rök fyrir okkar tilkalli,“ segir Alexander Bedritskí, ráðgjafi Dmitrís Medvedev Rússlandsforseta. Rússar vonast til að Sameinuðu þjóðirnar fallist á tilkall þeirra til Lomonosov-hryggjarins, og þar með stóran hluta Norðurskautssvæðisins og þeirra auðlinda sem væntanlega er þar að finna.

Bæði Danir og Kanadamenn gera einnig tilkall til hryggjarins, en eiga rétt eins og Rússar eftir að færa fullmótuð rök fyrir tilkalli sínu og senda þau til Sameinuðu þjóðanna.

Ríkin þrjú vinna nú að öflun gagn með mælingum á hafsbotninum til þess að renna stoðum undir kröfur sínar.

Í Moskvu stendur nú yfir tveggja daga ráðstefna um norðurslóðir. Meðal þátttakenda á ráðstefnunni er Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands.

Talið er að fjórðungur allrar þeirrar olíu og gass sem er að finna í jörðu sé undir Lomanosov-hryggnum, þannig að til mikils er að vinna. Hlýnun jarðar veldur auk þess því að innan fárra áratuga verður orðið skipafært á

> Við munum verja hagsmuni okkar á Norðurslóðum með öllum þeim friðsamlegu leiðum sem ráð er gert fyrir í alþjóðasamningum.
>
> **ALEXANDER BEDRITSKÍ**
> RÁÐGJAFI DMITRÍS MEDVEDEV

sumrin yfir Norðurskautið, sem gefur svæðinu stóraukið vægi.

Christian Marcussen, danskur sérfræðingur á ráðstefnunni í Moskvu, segir að öll ríkin geti náð viðunandi árangri verði samningaleiðin farin.

„Ef öll strandríkin fara að lögum er hægt að jafna þennan ágreining, jafnvel þótt kröfurnar skarist,“ sagði hann.

Rússar tóku í sama streng, þótt Dmitrí Medvedev forseti hafi reyndar í síðustu viku sagst hafa áhyggjur af því að Atlantshafsbandalagið hafi látið til sín taka á norðurslóðum.

„Ég held ekki að þetta muni leiða til átaka, jafnvel þótt sum ríki hafi talað um að efla herstyrk sinn,“ sagði Bedritsky. „Við munum verja hagsmuni okkar á Norðurslóðum með öllum þeim friðsamlegu leiðum sem ráð er gert fyrir í alþjóðasamningum.“

gudsteinn@frettabladid.is

### SLEGIST UM NORÐURSKAUTIÐ

**Rússland, Kanada og Danmörk gera tilkall til Lomonosov-hryggjarins, neðansjávarfjallgarðs sem talinn er luma á olíu og náttúrugasi í stórum stíl.**

**Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna:** Efnahagslögsaga fimm Norðurskautsríkja nær 200 sjómílur frá strandlengju þeirra.

**Lomonosov-hryggurinn:** Rússar segja hrygginn tengdan Síberíu, en Kanadamenn og Danir segja hann framhald af landgrunni þeirra.




HEIMILD: © GRAPHIC NEWS



Dreginn fyrir dómstóla þrátt fyrir að hafa verið sleppt eftir að hafa smyglað fíkniefnum sem ekki voru á skrá:

# Ákært fyrir amfetamínafbrigði sem olli vanda

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært tvo karlmenn fyrir stórfellt fíkniefnabrot. Þeim er gefið að sök að hafa staðið að ólögmætum innflutningi á tæpum fjórum kílóum af svokölluðu 4-flúoroamfetamíni frá Hollandi hingað til lands.

Þetta mál, sem kom upp í desember á síðasta ári, vakti mikla athygli því 4-flúoramfetamín, sem er náskylt amfetamíni var ekki á skrá hér á landi yfir ávana- og fíkniefni sem óheimil eru á íslensku forráðasvæði. Manninum sem flutti efnin til landsins var því sleppt úr haldi. Sjálfur bar hann að hann hefði talið sig vera að smygla um það bil einu kílói af lyktarlausu kókaíni.

Maðurinn, sem er á þrítugsaldri, hefur nú verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir að hafa staðið að ólögmætum innflutningi á rúmum 3,7 kílóum af 4-flúoróamfetamíni, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni hér á landi. Í ákæru segir að hann hafi tekið við efnunum í Hollandi og flutt hingað til lands með flugi frá Berlín að beiðni hins mannsins sem ákærður er í málinu. Tollverðir fundu efnin falin undir fölskum botni ferðatösku við komu mannsins til Keflavíkurflugvallar. Meintur skipuleggjandi er tæplega þrítugur að aldri.

Við þingfestingu málsins játaði hið meinta burðardýr að hafa flutt inn ofangreint magn af 4-flúoramfetamíni í umrætt sinn í þeirri trú að um hafi verið að ræða kókaín. Hann gerði fyrirvara um að hið innflutta efni væri ólögmætt. Hinn, sem sakaður er um skipulagningu smyglsins neitaði sök. **- jss**



**Í TÖSKUNNI** Fíkniefnin fundust falin undir fölskum botni í ferðatösku mannsins við komuna til landsins.


Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is


Þorbjörg Elín Friðriksdóttir safnaði rúmum tveimur milljónum fyrir HSS:

# Safnar áfram tækjum fyrir sjúklinga

**SAMFÉLAGSMÁL** Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) fékk góðar gjafir á dögunum, en Þorbjörg Elín Friðriksdóttir og fjölskylda afhentu stofnuninni ytri öndunarvél, vökvadælu, og tvo hjólastóla. Þessi tæki eru afrakstur söfnunar sem Þorbjörg hefur staðið fyrir, en hún er sjálf sjúklingur á HSS.

Veikindi Þorbjargar voru einmitt kveikjan að þessari söfnun að hennar sögn. „Ég kom eitt kvöldið og ætlaði að ganga beint að öndunarvélinni, en þá var annar sjúklingur að nota hana og þá þurfti að fá aðra vél innan úr Reykjavík. Ég nefndi þetta við móður mína daginn eftir og hún sagði að við skyldum bara safna fyrir nýrri vél."

Þorbjörg skrifaði bréf til allra kvenfélaga og verkalýðsfélaga á Suðurnesjum, sem og bæjarfélaga, en hæsta framlagið kom frá Sjálfsbjörg, sem gaf 455.000 krónur. Alls söfnuðust 2,4 milljónir króna.

Þorbjörg lætur ekki staðar numið nú, því hún ætlar að halda áfram með söfnunina og hefur sett sér það takmark að safna fyrir sjónvarpstækjum á allar stofur á legudeild, alls fimmtán stofur. **- þj**



**GÓÐAR GJAFIR** Þorbjörg og fjölskylda með starfsfólki HSS við tækin góðu. Þeir sem vilja leggja söfnuninni lið geta lagt inn á 542-14-401515, kennitala 061051-4579.





BOSCH

Hrærivél - MUM 4405

Hún er komin aftur!

Vélin sem hefur verið elskuð og dáð í íslenskum eldhúsum í áraraðir.

Tækifærisverð: 23.900 kr. stgr.

(Fullt verð: 28.900 kr.)

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000

www.sminor.is







**NÁUNGAKÆRLEIKUR** Þetta er ekki Útilegumaðurinn hans Einars Jónssonar heldur íbúi í Fareedabad í Pakistan að bera aldraðan nágranna sinn í áttina að þyrlu, þegar flytja þurfti íbúa brott vegna flóða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu ræddar á málfundi laganema í HR:

# Rannsóknir háðar tilteknum brotum

**LÖGGÆSLA** Forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu voru til umræðu á málþingi sem Lögrétta, félag laganema í Háskólanum í Reykjavík (HR) stóð fyrir í gær.

Framsögumenn voru hæstaréttarlögmennirnir Jóhannes Rúnar Jóhannsson og Guðrún Sesselja Arnardóttir, ásamt Jóhanni R. Benediktssyni, fyrrverandi lögreglustjóra á Suðurnesjum.

Í framsögum var meðal annars rifjað upp mat greiningardeildar ríkislögreglustjóra frá 2008 þar sem segir að lögreglu skorti heimildir þessar til að rannsaka mál án þess að fyrir liggi rökstuddur grunur um tiltekið afbrot. Er það lykilatriði málsins. Lögmennirnir lýstu efasemdum og sagði Guðrún meðal annars lögreglu hingað til hafa unnið gott starf við að upplýsa glæpi og koma í veg fyrir fleiri, með gildandi heimildum.

Jóhann R. sagði hins vegar að skipulögð glæpastarfsemi væri staðreynd hér á landi og þó lítil hætta væri á hryðjuverkum nú, væru hlutir fljótir að breytast og þess vegna væri þörf á að lögregla hefði umræddar heimildir, líkt og tíðkast í nágrannalöndunum. - þj



**RÆDDU RANNSÓKNARHEIMILDIR** Jóhann R. Benediktsson var meðal framsögumanna á fundinum í HR. Hann segir þörf á heimildunum í síbreytilegri veröld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jafnréttisnefndir um ofbeldi:

# Auka fræðslu og umræðu

**JAFNRÉTTISMÁL Jafnréttisnefndir sveitarfélaganna skora á sveitarfélögin í landinu að taka afgerandi afstöðu gegn kynbundnu ofbeldi meðal annars með því að auka fræðslu til að uppræta það og tryggja að karlar jafnt sem konur taki þátt í umræðunni.**

**Var þetta gert í framhaldi landsfundar jafnréttisnefndanna sem haldinn var á Akureyri. Nefndirnar lýsa yfir ánægju sinni með nýtt námsefni í kynjafræðum fyrir skóla sem gefið hefur verið út á síðustu tveimur árum.** - sv

Lagt hald á 3,5 milljarða:

# Grunur leikur á peningaþvætti í Páfagarði

**PÁFAGARÐUR Fjármálayfirvöld á Ítalíu hafa lagt hald á jafnvirði 3,5 milljarða króna á bankareikningi Páfagarðs í bankanum Credito Artigiano í Róm. Grunur leikur á um að bankinn hafi gerst brotlegur við lög um peningaþvætti.**

**Það var ítalskt fjármálafyrirtæki sem lét seðlabanka Ítalíu vita af því að viðskipti banka Páfagarðs stönguðust hugsanlega á við lög. Bæði stjórnarformaður og framkvæmdastjóri bankans sæta rannsókn.**

**Talsmaður Páfagarðs sagðist furðu lostinn, en Páfagarður má varla við fjármálahneyksli ofan í kynferðisbrotahneykslin undanfarið.** - gb, jab

Skilyrði fyrir aflléttingu gjaldeyrishafta kunna að skapast í kjölfar endurskoðunar AGS á efnahagsáætluninni:

# Virkir stýrivextir ekki lægri í tæp sex ár

**EFNAHAGSMÁL** Ekki þarf að endurskoða þær staðhæfingar Seðlabankans að botninum sé náð þrátt fyrir ónákvæmar hagtölur, að mati forvígismanna Seðlabankans. Þeir telja það versta að baki í efnahagslífinu þótt enn séu nokkrir óvissuþættir sem skyggi á framtíðina.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri gerði í gær grein fyrir þeirri ákvörðun peningastefnunefndar bankans að lækka stýrivexti um 75 punkta í 6,25 prósent. Vextir á viðskiptareikningum innlánsreikninga, sem urðu hinir eiginlegu virku stýrivextir eftir fall bankanna fyrir tæpum tveimur árum, lækka í 4,75 prósent og hafa þeir ekki verið lægri síðan í nóvember 2004.

Í rökstuðningi nefndarinnar kemur fram að verðbólga hafi haldið áfram að hjaðna, tólf mánaða verðbólga hafi mælst 4,5 prósent í ágúst. Til samanburðar mældist hún 10,9 prósent á sama tíma í fyrra. Slaki í þjóðarbúskapnum og gengishækkun krónunnar, sem hækkaði um hálfa prósentu gagnvart evru frá síðasta vaxtaákvörðunarfundi, styðji við áframhaldandi verðbólguhjöðnun. Enn er gert ráð fyrir efnahagsbata á seinni hluta árs, líkt og fyrri spá Seðlabankans gerði ráð fyrir.

Már benti á að horfur séu á að þriðja endurskoðun efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ljúki fyrir lok mánaðarins. Eftir það verði skilyrði til að aflétta gjaldeyrishöftum.

Greiningaraðilar, sem spáðu 100 punkta lækkun, segja að sú staðreynd að vextirnir lækkuðu ekki meira sé vísbending um að Seðlabankinn sé að undirbúa skref í átt til afnáms haftanna. - jab



**BENT Á VAXTARÓFIÐ?** Aðstæður er fyrir frekari slaka á peningalegu aðhaldi, að mati seðlabankastjóra. Það felur í sér frekari lækkun vaxta. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Óvíst með álver í Helguvík

Hagspá Seðlabankans frá því fyrr á árinu hefur ekki gengið nákvæmlega eftir og bendir margt til þess að efnahagslægðin vari lengur en gert var ráð fyrir. Helsta frávikið liggur í töfum á stóriðjuframkvæmdum, ekki síst framkvæmdum við væntanlegt álver í Helguvík. Fram kom í máli Þórarins G. Péturssonar, aðalhagfræðings Seðlabankans, að þótt verkinu hafi seinkað ítrekað sé of snemmt að segja til um hvort það verði slegið út af borðinu.




# Lausnir fyrir fyrirtæki

**Landsbankinn ætlar sér stóran hlut í uppbyggingu íslensks efnahagslífs og mun þjónusta fyrirtæki og einstaklinga í greiðsluvanda af enn meiri krafti en áður. Bankinn mun setja á stofn sérstakt svið sem eingöngu sinnir málum sem lúta að endurskipulagningu fyrirtækja. Úrræði Landsbankans til að takast á við greiðsluvanda fyrirtækja eru mörg, t.d.:**

**LÁN FÆRÐ Í 90% AF EIGNAVIRÐI GEGN EIGINFJÁRFRAMLAGI**
Miðað er við að færa skuldir í 90% af heildarvirði eða endurmetnu eignavirði gegn því að eigandi greiði a.m.k. 10% af heildarvirði. Ef eigandi greiðir umfram 10% inn á lánið er hægt að lækka skuldir um 1,5 krónur á móti hverri krónu eiginfjár á meðan skuldir eru umfram 70% af heildarvirði eða eignavirði.

**LÁN FÆRÐ Í 100% AF EIGNAVIRÐI ÁN EIGINFJÁRFRAMLAGS**
Miðað er við að færa skuldir í 100% af heildarvirði eða endurmetnu eignavirði hjá fyrirtækjum með skuldir undir 750 m.kr. ef eigandi getur ekki lagt til lágmarks eigið fé. Úrræðið á við um fyrirtæki þar sem reksturinn byggir fyrst og fremst á eigendunum sjálfum.

**25% HÖFUÐSTÓLSLÆKKUN LÁNA**
Fyrirtæki með lán í erlendri mynt eiga kost á að sækja um 25% höfuðstólslækkun gegn því að lánunum sé breytt í óverðtryggð eða verðtryggð lán í íslenskum krónum. Úrræðið á við um fyrirtæki sem eru með meira en 50% af tekjum í íslenskum krónum eða eru ekki með beina tengingu við erlenda gjaldmiðla.

**FRYSTING – GREIÐSLA Á VÖXTUM ÁSAMT HLUTA AFBORGANA**
Hægt er að fá frestun á hluta eða öllum afborgunum lána í 12-24 mánuði ef fyrirtæki getur staðið undir greiðslu á vöxtum ásamt hluta afborgana.

Lausnirnar eru háðar nánari skilmálum.

Viðskiptavinir sem nýta sér úrræði bankans fyrirgera ekki rétti sínum leiði dómar eða lagasetning til betri niðurstöðu.

---

Hafðu samband við fyrirtækjasérfræðing í næsta útibúi.
Við tökum vel á móti þér um land allt.

Nánari upplýsingar á **landsbankinn.is**



LAUSNIR FYRIR FYRIRTÆKI | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.
ENNEMM / SÍA

# RISA
# TAX FREE DAGAR

**ALLT Í EINNI FE**

SNYRTIVÖRUR...FA
BÚSÁHÖLD...GARN
KERTI...SERVÍETTU

*Fatnaður og skór á alla fjölskylduna!*









*Búsáhöld fyrir heimilið!*

*Leikföng fyrir káta krakka!*

**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

# AFNEMUM VSK

## 23.-26. september

RÐ...

TNAÐUR...SKÓR...LEIKFÖNG...
N...RÚMFÖT... HANDKLÆÐI...
R

**...ÁN VIRÐISAUKASKATTS**
DAGANA 23. - 26. SEPT.





# RISA TAX FREE DAGAR

*Frábært úrval af snyrtivörum fyrir alla fjölskylduna!*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 26. september 2010.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## Verð á haframjöli




Heimild: Hagstofa Íslands.

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** Árni Svanur Daníelsson, verkefnisstjóri á Biskupsstofu

## *Notaði sama hjólið í tólf ár*



Árni Svanur Daníelsson, verkefnisstjóri á Biskupsstofu, var hefðbundinn menntaskólanemi. Hann tók þátt í því sem fylgdi menntaskólagöngunni, bílakaupum og öðru. Þar til hann varð átján ára. Þá gerði hann uppreisn. „Ég keypti mér hjól. Þetta var hvítt Mongoose-fjallahjól sem ég notaði til að hjóla í skólann og háskólann. Það var nú dýrt þegar ég keypti það en alveg frábært farartæki, sem hélt manni í góðu formi og virkaði mjög vel og var mjög ódýrt í rekstri. Ég notaði það í tólf ár þangað til því var stolið fyrir utan Háskólann. Ég hef aldrei átt bíl sem entist svo lengi. Þetta eru þau kaup sem standa upp úr sem þau bestu," segir Árni Svanur.

Verstu kaupin eru nýleg. „Það er alltaf verið að tala um að maður eigi að eyða í upplifanir og ég hef mikla trú á því. Við í fjölskyldunni keyptum þess vegna leikhúsmiða síðasta haust – bæði kort í Borgarleikhúsið og Þjóðleikhúsið. En það var bara of mikið og virkaði ekki betur en svo en að við fórum ekki nógu mikið í leikhús og kláruðum ekki nema hluta af miðunum. Ég sé dálítið eftir þessu því að það er ekkert sniðugt að kaupa afsláttarmiða í leikhús ef maður notar þá ekki. Þá eru það bara dýrir miðar."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### VASKAR STRAX UPP

*Atli Gíslason, þingmaður VG, segir róandi að ganga frá leirtauinu.*



„Það er mikilvægt að vaska alltaf strax upp eftir matinn. Ég hef gert það handvirkt allt þar til ég flutti í desember. Þá eignaðist ég uppþvottavél. Ég sakna þess því þetta hafa verið með notalegustu stundum sem ég hef átt. Uppvask er róandi," segir Atli Gíslason, sem hefur verið í eldlínunni upp á síðkastið sem formaður þingnefndar um niðurstöðu rannsóknarskýrslu Alþingis. „Ég þvæ allt upp úr sápuvatni og skola með heitu vatni. Síðan set ég allt á grind og þurrka áður en ég geng frá."

### NOKKUR GÓÐ RÁÐ UM VIÐSKIPTI Á NETINU

- Ekki bjóða í hlutinn nema þú getir staðið við boðið.
- Prófaðu hlutinn áður en þú kaupir. Láttu setja rafmagnstæki í gang.
- Sendu tilboð með einkaskilaboðum.
- Skoðaðu dagsetningu á auglýsingu. Oft er fólk tilbúið að slá af upphæðinni ef það er búið að hafa auglýsingu lengi í gangi. Ef tilboðinu er hafnað, prófaðu aftur viku til tveimur seinna.

**Ef þú ert að fá hlut gefins:**

- Vertu viss um að bíllinn sem þú kemur á til að sækja hlutinn sé nægilega stór.
- Taktu einhvern með þér til að bera hlutinn ef hann er stór og þungur. Ekki krefja gefandann um aðstoð.

# Mun fleiri notendur eftir hrunið

**Hátt hlutfall Íslendinga notar auglýsingasíður eins og Barnaland.is til viðskipta sín í milli. Það eru 200 þúsund skráðir notendur á sex stærstu síðunum hér á landi. Auglýsingaflokkar á síðunum eru afar fjölbreyttir og svo virðist sem fólk selji þar allt frá húsgögnum og barnafötum upp í hreingerningaþjónustu og barnapíustörf.**

Alls eru skráðir um 200 þúsund notendur á smáauglýsingavefjum á landinu. Barnaland.is hefur um 140 þúsund skráða notendur, þar af eru um 60 þúsund sem fara um síðuna vikulega. Vefsíðum, þar sem einstaklingar geta auglýst hinar ýmsu vörur og þjónustu í ókeypis smáauglýsingum, hefur fjölgað mikið á síðustu árum og er Barnaland ein sú elsta og vinsælasta hér á landi. Hún var stofnuð árið 2000 og var hin fyrsta sinnar tegundar hér á landi.

Ingi G. Ragnarsson, vefstjóri Barnalands, segir hlutverk Barnalands þríþætt. Þar hefur fólk vettvang fyrir smáauglýsingar, umræður og heimasíður barna sinna. Það síðastnefnda hefur þó tekið að dala talsvert síðan samskiptavefurinn Facebook varð vinsæll. Umræðum hafa eigendur Barnalands beint yfir til annarrar vefsíðu í þeirra umsjá, Er.is, en hún tengist sama gagnagrunni og Barnaland hvað varðar smáauglýsingar, sem sækja nú stöðugt í sig veðrið.

„Við erum með langstærsta listann yfir barnapíur og dagforeldri á landinu. Það hefur verið svolítið falið leyndarmál hjá okkur fram til þessa," segir Ingi.

Nýskráningar smáauglýsinga á vefnum jukust mikið eftir hrun og samantekt eins mánaðar hafi eitt sinn skilað um 4.000 nýskráðum farartækjum í smáauglýsingar.



**FLÓAMARKAÐUR** Það eru fleiri staðir en Kolaportið og bakgarðar sem bjóða upp á notaða hluti á góðu verði.

Ingi segir jafnframt að erfitt sé að fylgja auglýsingaflokkum eftir, en húsgögn, barnavörur og ýmis þjónusta eru meðal þess sem virðist vera vinsælast að auglýsa á Barnalandi.

Um tíu notendur Barnalands vinna við eftirlit inni á síðunni og tilkynna ef þeir verða varir við auglýsingar eða umræður sem þykja á einhvern hátt vafasamar. Ingi segir lögregluna hafa samband á tveggja til þriggja mánaða fresti og fari fram á upplýsingar um vissa notendur.

„Fólk hefur sett inn þýfi á síðuna," segir hann. „Þegar slíkt kemst upp hefur lögreglan samband og ef hún kemur með dómsúrskurð um málið gefum við þeim allar notendaupplýsingar, þar á meðal IP-tölur," segir Ingi.

sunna@frettabladid.is

### Íslenskar smáauglýsingasíður og fjöldi notenda

| Heiti | Slóð | Skráðir notendur |
|---|---|---|
| Barnaland | www.barnaland.is | 140.000 (60.000 virkir)* |
| Er.is | www.er.is | 140.000 (60.000 virkir)* |
| Kassi.is | www.kassi.is | 60.000 |
| Haninn.is | www.haninn.is | 14.750 |
| Selja.is | www.selja.is | 3.000 |
| Allskonar.is | www.allskonar.is | 1.350 notendur (stofnað í júní 2010) |
| Nid.is | www.nid.is | 700 heimsóknir á dag |

* Barnaland.is og Er.is hafa sameiginlega notendur og gagnagrunn

ÍSLENSKA/SIA.IS/LAE 51329 09/10

Í hjarta Reykjavíkur

101 SKUGGAHVERFI HEFUR EFTIRFARANDI FASTEIGNIR TIL SÖLU, Í HEILD EÐA AÐ HLUTA:

**VATNSSTÍG 16-18**, 40 íbúðir, 5.665 birtir m²
**VATNSSTÍG 14**, 8 íbúðir, 1.007 birtir m²
**LINDARGÖTU 37**, 31 íbúð, 3.755 birtir m²

Fasteignirnar afhendast á ólíkum byggingarstigum.

Auk þess er til sölu byggingarréttur fyrir:
**LINDARGÖTU 39**, 3.789 birtir m²
**VATNSSTÍG 20-22**, 5.822 birtir m²

*101 Skuggahverfi er þyrping íbúðabygginga í miðborg Reykjavíkur á einum fegursta útsýnisstað borgarinnar þar sem íbúarnir njóta nálægðar við iðandi mannlíf og þjónustu sem miðborgin hefur upp á að bjóða.* ***Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Hátúni 2B í síma 594-4210/660-4210, netfang: thorsteinn@101skuggi.is***




101 Skuggahverfi

101 Skuggahverfi | Hátúni 2b | 105 Reykjavík
Sími 594 4200 | Fax 594 4201 | www.101skuggi.is

LANDEY

Landey ehf. er dótturfélag Arion banka og fer með eignarhald bankans á nýbyggingum og fasteignarþróunarverkefnum sem bankinn hefur tekið yfir.

Tveir belgískir biskupar:

# Vilja ræða skírlífiskvöð presta

**BELGÍA, AP** Tveir kaþólskir biskupar í Belgíu, þeir Patrick Hoogmartens frá Hasselt og Jozef de Kesel frá Brugge, segja tíma kominn til þess að kaþólska kirkjan ræði hvort afnema beri skírlífiskvöð presta.

Báðir sögðu þeir í predikunum á sunnudag að kvænta menn þurfi ekki endilega að útiloka frá því að geta gerst prestar.

Þetta segja þeir þegar háværar umræður eru í Belgíu um kynferðisbrot kaþólskra presta þar í landi gegn börnum. - gb

Bresk rannsókn á öskunni úr gosinu í Eyjafjallajökli gefur jákvæðar niðurstöður:

# Ekki er útlit fyrir heilsutjón vegna gossins

**ELDGOS** Gosið í Eyjafjallajökli kemur ekki til með að hafa mikil áhrif á heilsu Íslendinga. Kemur þetta fram í nýrri, breskri rannsókn sem gerð var á vegum Durham-háskóla sem sérhæfir sig í rannsóknum og greiningu á hættu í umhverfinu.

Fjórtán ólíkum sýnum var safnað víðsvegar á landinu og leiddu niðurstöður rannsókna á þeim í ljós að töluverð aska hefur verið í andrúmsloftinu á fyrstu vikum gossins. Þó virtist askan ekki vera í nægilega miklu magni til þess að hafa skaðleg áhrif á öndunarfæri fólks.

Dr. Claire Horwell, stjórnandi rannsóknarinnar, segir að askan úr Eyjafjallajökli sé tiltölulega fíngerð sem gerir henni þar af leiðandi kleift að fara ofan í öndunarfæri fólks og valda ertingu. Hins vegar var afar lítið af öðrum áhættuþáttum í öskunni sem geta valdið heilsufarsvandamálum. Afar lítið virtist vera um eitruð steinefni sem er afar jákvætt, að sögn Horwell.

Dr. Beter Baxter, sérfræðingur í heilsufarstjóni af völdum eldgosa við Camebridge-háskóla, tekur undir orð Horwell. Hann segir niðurstöður úr öskusýnunum benda sterklega til þess að áhætta á heilsufarsvandamálum í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli séu litlar. - sv



**ASKAN ÚR EYJAFJALLAJÖKLI** Seljavellir var eitt af þeim landsvæðum sem urðu grá af ösku í kjölfar gossins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**NAUTHÓLSVÍK** Einn vinsælasti staður sjósundsfólks er í Fossvoginum.

Sjósundsgarpar varaðir við:

# Gerlamengun í Nauthólsvík

**HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ráðleggur fólki að fara ekki í sjósund í Nauthólsvík dagana 27-29. september vegna mögulegrar saurgerlamengunar í tengslum við viðgerð á dælustöð fráveitukerfisins.**

**Heilbrigðiseftirlitið segir viðgerðirnar, sem verði á dælustöð við Hafnarbraut í Kópavogi, skapi hættu á að saurgerlamengun í sjó verði yfir viðmiðunarmörkum á framkvæmdatímanum og daginn eftir að þeim ljúki.** - gar

Flokksþing í Norður-Kóreu:

# Leiðtogaskipti í undirbúningi

**NORÐUR-KÓREA, AP** Kommúnistaflokkurinn í Norður-Kóreu hefur ákveðið að landsþing verði haldið 29. september næstkomandi. Þetta þykir benda til þess að Kim Jong Il, leiðtogi flokksins og einræðisherra landsins, ætli hugsanlega að nota þennan vettvang til þess að gera yngsta son sinn, Kim Jong Un, að arftaka sínum, eða í það minnsta fá honum mikilvæga stöðu sem býr hann undir að taka við þegar faðirinn hættir.



**KIM JONG IL**

Landsþing Kommúnistaflokksins í Norður-Kóreu hefur ekki verið haldið síðan árið 1980 þegar Kim Jong Il, sem þá var 38 ára, kom fyrst fram með föður sínum, Kim Il Sung, leiðtoga landsins frá stofnun.

Ljóst þótti þá að Kim Jong Il ætti að taka við stjórn landsins. - gb

Átök við Lundann í Eyjum:

# Kærði líkamsárás til lögreglu

**LÖGREGLUMÁL Tveir af gestum veitingastaðarins Lundans í Vestmannaeyjum lentu í vikunni sem leið í orðaskaki sem endaði með því að annar kýldi hinn.**

**Fékk sá sem fyrir högginu varð glóðarauga og skurð á augabrún og þurfti að leita læknis vegna áverkanna. Árásarmaðurinn var handtekinn og fékk að gista í fangageymslu þar til víman rann af honum. Fórnarlambið hefur kært líkamsárás til lögreglunnar í Vestmannaeyjum.** - jss



viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**35,8 MILLJARÐAR KRÓNA** var veltan á skuldabréfamarkaði í gær. Önnur eins velta á skuldabréfamarkaði hefur ekki sést á einum degi síðan í bankahruninu 7. október árið 2008. Næstveltumesti dagurinn eftir hrun var 20. september síðastliðinn.

# Arion fær skell vegna Haga

**Hlutafjárvirði Haga hleypur á tíu til 21 milljarðs króna. Óvíst er hvernig himinháum skuldum verður breytt. Ekki er útilokað að sá fjárfestir sem kaupir félagið greiði lítið en fái ellefu milljarða króna skuldir í heimanmund.**

Arion banki gæti þurft að afskrifa hluta af skuldum Hagasamstæðunnar eða breyta skuldum í hlutafé áður en félagið verður selt eða skráð á markað. Önnur leiðin væri að selja félagið fyrir tiltölulega lága fjárhæð en láta milljarðaskuldir samstæðunnar fylgja með í kaupunum. Afskriftirnar koma til viðbótar niðurfærslu á tugmilljarða láni bankans til 1998, móðurfélags Haga. Óvíst er hver mikil sú niðurfærsla verður.

Hagar, móðurfélag Hagkaupa, Bónuss og fjórtán annarra verslana, er með þrettán milljarða króna skuld sem fellur á gjalddaga í lok þarnæsta rekstrarárs 2012, líkt og fram kemur í nýbirtum ársreikningi. Rekstrarári Haga lýkur í febrúarlok. Lán félagsins er óverðtryggt í íslenskum krónum.



**KEYPT INN HJÁ HÖGUM** Haga-samstæðan er mjög skuldsett og eiginfjárhlutfallið ekki ásættanlegt. Sá sem kaupir félagið gæti fengið félagið á lágu verði en þurft að taka við milljarðaskuldum sem á að greiða eftir tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eiginfjárhlutfall Haga í lok rekstrarársins var 10,3 prósent samanborið við 10,8 prósent árið á undan. Fram kemur í óformlegu mati IFS að Haga-samstæðan sé of skuldsett og eiginfjárhlutfallið of lágt. Eðlilegra væri ef það lægi í kringum þrjátíu til fjörutíu prósenta í stað tíu.

IFS hefur jafnframt gert óformlegt mat á hugsanlegu virði hlutafjár Haga. Miðað er við að hlutafjárvirði félagsins gæti hlaupið á allt frá tíu milljörðum króna til rétt rúmlega átján. Allt fer það eftir þeim margfaldara sem stuðst er við. Miðað er við margfaldarann 7,0 sem hlutfall heildarvirðis á móti rekstrarhagnaði og sambærilegur við margfaldara verslanasamstæða í öðrum löndum, er virði Haga tæpir 14,2 milljarðar króna. Rekstrarkostnaður í fyrra var hins vegar hár vegna væntanlegrar skráningar samstæðunnar á markað. Að teknu tilliti til þess hækkar virðið um 6,7 milljarða króna, í tæpan 21 milljarð króna.

Ekki er tillit tekið til sölu á verslunum 10-11 úr Haga-samstæðunni í mati IFS.

jonab@frettabladid.is

## Skipting Haga er jákvætt skref

Verslanir 10-11 voru teknar út úr Haga-samstæðunni í kjölfar tilmæla Samkeppniseftirlitsins eftir yfirtöku Arion banka á Högum í fyrrahaust. Þar var mælst til þess að allir möguleikar yrðu skoðaðir til að selja Haga í fleiri en einum hluta í því skyni að örva samkeppni. „Við settum einnig bönkunum almenn tilmæli í nóvember 2008 þar sem mælst var til þess að við endurskipulagningu fyrirtækja skyldi huga að því að örva samkeppni. Með tilliti til þess er þetta jákvætt skref," segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins. Hann bætir við að samkeppnisleg áhrif af skiptingu Haga eigi eftir að koma í ljós. „Það skiptir máli hvernig kaupandi 10-11 spilar úr því."

Samkeppniseftirlitið hefur ekki heimild til að skipta sér af starfsemi markaðsráðandi fyrirtækja. Stjórnarfrumvarp hefur legið á borði Alþingis frá vordögum sem gæti veitt eftirlitinu heimild til þess. „Það er alltof snemmt að dæma um það á þessu stigi í hvaða tilvikum slíkri heimild yrði beitt. Það yrði aðeins gert að undangenginni rannsókn," segir Páll Gunnar.

Verslanir 10-11 eru 23 og fækkar verslunum Haga við það úr 61 í 38. Velta verslananna nam um sjö prósentum af heildarveltu samstæðunnar. Í tilkynningu frá Arion banka sagði að við breytinguna fækki matvöruverslunum Haga um röskan þriðjung. Hagar hafa ekki gefið upp hlutfall verslana 10-11 innan Haga-samstæðunnar, samkvæmt svari frá Högum.



**FORSTJÓRINN** Finnbogi Baldvinsson er forstjóri Icelandic Group. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Icelandic Group í Kauphöll:

## Í hópi margra hæfra félaga

Framtakssjóður Íslands stefnir að því að skrá sjávarútvegsfyrirtækið Icelandic Group á hlutabréfamarkað innan tveggja ára. Ekki er útilokað að félagið verði skráð tvíhliða, hér og erlendis. Icelandic Group heyrir undir eignarhaldsfélagið Vestia, sem Framtakssjóðurinn keypti af Landsbankanum í síðasta mánuði.

Landsbankinn tók yfir rekstur Icelandic Group, sem áður hét Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, óformlega í kjölfar bankahrunsins fyrir rétt rúmum tveimur árum. Félagið var áður að mestu í eigu félaga Björgólfs Guðmundssonar, fyrrverandi formanns bankaráðs Landsbankans. Félagið var á hlutabréfamarkaði en afskráð á fyrri hluta árs 2008.

Icelandic Group var á meðal 21 félags sem Fréttablaðið taldi hæft til skráningar í Kauphöll í júní. Á meðal annarra voru Hagar, sem unnið er að skrá á næstu mánuðum.

- jab

Fíton/SÍA

# Er verðtryggingin velferðarkerfi fjármagnseigenda?

**Vextir, verðbólga og verðtrygging á 90 mínútum**

**Ráðstefna á vegum VR haldin fimmtudaginn 30. september kl. 12–13:30 í Háskólanum í Reykjavík, stofu V1.02 (Betelgás).**

Kynnt verður skýrsla sem VR hefur látið gera um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Skýrsluna vann Már Wolfgang Mixa með aðstoð Jóns Þórs Sturlusonar fyrir tilstilli Stofnunar um fjármálalæsi við Háskólann í Reykjavík. **Skráning er á www.vr.is.**

Í framhaldi kynningar á skýrslunni verða stutt framsöguerindi um vexti, verðtryggingu og húsnæðismál frá ýmsum sjónarhornum og að lokum pallborðsumræður.

Boðið er upp á kaffi og kleinur fyrir ráðstefnugesti.

**Fundarstjóri er Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi.**

**Dagskrá**

| | |
|---|---|
| Kl. 12.05–12:20 | Már Wolfgang Mixa, skýrsluhöfundur, kynnir helstu niðurstöður skýrslunnar |
| Kl. 12.20–12.35 | Katrín Ólafsdóttir, lektor við Viðskiptadeild í Háskólanum í Reykjavík, fjallar um launaþróun og sveigjanleika vinnumarkaðar |
| Kl. 12.35–12.50 | Ásgeir Daníelsson, forstöðumaður rannsóknar- og spádeildar Seðlabanka Íslands, fjallar um vexti, verðtryggingu og peningamálastefnu |
| Kl. 12.50–13.05 | Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir, deildarstjóri vísitöludeildar Hagstofu Íslands, fjallar um vísitölu neysluverðs |
| Kl. 13.05–13.30 | Pallborðsumræður með þátttakendum ásamt Jóni Þór Sturlusyni |

**Umræðum stjórnar Kristinn Örn Jóhannesson, formaður VR.**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR



**LANDSBANKINN** Eignir Atorku hafa ein af annarri farið í hendur kröfuhafa. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Björgun í hendur bankans:

## Leysti til sín veð í eignum

Landsbankinn hefur tekið yfir verktakafyrirtækið Björgun. Það var áður í eigu Renewable Energy Resources, dótturfyrirtækis Atorku Group.

Kröfuhafar tóku Atorku yfir í febrúar á þessu ári og á Landsbankinn rétt rúm 44 prósent í félaginu. Björgun fór í faðm bankans í tengslum við skuldauppgjör dótturfyrirtækis Atorku en við það leysti bankinn til sín þau veð sem hann átti í eignum fyrirtækisins.

Bankinn áætlar að selja félagið innan hálfs árs í opnu söluferli, að því er segir í tilkynningu.

- jab

Hádegislúrinn af hinu góða:

## Úthaldið eykst til muna

Hálftímalúr eykur úthald fólks og getur bætt samkeppnishæfni fyrirtækja. Þetta kemur fram í grein á vef tímaritsins Harvard Business Review. Í greininni er fjallað um nokkrar gerðir lúra, allt frá svefni í einn og hálfan klukkutíma niður í tuttugu mínútna dúr.

Greinarhöfundur vísar til rannsóknar sem kannaði mun á þeim sem lögðu sig og þeim sem gerðu það ekki. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að árangur þátttakenda í rannsókninni sem lögðu sig í hálftíma milli klukkan 13 og 15 var meiri en þeirra sem ekki lögðu sig. Því ættu stjórnendur fyrirtækja að hvetja starfsfólk til að leggja sig.

- jab

# Slátur-markaður

## Ódýr heimilismatur!

### 25 skammtar úr einu slátri




**Þegar þú tekur slátur ertu að fá mikinn mat fyrir lítinn pening auk þess sem sláturgerð er mikil skemmtun fyrir alla fjölskylduna.**

Þú færð allt hráefni og öll áhöld til sláturgerðar í Nóatúni.
Lærðu að taka slátur á www.noatun.is í sérstöku myndbandi
eða fáðu kennslubækling gefins í næstu Nóatúns verslun.

DAG Nótt noatun.is 24·7 NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

EXPO • www.expo.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ekki er nóg að draga úr ofbeldi í miðbænum heldur verður að útrýma því með öllu.

# Því að lifa í friði langar jú alla til

Borgaryfirvöld í Reykjavík hafa sagt skálmöld í miðborg Reykjavíkur um nætur stríð á hendur; ofbeldi af öllum toga: kynferðisbrotum, barsmíðum og hótunum.

Það er því miður landlægt að litið sé á alls kyns ofbeldi sem óhjákvæmilegan fylgifisk „skemmtanalífs" sem þó er nauðsynlegt að setja gæsalappir utan um vegna þess að þegar áfengisneysla, og neysla annarra fíkniefna, fer úr böndum og ofbeldi er farið að koma við sögu líka þá á slíkt líf nú fátt sameiginlegt með skemmtun.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Með ólíkindum má telja hvað fólk nennir að láta yfir sig ganga af drykkjulátum við þessar aðstæður og segja má að ofbeldi eins og barsmíðar og áflog teljist nánast að segja samþykkt hegðun. Þetta kemur mjög greinilega fram í fréttum frá lögreglu eftir stórhelgar á borð við menningarnótt og verslunarmannahelgi. Þá er til dæmis gjarnan talað um svokallaða pústra eins og það sé ekki tiltökumál að fullorðnir menn fljúgist á þannig að það kalli á læknisheimsókn og dragi jafnvel verri dilk á eftir sér. Að ekki sé svo minnst á þá grátlegu þversögn þegar sagt er frá því að allt hafi gengið vel utan þess að kona hafi kært nauðgun.

Skilaboð borgarstjórans í Reykjavík eru skýr: Ofbeldi verður ekki liðið í miðbænum frekar en í öðrum hverfum borgarinnar og að mati hans er það ekki fullnægjandi að minnka ofbeldið í borginni heldur skal stefnt að algerri útrýmingu þess.

Þetta kom fram á blaðamannafundi um öryggismál í miðbænum í síðustu viku. Þar var einnig kynnt úttekt á skemmtistöðum borgarinnar með tilliti til öryggismála. Úttektin var unnin af starfshópi sem skipaður var fulltrúum borgarinnar, Neyðarmóttöku, Lýðheilsustöð, lögreglu og kráareigenda. Úttektinni fylgja ágætar tillögur til úrbóta á öryggismálum í miðbænum. Þær kveða meðal annars á um að auka ábyrgð þeirra sem reka skemmtistaði á öryggi gesta sinna, að komið verði upp öryggismyndavélum við salerni þar sem starfsfólk sér illa til þeirra og við útgang, og að stofnaður verði virkur samstarfshópur aðila í miðborginni til að tryggja öryggi borgaranna.

Sýnileiki lögreglu hlýtur þó að skipta algerlega sköpum þegar kemur að því að bæta menninguna í miðbænum. Ef þeir sem málið varðar eiga að taka átakið alvarlega er nauðsynlegt að þeim sé ljóst að hvenær sem er geti lögreglumenn gengið fyrir næsta horn. Sýnileiki lögreglu eykur líka til muna öryggistilfinningu hinna sem kjósa að fara með friði. Sömuleiðis verða skilaboðin frá lögreglunni að vera jafnskýr og frá borgarstjóranum um að ofbeldi sé ekki liðið. Þannig á ekki að vera hægt að lesa í dagbókum lögreglu að skemmtun hafi farið vel fram í miðbænum ef einn maður hefur verið barinn þar.

Ekki má gleyma því að þorri fólks sem sækir miðbæ Reykjavíkur til að skemmta sér um helgar er ekki þangað kominn til að efna til ófriðar heldur einmitt til þess að skemmta sér. Þetta fólk á ekki að þurfa samþykkja það að vera stöðug hætta búin af völdum ribbalda. „Því að lifa í friði langar jú alla til, ekki satt?"

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



**Næsta listmunauppboð 4. október**

**Erum að taka á móti verkum núna í Galleríi Fold við Rauðarárstíg**

LISTMUNASALA fold

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 551-0400, 896-6511 (Tryggvi), 845-0450 (Jóhann)

Opið virka daga 10–18, laugard. 11–16, sunnud. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Út og suður

Umræður á Alþingi eiga til að fara út og suður. Þótt lagt sé upp með að ræða eitthvert tiltekið mál er alltaf hætt við að algjörlega ótengd efni dúkki upp. Síðast gerðist það í gær. Verið var að greiða atkvæði um til hvaða nefndar tillögur um málsóknir á hendur fyrrverandi ráðherrum ættu að ganga. Við það tækifæri tókst Árna Johnsen að koma því sjónarmiði sínu á framfæri að fremur beri að stækka Litla-Hraun en að reisa nýtt fangelsi á Hólmsheiði!



### Ferðast á ný

Í kjölfar hrunsins dró forseti Íslands mjög úr ferðum til útlanda. Hann einbeitti sér þá að því að ferðast um landið og stappa stálinu í Íslendinga auk þess að ganga vasklega fram í umræðum í erlendum fjölmiðlum um deilur vegna Icesave.

Nú er forsetinn farinn aftur af stað út í heim. Orkumál eru jafnan mjög til umræðu enda er forsetinn þekktur víða um heim sem einn helsti talsmaður vistvænnar orkunýtingar. Hann var um daginn í Kína á fundi með forsætisráðherra þarlenda. Í dag er forseti Íslands svo í Moskvu á ráðstefnu um norðurslóðir.



### Öfundsverðar horfur?

Í gær hitti Ólafur Ragnar Dmitrí Medvedev, forseta Rússlands, á sveitasetri í útjaðri Moskvu. Þessi heimsókn var með öðrum formerkjum en sú í Kína. Þar var efnahagsaðstoð Kínverja við Íslendinga í fyrirrúmi. Á síðdegisfundi forsetanna tveggja var hins vegar rætt um það, að frumkvæði Medvedevs, að þjóðirnar tvær gerðu samning um þátttöku Íslendinga í „nútímavæðingu efnahagslífsins í Rússlandi". Áreiðanlega kemur það mörgum Íslendingum á óvart að frétta af erlendri eftirspurn eftir þekkingu landsmanna á nútímavæðingu efnahagslífs. - bþs, pg

## HALLDÓR




# Laun varaborgarfulltrúa

Laun borgarfulltrúa

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir

borgarfulltrúi



Varaborgarfulltrúar í borgarstjórn eru jafnmargir borgarfulltrúum. Til dæmis á Samfylkingin þrjá varaborgarfulltrúa þar sem flokkurinn á þrjá borgarfulltrúa. Til viðbótar borgar- og varaborgarfulltrúum starfa fleiri fulltrúar flokkanna í nefndum og ráðum. Þeir koma oftast neðar af listum eða úr grasrótarstarfi flokkanna. Þessi fjöldi trúnaðarmanna er mikilvægur fyrir lýðræðislega og faglega umræðu og svo hægt sé að manna fjölmargar nefndir og hópa.

Varaborgarfulltrúar hvers flokks leggja oftast á sig mikla vinnu, en stundum minni, allt eftir persónulegum aðstæðum hvers og eins. Dæmi eru um að fulltrúar úr grasrót flokka séu virkari en varaborgarfulltrúar eða að fyrsti varaborgarfulltrúi taki að sér færri verkefni en annar varafulltrúi. Meðal annars af þessum sökum var samþykkt í fjárhagsáætlun 2010 að lækka laun fyrsta varaborgarfulltrúa og að laun allra varaborgarfulltrúa væru þau sömu og færu eftir fundarsetu. Áður höfðu laun borgarstjóra og borgarfulltrúa verið lækkuð umtalsvert og var full samstaða um þessar aðgerðir.

Skýringin á því að Besti flokkurinn og Samfylking ákváðu fyrr í vikunni að hækka aftur laun fyrsta varaborgarfulltrúa, þvert á það sem eðlilegt er í núverandi ástandi, er einföld. Hækkunin hefur legið í loftinu frá því í ljós kom hvernig Besti flokkurinn og Samfylking skiptu með sér embættum. Fyrsti varaborgarfulltrúi Besta flokksins, Páll Hjaltason, var skipaður formaður skipulagsráðs. Það embætti skipar jafnan borgarfulltrúi úr einum af efstu sætum síns flokks, enda viðamikið embætti. Fyrsti varaborgarfulltrúi Samfylkingar, Hjálmar Sveinsson, sagði strax eftir að niðurstöður kosninga til borgarstjórnar lágu fyrir og ljóst var að hann næði ekki inn sem aðalmaður, að hann þyrfti frekari upplýsingar áður en hann ákvæði að taka sæti sitt um „til dæmis hvort þetta er launað, það skiptir fjölskyldumann miklu máli".

Launahækkanir Besta flokksins og Samfylkingar fyrir fyrstu varamenn svara spurningu Hjálmars og tryggja Páli Hjaltasyni betri laun fyrir sína vinnu. Þetta hækkar launakostnað borgar- og varaborgarfulltrúa á tíma þegar stíf krafa er um aðhald í kostnaði og launum. Slík vinnubrögð eru einfaldlega ekki boðleg.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Krónan sem kúgunartæki

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor



Færeyingar og Danir hafa í reyndinni notað evruna sem gjaldmiðil frá upphafi 1999, án þess að færeyskir útvegsmenn eða aðrir hafi séð ástæðu til að kvarta undan því fyrirkomulagi. Danir hafa kosið að negla gengi dönsku krónunnar við evruna með aðeins örsmáum frávikum. Gengi dönsku krónunnar hefur með öðrum orðum verið haldið föstu á genginu 7,46 danskar krónur á hverja evru frá 1999 með bakstuðningi Seðlabanka Evrópu. Engan bilbug er að finna á Dönum. Sveiflurnar hafa aldrei numið meira en 1-2 dönskum aurum upp eða niður. Ekkert agaleysi þar. Færeyska krónan er jafngild dönsku krónunni. Gengisbinding dönsku krónunnar við evruna nær því einnig til Færeyja – og Grænlands.

Stöðugt verðlag innan Evrópusambandsins er sameiginlegt keppikefli aðildarlandanna. Aðild að ESB felur í sér skuldbindingu um að taka upp evruna, þótt síðar verði. Danir kusu þó eins og Bretar og Svíar að halda í þjóðmynt sína um sinn. Líklegt virðist, að Danir taki upp evruna fyrr en síðar. Færeyingar sýna engin merki um, að þeir vilji rjúfa myntbandalagið við Danmörku og þá um leið við ESB. Næsta víst má telja, að Færeyingar haldi í evruna, taki þeir sér fullt sjálfstæði. Varla getur þeim þótt ferill Íslands í verðlags- og peningamálum eftirbreytni verður eftir allt, sem á undan er gengið.

> Þeir, sem heimta óskorað sjálfstæði í peningamálum, eru margir í rauninni að heimta að fá að halda áfram að nota krónuna sem kúgunartæki til að geta með reglulegu millibili notað gengissig krónunnar til að flytja fé frá launafólki til útvegsfyrirtækja.

### Rökin með og á móti

Ein helzta rökin fyrir upptöku evrunnar eru þau, að krónan er liðið lík og á sér varla viðreisnar von, úr því sem komið er. Krónan styðst nú við ströng gjaldeyrishöft og myndi hrynja, væri höftunum aflétt. Krónan hefur frá 1939 veikzt um 99,95 prósent gagnvart dönsku krónunni. Verðbólgan, sem var bæði orsök og fylgifiskur gengisfallsins, gróf undan efnahagslífinu. Ekki hefur þó tekizt að kveða verðbólguna alveg niður, þar eð hagstjórnin hefur verið veik og Seðlabankinn hefur ekki heldur reynzt verki sínu vaxinn. Þannig er einnig ástatt um ýmis önnur lönd, til dæmis í Austur-Evrópu og Afríku. Þess vegna leggja Eystrasaltslöndin og önnur ný aðildarlönd ESB allt kapp á að taka upp evruna sem fyrst.

Helztu rökin gegn upptöku evrunnar eru í fyrsta lagi þau, að Íslendingar þurfi á eigin mynt og sveigjanlegu gengi að halda til að draga úr innlendum hagsveiflum, þar eð þær séu frábrugðnar hagsveiflum í Evrópu. Sérstaða Íslands er þá talin stafa einkum af sjávarútvegi, þótt hann standi nú á bak við aðeins sjö prósent af landsframleiðslu. Staðan hefur breytzt. Útvegurinn skiptir efnahagslífið nú minna máli en áður, þar eð öðrum atvinnuvegum hefur vaxið fiskur um hrygg. Hagsveiflan á Íslandi hefur frá 1994, þegar Ísland gekk inn á Evrópska efnahagssvæðið, færzt miklu nær hagsveiflunni í Evrópu, svo sem fram kemur í nýrri doktorsritgerð Magnúsar Bjarnasonar um Ísland og Evrópusambandið. Þessi niðurstaða Magnúsar rímar við reynsluna annars staðar að. Aukin viðskipti milli landa draga úr sérstöðu hvers um sig og þá einnig úr sérstöðu hagsveifla í einstökum löndum.

Hin höfuðrökin gegn upptöku evrunnar eru þau, að aflagning krónunnar feli í sér fullveldisafsal, þar eð gengisfellingar með gamla laginu standi stjórnvöldum þá ekki lengur til boða. Ein höfuðhugsjón Evrópusamstarfsins er þó einmitt að dreifa fullveldinu á völdum sviðum, svo sem í peningamálum. Þessi þáttur málsins hefði að réttu lagi átt að vefjast fyrir Þjóðverjum á sínum tíma og gerði það, þar eð þeir höfðu sín peningamál á þurru og tóku áhættu með því að deila peningastjórninni með öðrum þjóðum með slakari feril í peningamálum að baki. Sameiginleg mynt ætti miklu síður að vefjast fyrir Íslendingum svo illa sem Seðlabankanum hefur farizt stjórn peningamála úr hendi. Þeir, sem heimta óskorað sjálfstæði í peningamálum, eru margir í rauninni að heimta að fá að halda áfram að nota krónuna sem kúgunartæki til að geta með reglulegu millibili notað gengissig krónunnar til að flytja fé frá launafólki til útvegsfyrirtækja.

### Bundnar hendur

Evran veitir enga allsherjartryggingu fyrir lítilli verðbólgu. Til dæmis bjuggu Evrulöndin Grikkland og Írland við nokkru meiri verðbólgu 1999-2008 en Sviss og Svíþjóð utan evrusvæðisins. Eigi að síður eru rökin að baki evrunnar býsna sterk. Lönd, sem leggja eigin mynt til hliðar, afsala sér með vitund og vilja réttinum til að fella gengið með gamla laginu og hleypa verðbólgu þannig á skrið. Þau kjósa heldur að binda hendur sínar til að knýja á um agaðri hagstjórn og agaðri samninga um kaup og kjör. Verðbólga á sér þó ýmsar uppsprettur aðrar en gengisfall, svo að evran ein leysir ekki allan vanda. En hún hjálpar.

### SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Í tengslum við alþjóðlega Alzheimersdaginn
býður FAAS til ráðstefnu
á Grand Hóteli laugardaginn 25. september 2010

FAAS


Jón Snædal


Erla Grétarsdóttir


Halldóra Arnardóttir

**Ráðstefnustjóri:** Guðjón Brjánsson framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands

| | | | |
|---|---|---|---|
| 9.30-10.00 | Ljúfir tónar og kaffi. | 13.00 | Vilborg Ingólfsdóttir sviðsstjóri velferðasviðs félagsmálaráðuneytisins ávarpar ráðstefnugesti. |
| 10.00 | Ráðstefnan sett. | 13.15 | Heilabilun - Staða þekkingar. Jón Snædal yfirlæknir á Landakoti. |
| 10.10-11.30 | FAAS í 25 ár. Stjórnandi: Friðfinnur Hermannsson ráðgjafi hjá Capacent. Umræður um markmið og tilgang félagsins í ljósi reynslu síðasta aldarfjórðungs, núverandi aðstæðna og sjáanlegrar framtíðar. Hver á stefna FAAS að vera á næsta áratug, hvaða áherslur vilja félagsmenn sjá hjá félaginu? | 13.45 | Lífið eftir Alzheimersgreiningu. - Frásagnir 10 sjúklinga. Erla Grétarsdóttir sálfræðingur. |
| | | 14.15 | Kaffihlé. |
| 11.30 | Skemmtiatriði. | 14.35 | Lista- og menningarsmiðjur sem hluti af meðferð við Alzheimersjúkdómnum. Halldóra Arnardóttir listfræðingur. |
| 12.00-13.00 | Léttur hádegisverður í boði FAAS. | 15.10 | Skemmtiatriði og ráðstefnulok. |

*– Munum þá sem gleyma –*

Ráðstefnan er opin öllum velunnurum FAAS (félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga).
Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í síma 533 1088 eða á netfangið halldora@alzheimer.is




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLANDSLAMB FROSINN HÁLFUR LAMBASKROKKUR SLÁTRUN 2010
798 KR./KG.
798 KR.kg
K.S FROSINN LAMBABÓGUR HAUSTSLÁTRUN 2010
398 KR.kg
BÚRFELLS BLANDAÐ HAKK FROSIÐ
239 KR.620g
KF NÝTT KJÖTFARS 620g
25% AFSLÁTTUR
KJARNAFÆÐIS STERKT PEPPERONI
2249 kr.kg MERKT VERÐ 2998 KR.KG
30% AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU NAUTAPIPARSTEIK
1819 kr.kg. MERKT VERÐ: 2598 KR.KG.
30% AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU NAUTAGÚLLAS
1398 kr.kg. MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
30% AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU NAUTASNITSEL
1398 kr.kg. MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
898 KR.kg
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR KR.KG.
898 KR.kg
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
598 KR.PK
NV NAUTABORGARAR 4 STK M/BRAUÐI
198 KR.kg
K.S FROSIN LAMBALIFUR
NÝBAKAÐ Í BÓNUS
ALLTAF NÝTT Á HVERJUM DEGI
179 KR. 500g.
BÓNUS NÝBAKAÐ ÞRIGGJAKORNABRAUÐ 500g
198 KR. 4 stk.
BÓNUS NÝBAKAÐAR MJÚKAR KRINGLUR 4 stk
259 KR.420g
MYLLU MÖNDLUKAKA 420g
25% AFSLÁTTUR
KF KOFAREYKTUR ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
1498 kr.kg.
MERKT VERÐ 1998 KR.KG -
195 KR.2 ltr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B
1798
KR. PK
1798
KR. PK
198
KR. PK
Gámaverð á Pampersbleium og blautklútum
STÓR PAMPERS PAKKI AÐEINS 1798 KR.
PAMPERS SIMPLY WIPES 72 STK 198 KR.
698
KR.kg
KS. FROSNIR SALTFISKBITAR
STYRTLUSTYKKI
2798
KR.7,5 kg
PEDIGREE HUNDAMATUR 7,5 KG POKI
MATARFATA FYLGIR MEÐ EF KEYPTIR ERU TVEIR POKAR
398
KR.500ml
BÓNUS LÝSI 500 ml
AÐEINS
398 KR FLASKAN.
HEINZ 567g
TÓMATSÓSA
NÚ Á
HÁLFVIRÐI
98 KR
698
KR.800g
BÓNUS FROSNIR ÝSUBITAR
Í RASPI 800G
198
KR.500g
BÓNUS RÚGBRAUÐSKUBBUR 500G
MAGNA VÍTAMÍN FRÁ LÝSI
NÚ 100 kr. VERÐLÆKKUN PR. BOX
398
KR.400g
GRÍMS PLOKKFISKUR 400g
MJÓLKU JÓ JÓGÚRT 150g
NÚ Á 20% LÆGRA VERÐI: AÐEINS 60 KR. DÓSIN
VERÐ ÁÐUR: 70 KR. DÓSIN
60
KR.150g
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA
Vildarklúbbur

# Atvinnutækifærin sem bíða

Atvinnumál

Árni Sigfússon
bæjarstjóri



Við Íslendingar þurfum nú að ná sátt um atvinnuuppbyggingu og stuðla að varanlegum og fjölbreyttum störfum fyrir bæði það fólk sem misst hefur vinnuna en ekki síður það unga fólk sem væntanlegt er á vinnumarkaðinn á komandi árum. Það er affarasælast fyrir okkur að leggja kapp á að skapa störf og tekjur og brúa þannig bilið í ríkisfjármálum fremur en að sýna andvaraleysi í atvinnumálum og hækka skatta. Þetta eru engin ný sannindi en þau eiga vel við nú.

Suðurnesjamenn hafa barist hatrammlega gegn atvinnuleysi síðustu ár, eða allt frá því Varnarliðið fór af landi brott og skildi eftir sig gríðarlegt atvinnuleysi á svæðinu. Flest nýrra atvinnuverkefna hafa ekki farið hátt. Þau hafa flest orðið til í hugskoti duglegs athafnafólks. Má þar nefna fjölmörg verkefni allt frá kaffibrennslu til álendurvinnslu, ferðaþjónustu til Víkingaheima, harðfiskgerðar, menningar- og leikhússtarfsemi og skólaþjónustu svo fátt eitt sé nefnt. Þessi verkefni hafa skapað hundruð fjölbreyttra starfa á Suðurnesjum og hafa bætt mannlíf og fjölgað störfum. Þessari fjölbreyttu flóru af nýjum störfum er sjaldan hampað, hvorki af stjórnmálamönnum né þeim sem gagnrýna mest atvinnuuppbyggingu í landinu undanfarin ár. Látið er í veðri vaka að áherslan sé öll á stóriðju. Staðreyndin er hins vegar sú að fjölbreytni í atvinnulífi í landinu hefur aldrei verið meiri undanfarinn áratug og ég er sannfærður um að besta leiðin til atvinnuuppbyggingar sé skynsöm blanda af stærri iðnaði og margvíslegum smærri verkefnum sem oft hefja sig á loft í tengslum við uppbyggingu iðnaðar og tengdra greina.

Á undanförnum mánuðum hefur farið fram mikil umræða um atvinnumál á Suðurnesjum og þau atvinnuverkefni sem unnið hefur verið að þar á undanförnum árum. Öll þessi verkefni hafa farið sinn eðlilega farveg með mati á umhverfisáhrifum og skipulagi. Öll þessi verkefni myndu þýða að meðaltekjur á Reykjanesi hækka sem þýðir betri afkomu bæjarfélagsins og enn betri samfélagsþjónustu.

### Mörg verkefni í undirbúningi

Í töflunni hér á síðunni má sjá þau stærri verkefni sem eru í undirbúningi á Suðurnesjum en hafa mörg hver lent í hremmingum vegna tortryggni eða andstöðu stjórnmálaafla. Taflan sýnir að varanleg störf sem skapast í kringum þessi verkefni eru um rösklega tvö þúsund og þar er í langflestum tilfellum um að ræða störf sem mundu stuðla að hærri meðallaunum á mann á Suðurnesjum en svæðið er nú með ein lægstu meðallaun á landinu. Í töflunni kemur einnig fram að tekjur hins opinbera af þeim fyrirtækjum sem nefnd eru næmu tæpum 9 milljörðum króna. Ég vil sérstaklega geta þess að með uppbyggingu þessara fyrirtækja hef ég trú á að byggja megi upp öflugan klasa sérfræðifyrirtækja í kringum þessa starfsemi. Nægir þar að nefna margvíslega, sérhæfða stoðþjónustu, endurvinnslu, verkfræði- og tækniþjónustu sem gæti myndast í kringum hana og gæti orðið eins konar klasar þekkingar á svæðinu. Í töflunni er varlega áætlað að þessi fyrirtæki gætu skapað 200 varanleg störf á svæðinu á fyrstu árum.

Tölurnar sem birtar eru í töflunni eru fremur varfærnar. Miðað við reynsluna á Grundartanga mun heildarfjöldi starfa hjá Norðuráli Helguvík og þjónustuaðilum verða allt að 2.000. Af heildinni má reikna með að um 60% þjónustuaðila séu af Suðurnesjum en flestir hinna af höfuðborgarsvæðinu en ætla má að framkvæmdir við álver í Helguvík og rekstur þess skapi a.m.k. 350 störf á höfuðborgarsvæðinu árið 2011 og vaxi svo upp í 600-800 störf.

**Verkefni í Reykjanesbæ, áhrif á fjölda starfa og tekjur hins opinbera**

| Verkefni | Störf á framkvæmdastigi | störf í rekstri | Skatttekjur |
|---|---|---|---|
| Helguvík | 1500 | 1100 | 4,5 mia. |
| Gagnaver | 100 | 100 | 0,7 mia. |
| Einkasjúkrahús | 26 | 165 | 0,3 mia |
| Kísilver | 350 | 370 | 2,2 mia. |
| ECA flugverkefni | 100 | 180 | 0,7 mia. |
| Klasaþróun tengd verkefnum | 40 | 200 | 0,3 mia. |
| **Samtals** | **Um 2200** | **Um 2100** | **8,7 mia** |

### Betur launuð störf

Þau störf sem í boði geta verið gera mörg kröfur til tæknimenntunar eða annarrar framheldsmenntunar. Reiknað er með að tæplega 100 stöðugildi skapist í gagnaveri þegar byggingu þess er lokið aðallega fyrir háskólamenntað og sérfræðimenntað á sviði rafmagns-, vélaverkfræði og upplýsingatækni. Í álverinu í Helguvík er einnig þörf fyrir tæknimenntað fólk. Ekki þarf að fjölyrða um að opnun sjúkrahúss mun sömuleiðis krefjast sérmenntunar.

Hagfræðingar hafa á orði að erfitt sé að reikna raunveruleg áhrif nýrra atvinnufyrirtækja þar sem atvinnuleysi hafi verið lítið hérlendis. Þannig fullyrða hagfræðingar með ágætum rökum að einstaklingar hefðu eflaust unnið við eitthvað annað ef þessi tækifæri hefðu ekki skapast. Þetta hefur m.a. komið fram í mati hagfræðinga á álversuppbyggingu. Hér kann þó að vera öðruvísi farið með uppbyggingu áðurnefndra atvinnufyrirtækja á Suðurnesjum þar sem viðvarandi atvinnuleysi hefur verið á svæðinu síðustu ár og í mörgum tilfellum eru þeir einstaklingar, sem hafa menntað sig á sviðum eins og í tæknigreinum og lækningum, helst þeir sem hafa flust úr landi á undanförnum árum.

Það eru mörg tækifæri á Suðurnesjum til að snúa við óheillaþróun í atvinnumálum. Snúum bökum saman um skynsama atvinnuuppbyggingu sem byggir á fjölgun starfa í öflugum iðnfyrirtækjum og fjölbreyttri flóru minni fyrirtækja. Saman skapa þessi fyrirtæki vel launuð og góð störf.

# Nauðsynlegur orðhengilsháttur

Fordómar

Júlía Margrét Alexandersdóttir
blaðamaður



Fordómar, eða hvernig alið er á þeim, er sjaldnast þægilegt umræðuefni. Flest viljum við vinna bug á okkar fordómum. Fæst viljum við vera þátttakendur í að ala á þeim. Og að ala á þeim er oftast ekki með einbeittum vilja gert. Það er eðli gamalla ranghugmynda um ákveðna hópa að læða sér inn í tungumálið. Hver kannast ekki við að hafa gripið til orða sem hamra á úr sér gengnum hugmyndum um minnihlutahópa?

Ranghugmyndir um geðsjúka lifa góðu lífi. Geðsjúklingar eru hættulegir og vondir. Í bíómyndum og glæpaþáttum eru glæpamenn oftar en ekki geðsjúklingar. Engu að síður sýna rannsóknir að geðsjúkir fremja ekki fleiri glæpi en annað fólk. Í fræðsluriti Rauða krossins um geðsjúkdóma segir: „Flestir glæpamenn hafa ekki vald á eðlilegum samskiptum við annað fólk og hafa ekki náð að laga sig að þeim lögum og reglum sem gilda í þjóðfélaginu. Hvorugt af þessu er hægt að kalla geðsjúkdóm heldur er um að ræða félagslegan eða sálrænan vanda.“

Því er alltaf hætt við að baráttumálin litlu endi sem mús í kjaftinum á þeim stóru. Andri Snær skrifar grein og vekur þarfa umræðu um orkustjórnun landsins. Um leið læðist þó ljót mýta um geðsjúklinginn vonda og hættulega inn í greinina. Andri Snær má eiga það að hafa ekki viljandi ætlað að ala á fordómum. Þöggun er hins vegar ekki í boði, eða að litið sé framhjá því að þessi mýta smeygi sér þarna svo rækilega og oft inn í mikið lesna grein. Ármann Jakobsson skrifar grein á vefsíðuna Smugan.is sem fjallar meðal annars um að ekki mega festa sig í orðhengilshætti. „En alldæmigert er þetta fyrir þann orðhengilshátt og hræðslu við kjarna málsins sem Halldór Laxness nefnir í Innansveitarkróniku. Ef þetta er ekki að drepa málum á dreif, þá kann ég ekki helskó að binda.“

Að festa sig ekki í orðhengilshætti á oft við í umræðu – en aldrei um fordóma. Fordómum hættir nefnilega til að leynast á milli laga. Leynast í texta, dyljast í umræðunni. Fordómarnir koma sjaldnast upp á yfirborðið öðruvísi. Og þá þarf að benda á þá, sama þótt örlítið ryk falli á frábær rit eða ágætis fólk. Það er nefnilega ástæða fyrir því að þrátt fyrir heljarinnar mikla baráttu geðsjúkra í áratugi eru aðeins fimm ár síðan einn af hverjum sjö Íslendinga (samkvæmt rannsókn IMG Gallup fyrir Rauða kross Íslands) sagðist ekki vilja búa í nábýli við geðfatlaðan einstakling. Geðsjúkir eiga einnig erfiðara með að fá vinnu (sem er ein mikilvægasta leið að bata). Ástæðurnar fyrir þessum fordómum eru margþættar en mjög margir leggja að því líkum að fjölmiðlar og staðalímynd sem birtist oft þar af geðsjúkum, skipti þar sköpum. Tungumálið er verkfæri. Því er ekki hægt að halda því fram að grein á við grein Andra Snæs skipti engu máli. Sama þótt um óvitaskap hafi verið að ræða.

Í áðurnefndri könnun IMG Gallup þar sem viðhorf Íslendinga til geðsjúkra var skoðað var viðhorf til múslima kannað um leið. Fordómar gegn múslimum eru enn meiri, einn af hverjum fimm vildi ekki búa í nábýli við þá. Kannski væri einfaldara að skipta út orðum til að útskýra á hvaða hátt grein Andra Snæs snerti marga geðsjúklinga. Múslimar hafa síðustu árin þurft að berjast við hugmyndir hins vestræna heims um að þeir séu kvenhatarar og öfgafullir hryðjuverkamenn. Hvað ef Andri Snær hefði skrifað grein, tja, til að mynda um kvennabaráttuna og notað orðin „múslimsk“ hegðun og „múslimsk“ framkoma til að lýsa því hvernig kvenhatur getur orðið sem verst. Sumir múslimar eru jú vondir við konur. En örugglega ekki fleiri en sá hópur siðblindra einstaklinga sem tilheyra flokknum geðsjúkir.

> Ég held að enginn vilji setja geðsjúkdóma upp á stall. Hins vegar hafa margir reynt að ræða um geðsjúkdóma, og góðu hliðarnar, sem mótvægi við umræðu sem hefur verið neikvæð í margar aldir.

Að lokum. Í Bakþönkum mínum sem birtust í Fréttablaðinu 15. september minntist ég á að „oft“ væru geðsjúklingar frjóir í hugsun. Rétt er að taka fram að þrátt fyrir að það einkenni sé viðurkennt einkenni á ákveðnum geðsjúkdómi, geðhvörfum, er slíkt ekki algilt, eins og Ármann bendir á í grein sinni „Rithöfundar og listamenn sem verða geðveikir eru mun frægari en öskukarlar sem verða það. Þess vegna halda margir að skapandi fólki sé hættara við geðveiki en öðrum. En sú goðsögn stenst ekki.“

Ég held að enginn vilji setja geðsjúkdóma upp á stall. Hins vegar hafa margir reynt að ræða um geðsjúkdóma, og góðu hliðarnar, sem mótvægi við umræðu sem hefur verið neikvæð í margar aldir. Það er óþarfa hræðsla að geðveikir sé þar með komnir í guða tölu því þar enda geðsjúkir seint. Eitt það mikilvægasta fyrir bata geðveikra er hins vegar að samfélagið taki þeim opnum örmum. Það hef ég reynt sjálf, eftir veru á geðdeild.

Og við Ármann erum sammála þegar hann segir að það sé eiginlega betra að tala meira um geðveiki en minna, það geti dregið úr hræðslunni. Undir hvaða formerkjum það er gert – skiptir hins vegar höfuðmáli.




HYUNDAI
SOUTH AFRICA 2010
FIFA WORLD CUP
NÝR HYUNDAI SPORTJEPPI:
ix35
ix35
Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai í dag!
ix35
Það er ekki á hverjum degi sem við kynnum jafn athyglisverðan bíl og ix35 frá Hyundai, sem er í fararbroddi bílaframleiðenda í dag. Þess vegna er það okkur mikil ánægja að bjóða þér að koma og reynsluaka ix35 og kynna þér ríkulegan búnað, vandaðan frágang og fallegt yfirbragð bílsins.
Verð 4.990.000 kr.
Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is
i20
Sparneytinn og vandaður smábíll á frábæru verði.
Verð frá: 2.450.000 kr
i30
i30 er rúmgóður og vel búinn fjölskyldubíll.
Verð frá: 2.690.000 kr
B&L og Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is
B&L
IH
INGVAR HELGASON
ENNEMM / SIA / NM42717

# Nám kennara og börn með ADHD

ADHD



Ingibjörg Karlsdóttir
félagsráðgjafi og framkvæmdastjóri ADHD-samtakanna


Í námi kennara hérlendis er takmörkuð umfjöllun um ADHD (athyglisbrest og ofvirkni). Kennarar almennt hafa því við útskrift ekki nauðsynlega þekkingu á viðeigandi kennsluaðferðum sem skila árangri í vinnu með börnum með ADHD og skyldar raskanir. Umsjónarkennarar bera þó meginábyrgð á menntun og velferð barnanna innan veggja skólans. Margir kennarar hafa sjálfir aflað sér þekkingar á ADHD og víða í skólakerfinu er unnið lofsvert starf í þágu barna með ADHD í samstarfi við foreldrana. Samt sem áður er tilviljun háð hvernig viðhorf kennari hefur til barns með ADHD og hvort kennslan er aðlöguð frávikum barnsins í þroska og þörfum þess.

Ný grunnskólalög hérlendis kveða á um skóla án aðgreiningar. Þó er flestum ljóst sem starfa í grunnskólum landsins að þessi lög eru orðin tóm. Þessi lagasetning á m.a. að tryggja rétt allra barna til að stunda nám í hverfisskóla í almennum bekk. Lítið var gert til að fylgja eftir þessari lagasetningu annað en einstaklingsbundin námskrá. Engin sérstök fræðsla eða þjálfun fyrir kennara fylgdi í kjölfarið, stöðum þroskaþjálfa hefur eitthvað fjölgað, en ekki stöðugildum námsráðgjafa, iðjuþjálfa eða félagsráðgjafa í grunnskólum. Ljóst er að einn kennari stendur ekki undir því að kenna í bekk þar sem um þriðjungur barnanna og vel það eru með ólíkar greiningar (ADHD, lesblindu, einhverfu, Tourette, Asperger, þroskahömlum, líkamlega fötlun osfrv.). Skóli án aðgreiningar er því í orði en ekki á borði og algjörlega óraunhæft miðað við núverandi aðstæður kennara. Ljóst er því að staða kennara er ekki öfundsverð og efla þarf til muna handleiðslu og stuðning við kennara. Etv. gæti falist lausn í tveggja kennara kerfi hér eins og hjá frændum okkar Dönum, þá væri hægt í staðinn að spara alla stuðningsfulltrúana fyrir eitt og eitt barn.

**Námskeið fyrir kennara á vegum ADHD samtakanna**

ADHD samtökin hafa nú í 5 ár staðið að símenntunarnámskeiðum fyrir kennara og annað starfsfólk grunnskóla um kennslu nemenda með ADHD. Námskeiðið var sett á laggirnar af samstarfshóp fulltrúa frá ADHD samtökunum, Félagi grunnskólakennara, Skólastjórafélagi Reykjavíkur, SAMFOK, Heimili og skóla, Kennarafélagi Reykjavíkur, sérfræðingum og SRR hjá Menntavísindasviði HÍ. Áætla má að um 10% grunnskólakennara hafi sótt námskeiðið. En betur má ef duga skal. Þar sem börn með ADHD eru flest í almennum bekk er mikið komið undir áhuga, þekkingu og viðhorfi kennarans til ADHD sem og hvernig til tekst í samstarfi heimilis og skóla, hvort barn með ADHD fær kennslu við hæfi. Fyrir þó nokkrum árum var sérdeildum í grunnskólum fækkað sem mörgum þótti á sínum tíma afleit þróun því börn með ADHD þrífast best í minni hópum. Stór rými eins og tíðkast í sumum nýrri skólabyggingum þar sem fram fer kennsla fleiri bekkja eða árganga með tilheyrandi áreiti er hins vegar skelfilegt umhverfi fyrir börn sem eiga í erfiðleikum með að útiloka ytra áreiti.

**Þriggja ára áætlun um bætta þjónustu**

Sú ánægjulega þróun hefur átt sér stað undanfarin ár að stjórnvöld hafa sýnt aukinn áhuga á börnum með sérþarfir. Þegar Jóhanna Sigurðardóttir var félagsmálaráðherra var starfandi svokölluð ADHD nefnd í ráðuneytinu skipuð fulltrúum frá ráðuneytum félags-, heilbrigðis- og menntamála, ásamt fulltrúum frá BUGL, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga (SÍSF) og ADHD samtökunum. Jóhanna lagði ríka áherslu á að fá skýrar tillögur frá ADHD nefndinni um úrbætur á þjónustu við börn með ADHD. Til að gera langa sögu stutta þá var gerður samstarfssamningur rúmu ári eftir bankahrunið milli ráðuneytanna þriggja og SÍSF til þriggja ára um bætta þjónustu við börn með ADHD og langveik börn. Auglýst var eftir umsóknum frá sveitarfélögum vegna verkefna í lok árs 2009 og úthlutað árið 2010. Mörg spennandi verkefni um bætta stuðnings- og nærþjónustu við langveik börn og börn með ADHD ættu að fara í gang á vegum sveitarfélaganna haustið 2010. Í fréttabréfi ADHD samtakanna 2. tbl. 2010 má sjá yfirlit yfir úthlutanir.

**Skorað á fjölmiðla og aðra**

Hér með skorar undirrituð á fjölmiðla, ráðuneyti, fagaðila og alla leiðandi sérfræðinga í málefnum barna og unglinga að tjá sig opinberlega með jákvæðum hætti um þennan hóp barna sem hér um ræðir. Endalaus neikvæð umfjöllun um ADHD og lyfjanotkun hefur óhjákvæmilega áhrif á börnin og hvetur til neikvæðra viðhorfa í samfélaginu til þeirra. Við þurfum öll að taka höndum saman um að efla jákvæð viðhorf í garð barna með ADHD og skyldar raskanir og auka skilning almennings og allra viðkomandi á orsökum og afleiðingum ADHD.

## AF NETINU

### Sitja fastar í ofbeldi



Nú veit ég ekki hvort að Jussanam de Silva varð fyrir ofbeldi en þetta kerfi er ólíðandi. Ég skora á fyrstu vinstri stjórn lýðveldisins misheppnaða að beita sér fyrir breytingu á því.

Í síðustu skýrslu sinni bendir Evrópuráðsnefndin um misrétti, ECRI, á það að þetta kerfi að konur af erlendum uppruna séu brottrækar úr landi ef þær skilji við eiginmenn sína innan þriggja ára leiði til þess að margar konur sitji fastar í ofbeldissamböndum. Bent er á það að 40% kvenna sem leituðu til Stígamóta á tilteknum tíma hafi verið af erlendum uppruna.

blog.eyjan.is/baldurkr

Baldur Kristjánsson

### Í fiskabúri



[H]ér er allt óbreytt þrátt fyrir Hrun og skýrslur rannsóknarnefnda. Veröld stjórnmálamanna er fiskabúr einangrað frá samfélaginu, fullt af skrautfiskum sem hafa einungis samskipti sína á milli með spjátrungsfullum hætti. Þeir segja það sem þeim sýnist við almenning og dettur ekki í hug að það þurfi á neinu stigi, að vera í samræmi við nokkrun raunveruleika.

gudmundur.eyjan.is

Guðmundur Gunnarsson


Fjórða
VÍSINDAKAFFIÐ
er í kvöld
23. september kl. 20:00 - 21:30
Súfistanum, Máli og menningu




Hver eru sameiningartákn íslensku þjóðarinnar?
Frá Njáli Þorgeirssyni til Helga Hóseassonar

Jón Karl Helgason dósent við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands fjallar um hvernig ýmsar persónur úr íslenskri sögu og bókmenntum hafa í ákveðinn tíma orðið fulltrúar þjóðarinnar allrar eða tiltekinna hópa. Meðal þess sem ber á góma eru styttur og minnismerki í Reykjavík, rithöfundasöfn á landsbyggðinni, götuheiti og íslenskir peningaseðlar.

Allir velkomnir. Láttu sjá þig!
www.rannis.is/visindavaka

Vísinda Vaka
Opið hús!
Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu
Föstudaginn 24. september kl. 17:00 til 22:00

7 PEOPLE

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


# Meðferðarheimili og löggjöfin

Barnavernd



Ingibjörg Gunnlaugsdóttir
lögfræðingur félagsþjónustu Kópavogs


Vegna þess sem komið hefur fram í fjölmiðlum undanfarið um að eftirspurn eftir plássum á meðferðarheimilum væri minni en framboð og MST-meðferðarkerfið talið vera m.a. skýring á því, er nauðsynlegt að opna aðeins inn á þá umræðu hér. Til að byrja með er vert að benda á það að það eru engan veginn öll börn eða unglingar sem geta nýtt sér MST og MST leysir ekki af hólmi nauðsyn þess að góð meðferðarheimili séu til staðar. Samkvæmt rannsóknum í Noregi á MST kom fram að þrátt fyrir jákvæð áhrif MST hefur stofnunum/meðferðarheimilum ekki fækkað hjá þeim.

Einnig eru þessar upplýsingar fjölmiðla áhugaverðar í ljósi þess að undirrituð hefur vitneskju um unglinga sem eiga sér engan samastað vegna flókins samspils erfiðleika sem hrjá þá og engin viðunandi meðferðarúrræði virðast vera í boði fyrir þau eins og okkur þó ber lagaskylda til að veita þeim. Í þessu samhengi má einnig geta þess að á skömmum tíma hefur tveimur meðferðarheimilum á vegum ríkisins undir eftirliti Barnaverndarstofu verið lokað, þ.e. meðferðarheimilunum Árbót og Götusmiðjunni. Árbót var lokað meðal annars vegna þess að starfsmaður heimilisins beitti skjólstæðinga þess kynferðislegu ofbeldi. Götusmiðjunni var lokað meðal annars vegna óviðeigandi hegðunar forstöðumanns heimilisins. Í ljósi þessara atburða vakna margar spurningar: Hvers konar meðferðarheimili erum við að reka? Hvaða kröfur gerum við til starfsfólks meðferðarheimilanna? Er eftirliti með heimilunum ef til vill ábótavant?

Rétt er að huga að þeim skyldum sem við höfum til að reka meðferðarheimili. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 79. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er það félagsmálaráðuneytið sem ber ábyrgð á því að heimili og stofnanir séu tiltæk þegar á þarf að halda. Í því felst m.a. að veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota. Síðan er það Barnaverndarstofa í umboði félagsmálaráðuneytis sem annast uppbygginguna og rekstur heimila og stofnana.

Barnaverndarstofa er sú stofnun sem skal hafa faglegt og fjárhagslegt eftirlit með starfsemi heimila og stofnana og getur einnig mælt fyrir um tiltekna sérhæfingu þeirra og veitt þeim faglegan stuðning. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem við höfum lögfest hér á landi kemur fram í 2. mgr. 3.gr. sáttmálans að aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir þar sem börnum skal veitt umönnun og vernd starfi í samræmi við reglur sem þar til bær stjórnvöld hafa sett, einkum um öryggi, heilsuvernd og fjölda og hæfni starfsmanna, svo og um tilhlýðilega yfirumsjón. Það má velta fyrir sér hvort ekki sé nauðsynlegt að löggjafinn geri strangari kröfur til bæði eftirlits og faglegrar ráðninga starfsmanna á þau meðferðarheimili sem ríkið rekur?

Er til dæmis eðlilegt að forstöðumaður meðferðarheimilis eins og í tilviki Götusmiðjunnar sé ófaglærður? Einnig má spyrja sig í Árbótarmálinu af hverju stúlkan sem lét í fyrra skiptið vita af kynferðisafbroti starfsmannsins fengi ekki að njóta vafans og gerður starfslokasamningur við starfsmanninn. Það er skylda ríkisvaldsins samkvæmt barnaverndarlögum gagnvart þeim börnum sem þurfa að vistast á vegum þess njóti í það allra minnsta verndar. Í þessu tilviki var ekki svo og er það algerlega óásættanlegt. Þessi umræða er ekki ný af nálinni en óhjákvæmilega kemur hún aftur upp í hugann þegar Götusmiðjumálið kom til. Það sem er mikilvægast núna er að læra af því sem á undan er gengið og vanda til verka. Það þarf að endurskoða reglur og löggjöf sem um meðferðarheimili gilda. Lögin þurfa að gera strangari kröfur um fagþekkingu innan meðferðarheimila og hafa skilvirkt og þéttara eftirlit með heimilunum. Það getur einfaldlega skipt sköpum

> Einnig má spyrja sig í Árbótarmálinu af hverju stúlkan sem lét í fyrra skiptið vita af kynferðisafbroti starfsmannsins fengi ekki að njóta vafans

fyrir unglinginn að til dæmis starfsmenn séu hæfir til að geta unnið eftir þeim meðferðaráætlunum sem vinna á eftir. Einnig þarf að skoða hvort þjónustusamningar séu rétta leiðin til að reka meðferðarheimilin ef það gerir það að verkum að til dæmis Barnaverndarstofa hafi þá ekki húsbóndavald yfir starfsmönnum heimilisins.

Ég hvet almenning til að kynna sér hvaða úrræði eru raunverulega í boði ef þau skyldu verða það óheppin að til dæmis unglingurinn þeirra ætti við alvarlegan hegðunarvanda að stríða eða væri í neyslu.

Við stöndum frammi fyrir erfiðum og þungum unglingavandamálum en ef til vill færri en sem, því miður virðast ekki vera til viðunandi úrræði fyrir og nauðsynlegt er að opna umræðuna um þau og hvetja stjórnvöld til aðgerða bæði hvað varðar löggjöf, reglur, eftirlitsaðila og fjármagn.



**Spænski tískuhönnuðurinn** Agatha Ruiz de la Prada sýndi ýmis furðuverk á tískuvikunni á Spáni fyrir nokkru, meðal annars þennan skemmtilega blöðrukjól.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

**Pétur Kristófer Oddson hefur gaman af því að kíkja í búðir og kaupa föt.**

# Notar glingur og skart



Pétur Kristófer hefur einfaldan smekk og kaupir föt jafnt á Seyðisfirði sem í Rokki og rósum í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fatasmekkur minn er frekar klassískur og einfaldur en þó fíla ég öðruvísi smáatriði. Ég er til dæmis alltaf með eitthvert skart eða glingur,“ segir Pétur Kristófer Oddsson, annar tveggja umsjónarmanna DJ-keppni sem fram fer á Nasa nú á laugardaginn, þegar Fréttablaðið vill fá að vita hvernig hann er til fara.

„Gráa peysan er frá Religion og buxurnar úr Retro. Vintage-gallaskyrtuna fann ég í Rokki og rósum, af öllum búðum,“ segir hann sposkur en viðurkennir þó að gera engan greinarmun á verslunum. „Ef ég finn eitthvað í búð á Seyðisfirði þá versla ég þar og finnst mjög gaman ef fötin hafa einhverja sögu. Það furðulegasta sem ég á í fataskápnum er appelsínugult belti sem ég keypti í Danmörku fyrir mörgum árum. Ég nota það ekki mikið, en á það fyrir minninguna.“

Pétur Kristófer stendur fyrir DJ-keppninni á Nasa í félagi við Andrés Bertelsen og lofar góðri skemmtun á laugardaginn. „Allur ágóði dagsins rennur til Vímulausrar æsku. Við opnum húsið klukkan 13. Blazroca verður kynnir og dómnefndin er fyrsta flokks: Dj Margeir, Dj Sóley, Hjalti Casanova, DJ Sexy Lazer og Addi Exos. Þetta verður stærsta DJ-keppni sem haldin hefur verið á Íslandi!“

*heida@frettabladid.is*

Skór & töskur í miklu úrvali
www.gabor.is
Sérverslun með Gabor xena
FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Eirberg
Rafknúnir hægindastólar sem auðvelda þér að setjast og standa upp
Fjölbreytt úrval
Opið virka daga frá kl. 9 -18
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

KENNEL & SCHMENGER
SCHUHMANUFAKTUR
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

6 mánaða vaxtalausar greiðslur
zZzZzzZ zZzZzzZ zZzZzzZ
Svefn & heilsa
Gerið gæða- og verðsamanburð
www.svefn.is
NÝTT
Svefnsófi
með tungu hægri/vinstri og geymslu
Svefnflötur 140x200
Tveir litir, verð 199.000
SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur
SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900
IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Queen rúm nú aðeins kr. 179.900
ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA
PROFLEX
2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins 349.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

**Marchesa í þrívídd** Tískumerkið Marchesa er þekkt fyrir íburðarmikla kjóla. Þó eru fáir jafn umfangsmiklir og þessir. Líklega eru þeir gerðir til að standa í því erfitt er að sjá hvernig konur eigi að setjast.










Karólína Íris Jónsdóttir segir töskur í dag vera örlítið skreyttar, en ekki úr hófi fram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






# Tvær nýjar verslanir opnaðar á Laugavegi

**Það er alltaf innspýting í líf í miðbænum þegar nýjar verslanir eru opnaðar á Laugaveginum. Nýlega var verslunin Skarta opnuð og sömu eigendur munu opna fataverslun í dag nokkrum húsnúmerum frá.**

Örfáar vikur eru síðan verslunin Skarta var opnuð á Laugavegi 72. Verslunin sérhæfir sig í alls kyns skemmtilegum fylgihlutum; skarti, hárspöngum, beltum, töskum, hönskum og fleiru. Eigendur Skörtu munu svo opna aðra verslun á morgun, á Laugavegi 83, sem býður upp á klassískan dömufatnað.

„Það er mikil stemning að fá að taka þátt í opnun verslana á Laugaveginum,“ segir Karólína Íris Jónsdóttir, sem starfar hjá Skörtu. „Í Skörtu erum við með fylgihluti fyrir allan aldur, allt frá Hello Kitty-hálsmenum á tíu ára gamlar stelpur og uppi í fínni fylgihluti fyrir eldri aldurshópinn. Ég hugsa að vinsældir alls kyns smærri fylgihluta stafi af því að einn lítill hlutur getur gert svo mikið fyrir heildarútlitið án þess að það þurfi að kosta mikið. Það þarf ekki að vera dýrt að skreyta sig.“

Karólína segir að fylgihlutir sem séu vinsælir í dag séu einkum belti, töskur, leðurhanskar og að leggings séu vinsælar. „Skartið, hálsmen og armbönd njóta alltaf vinsælda og töskurnar í dag eru svona meðalskrautlegar. Þá erum við líka með skartgripastanda sem eru oft teknir í gjafir, gína, sem er þá hægt að hengja hálsmen og eyrnalokka á. Konum finnst gaman að eiga fullt af glingri og dóti en lenda oft í vandræðum með að geyma það.“

Fataverslunin Koko, sem verður opnuð á Laugaveginum á morgun, stílar inn á tískufatnað fyrir konur á aldrinum 20-50 ára. „Hversdags og fínni föt verða á boðstólum og stefnan er tekin á að stutt líði á milli nýrra sendinga í verslunina. Mikið af fatnaðinum er flutt inn frá New York en fatnaðurinn tilheyrir frekar breiðri tískulínu og líklegt að margir finni eitthvað við sitt hæfi.“ Í tilefni af opnuninni verður 20 prósenta afsláttur á föstudag og laugardag.

*juliam@frettabladid.is*











Til að koma í veg fyrir húðþurrk á veturna ætti að forðast að nota mikla sápu og að baða sig oft á dag. Þá er betra að þerra húðina í stað þess að nudda hana þurra. Eins er gott að bera á sig rakakrem og þá helst á meðan húðin er enn þá rök eftir bað.

**heimild: www. Vísindavefurinn**



# Kominn í afajakkann

**Vignir Freyr Andersen hefur setið fyrir í Hagkaups-bæklingum í hvorki meira né minna en 21 ár. Tilviljun ein réði því að hann leiddist upphaflega út í fyrirsætustörf sem honum finnst alltaf jafn skemmtileg.**



Vignir ásamt Ragnheiði Guðfinnu Guðnadóttur. Myndin birtist í Hagkaups-bæklingi fyrir fimm árum. MYND/BRYNJÓLFUR JÓNSSON




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Já, maður er búinn að vera svolítið lengi í þessu og þakkar bara fyrir hvað hægt er að fótósjoppa í dag,“ segir Vignir Freyr Andersen, sem ætti að vera landsmönnum að góðu kunnur, sem lottókynnir í sjónvarpi og svo úr Hagkaupsbæklingum þar sem hann hefur setið fyrir í hvorki meira né minna en 21 ár.

Vignir segir að í raun hafi hálfgerð tilviljun ráðið því að hann leiddist út í fyrirsætustörf á sínum tíma. „Ég fór á framkomunámskeið hjá Unni Arngrímsdóttur annaðhvort árið 1985 eða ´86, sem nutu þá mikilla vinsælda og fékk í kjölfarið fyrsta borgaða verkefnið aðeins fimmtán ára. Auglýsti íþróttafatnað fyrir Sportval á Laugavegi og fékk einhvern þrjú eða fimm þúsund kall í laun, sem var þá alveg ágætis vasapeningur.“

Fyrirsætuferillinn fór þó ekki á flug fyrr en nokkrum árum síðar þegar Vignir sneri heim sem skiptinemi frá Bandaríkjunum. „Þá fór ég að sýna föt á tískusýningum, meðal annars fyrir Hagkaup sem varð aftur til þess að ég sat fyrir í fyrsta Hagskaupsbæklingnum 1989.“ Ekki segist Vignir muna sérstaklega eftir fötunum sem hann auglýsti í fyrsta sinn en á ýmsar skemmtilegar sögur úr myndatökum. „Ég var einu sinni myndaður í boxer-buxum og geri það sko aldrei aftur, enda geturðu rétt ímyndað þér böggið frá félögunum,“ segir hann og brosir breitt.



Þótt ferillinn spanni nú meira en tvo áratugi segist Vignir aldrei fá leið á starfinu. „Nei, enda myndi ég ekki nenna þessu ef mér leiddist. Svo vinn ég með svo skemmtilegu fólki, Binna ljósmyndara, sem hefur verið með frá nánast upphafi og auðvitað hinum módelunum, þar á meðal nokkrum gömlum kempum úr 79-módelsamtökunum, sem ég var skráður í.“ Blaðamaður vill þá fá að vita hvernig standi á því að sífellt sé verið að yngja konurnar upp í Hagkaups-bæklingnum á meðan sömu karlarnir lafi inni. „Ætli við karlarnir eldumst bara ekki betur,“ segir hann glettinn. „Annars var ég að gantast með það um daginn þegar ég sat fyrir í rúskinnsjakka að nú væri maður loks kominn í afajakkann.“ *roald@frettabladid.is*

## Tískumeðvituð forsætisráðherrafrú

SAMANTHA CAMERON, EIGINKONA DAVIDS CAMERON, FORSÆTISRÁÐHERRA BRETA, MUN STARFA FYRIR TÍSKUVIKUNA Í LONDON NÆSTU ÁRIN.

Breska tískuráðið tilkynnti nýlega að Samantha Cameron, forsætisráðherrafrú Breta, muni gegna mikilvægu hlutverki á tískuvikunni í London næstu árin. Unnið er að því að útfæra hlutverk hennar en hún mun hefja störf á næsta tímabili tískuvikunnar.

„Tískuvikan í London er afar mikilvæg fyrir tískuiðnaðinn í landinu og ég hlakka því til að taka þátt í henni. Við eigum svo mikið af efnilegu fólki sem þarf að styðja við bakið á til að tryggja að byggð verði upp tískumerki og fyrirtæki í framtíðinni,“ sagði Cameron við þetta tækifæri.

Cameron er ekki alveg græn á bak við eyrun þegar kemur að tískunni. Hún hefur áður unnið með Erdem að samstarfsverkefni fyrir Smython, en þar vinnur hún sem ráðgjafi.

Hún hefur einnig vakið athygli fyrir góðan fatasmekk. Í kosningabaráttu eiginmannsins atti breska pressan þeim iðulega saman í tískueinvígi, henni og Söruh Brown, eiginkonu Gordons Brown, og hafði Cameron þá oftast sigur.



Samantha Cameron hefur brennandi áhuga á tísku.


*Haust 2010*

# Feeling Rock & Roll?

**Gefðu okkur 5 mínútur og við breytum þér.**

**Bobbi Brown kynningardagar og afsláttur í Lyfjum & heilsu Kringlunni**
**Glitrandi bláir og kaldir gráir litir fyrir augu,**
**ásamt ferskum rósrauðum litum fyrir varir og kinnar.**

*“I always feel great in jeans—I even wore them to the White House. What makes these denim-inspired eye shadows feel fresh is that I've paired them with soft and pretty rose shades for lips and cheeks. The look is modern but also romantic. And best of all, anyone can pull it off.”*

Bobbi Brown







**Raspberry Shimmer Lip Gloss 4.313 kr.**
*Falleg gloss með skínandi áferð*




**NÝTT Highlighter Pen 7.335 kr.**
*Gefur ljóma á kinnbein*



**Extreme Party Mascara 4.441 kr.**
*Ótrúlegt ummál. Einstakur aðskilnaður.*
*Endalaust hægt að byggja upp. Nú í Denim Ink.*



**Sparkle Eye Shadow 4.089 kr.**
*Með glitrandi perlum og fínkorna glimmer.*



**Denim & Rose Face Palette 13.658 kr.**
*Fullkominn haust „fataskápur“ fyrir andlit*




**Long-Wear Gel Eyeliner 4.090 kr.**
*Auðveldur í notkun.*
*Nú í Denim Ink.*



**Denim & Rose Mini Brush Set 12.804 kr.**
*Fjórir förðunarburstar minnkaðir til að passa í snyrtibudduna þína.*

Líst þér vel á þessa liti?
Komdu og hittu förðunarmeistara Bobbi Brown, í Lyfjum & heilsu Kringlunni og fáðu ráðlegggingar og þitt eigið “face chart”.

BOBBI BROWN

**20% afsláttur**
**24. – 29. september**

Lyf & heilsa






















## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**



# Haust án flugelda og fantasíu

Haustið lætur nú örlítið finna fyrir sér í loftinu og ekki seinna vænna en að huga að því sem er í boði fyrir herrana. Kreppan hefur breytt hugsunarhætti hönnuða heilmikið líkt og neytenda síðustu misseri. Hönnuðir sem hanna fyrir karlmenn eru töluvert rólegri en áður, minna er um flugeldasýningar og fantasíur, meira af klassískum sniðum og þægilegum efnum því skynsemin hefur nær útrýmt sköpuninni. Ólíkt því sem gerðist á árunum eftir 2000 þegar útlitið átti að vera fullkomlega eftir tískunni og allt annað smáatriði, en nú er öldin önnur. Allt er í réttu jafnvægi, heildarútlitið á hvorki að vera í anda afa og þar með hallærislegt né heldur ýkt af ríkjandi tískustraumum. Lykilorðið er einfaldleiki en á sama tíma nákvæmni og hönnunin á að vera fullkomin. Í þessum þægilegheitastíl eru ekki teknar neinar áhættur og karlmaðurinn er öruggur, hver og einn er á réttri hillu og ekkert verið að blanda saman hinu kvenlega og karllega í klæðaburði nema þá að þessi áhættulausi stíll sé merki um andlega samkynheigð karla.

Í vetur eru jakkaföt gjarnan þrískipt, buxur, vesti og jakki. Litirnir sem helst sjást eru dökkir en þeim er blandað saman við djúpa aukaliti eins og grænt eða súkkulaðibrúnt eða þá kamellit sem gefur fötunum fjölbreytilegra yfirbragð. Í sumar voru það blóm sem skreyttu skyrtur herranna en í vetur sést varla eitt einasta blóm á stangli. Köflótt og tíglótt er það sem gildir í munstri nema þá að það sé teinótt því í vetur er toppurinn að vera í teinóttu. Frida Giannini hjá Gucci veðjar á þröngar buxur með cigarettes-sniði sem einkenna ítalskan glæsileika. Einkennilegt að lítið er um kasmírull í vetur en það skýrist af því hversu dýr þessi ull er orðin. Þess vegna halla hönnuðir sér að ýmiss konar ull í staðinn og á það við jafnt Missoni sem og Prada eða Bottega Veneta.

En sem betur fer, og kannski til að skemmta skrattanum og okkur hinum, eru þó nokkrir hönnuðir sem bjóða upp á nokkrar nýjungar sem má sjá ef vel er að gáð eins og gammosíurnar sem eru til dæmis úr ull hjá Dolce & Gabbana og minna nú bara á síðar ullarbrækur sem ég man eftir í sveitinni í gamladaga, vonandi að ullin valdi ekki kláða! Einnig getur verið um að ræða joggingbuxur úr sléttflaueli eða hálfbuxur úr mjúkum efnum. Hjá Jean-Paul Gaultier eru buxur í anda boxara og beltin eru í stíl. Þetta er með því framsæknasta í vetur hjá herrunum – ekki beinlínis byltingarkennt.

*bergb75@free.fr*



Af tískusýningu Gucci þar sem sýnd var haust- og vetrarlína. karla.



Af tískusýningu Saab í Beirút.

## Saab sýnir í heimalandi sínu á ný

LÍBANSKI TÍSKUHÖNNUÐURINN ELIE SAAB HÉLT NÝLEGA TÍSKUSÝNINGU Í BEIRÚT.

Yfir fimmtán ár eru síðan líbanski tískuhönnuðurinn Elie Saab hélt sýningu í heimalandi sínu. Tilefnið nú var opnun Souks verslunarhverfisins í miðju Beirútborgar.

Elie Saab byrjaði ferilinn ungur. Hann var farinn að sauma sem ungur drengur og vissi þá strax að það yrði hans lifibrauð. Hann hélt til Parísar sautján ára gamall til að nema tískufræði en sneri aftur fljótlega og setti á fót eigið tískumerki og vinnustofu í Beirút árið 1982, þá átján ára gamall.

Aðalvinnustofa hans er enn í dag í Líbanon en hann hefur einnig stofur í Mílanó og París. Árið 1997 hélt hann fyrstu tískusýninguna utan heimalandsins í Róm.

Frægðin bankaði á dyrnar hjá Saab þegar leikkonan Halle Berry klæddist kjól eftir hann á Óskarsverðlaunahátíðinni árið 2002 en það ár hlaut hún Óskarinn sem besta leikkona í aðalhlutverki. Síðan þá hefur ferillinn farið á flug og föt Saab fást út um allan heim en verslanir hans er að finna í Beirút, París og London. *- sg*








# Vísindavaka

24. september 2010 kl. 17 - 22

Stefnumót við
## vísindamenn
Vísindavaka er fyrir alla fjölskylduna

búskapur glitský kristall gagnvirkur japanskt mál og menning bílar líf - og umhverfisvísindadeild
lykilorð þjónustuborð þráðlaust net vandamál eðli framfærsla tungumálamiðstöð bókasafn
styrkir bakteríur kuðungur vatnshelt sjálfstýring strætisvagn björgunarbátur mínus sólarljós
útfjólublár eldgos forrit júpiter segulsvið jarðhitagas uppfinning laser prótein tækniþróun
minnka þríþraut ljósapera Mentor spírall mars jarðskjálfti samstarf Náttúrufræðistofnun
Íslands mors nælon Össur kúlupenni fellibylur líkami marglyttur grænmeti langlífi Hafmynd
tetraklórkolefni hvassviðri flotgalli þungamiðja lopi örbylgja Þjóðfræðistofa gervitungl
fiskveiðar reglulegur Konfúsíusarstofnunin straumönd fjarstýring vetni hvatning Nýherji
þrýstingur sólkerfi rannsóknir íslenska svarthol dósent Máltæknisetur hópefli Amivox gler
erfðaefni ArcticMass / PBI Biotech ostur venus heyskapur gsm hafflötur massagreiningar
sólkerfi þjóðfræði þróun bygging Hafrannsóknastofnun fartölva sjúkraþjálfun lífeindafræði
hey, ekki menga svona! læknadeild lífeðlisfræði háloftakjarni Marel næringafræði kínverska
danska orkustjórnun í skipum Stofnun Vigdísar Finnboga ráðstefnutúlkun bókmenntafræði
Hjartavernd Mentor.is - námsvegi Laxfiskar mannfræði möttull þjóðfræði frumkvöðlasetur
safnafræði félagsráðgjöf líffræði sendibréf Áhættustýring jarðfræði verkfræði efnagreiningar
með massagreinum kennaradeild spænska menntavísindi morgunroði hvítblæði orka ipod
dna mínútur Landspítali hugsun samtími Listaháskóli Íslands danslist Stjórnuskoðunarfélag
Seltjarnarness heili augasteinn blóðflæði sjónauki alheimur fræðasetur klukka lithverfur nýsköpun
æðastirðleiki raunveruleiki norðurhvel fróðleikur veðurkort Marorka blóðsýni tölvupóstur
siðklemma stuttmyndir líkan Háskólinn í Reykjavík kopar hjarta efnagreining gevitunglasendir
samskiptalausnir orkutæknifræði endurvinnsla aðjúnkt ávöxtur pabbi ilmur raunvísindi
fjarnám túlkunar leiðbeiningar klefi lífmassi svifryk lægðarmiðja fartölva þýska ljóstillífun
tannhjól járn fræðimaður stærðfræði fóður enska gull rökgreining rafeindalitógrafía metan
markaðsrannsóknir Atomes Crochus snjókoma termóplast upplýsingaveitur Vísindavefurinn
markaðssvið viðskipta- og raunvísindasvið sólskin félagsvísindasvið undur alheimsins lagadeild
fiskar og ferðir þeirra í sjó og ferskvatni lokaverkefni salt viðskiptadeild tölvunarfræðideild
bakteríur og Vísindasmiðja tækni- og verkfræðideild víðförlir hvalir - fylgst með ferðum hvala
með gervitunglasendum sálfræði vor rannsóknastöð Austurlandsakademían franska Orku-
og tækniskóli þjóðardýrðlingar djúpfar mengun öld hvalir mamma lás vifta vísindamaður
öreind ráðherra veraldarvefur Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fjölskylda
stærðfræðibrautir skipulag rusl jafnvægi rannsóknastofa samstarf mengunarmælir gas lektor
varmageislun málvísindi varalestur teygni já örverur veðurfræði bókmenntaverk tilraunaglas
orð starfsfólk mynstur gervifótur Vitvélastofnun Íslands aska kraftur ljósleiðari iðnfræðsla
hveitikorn frumgreinar skýjaþykkni Íslenskar orkurannsóknir sjónvarp líffræði sameind áhersla
loft gps sólskin gæðastýring Hafrannsóknastofnun þjóðminjar þrífótur alþjóðlegur vetur
Nýsköpunarmiðstöð Íslands nanó forseti blóðþrýstingur hamingja repjuolía lengdarbaugur
vísindasmiðja kokhlust ár sköpun hjartagátt segulsvörunarstuðull hagvísindi menning jarðvarmi
niðurstöður hugvísindi ást nanókristall skilningur tengslabanki lausnir ljósastaur greining
árangur ferli geimvísindi ferskvatn samfélag gleraugu þekking arleit Vísindavaka einingar heilsa
augnlinsa Keilir - Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs fagurfræði sundlaug mekatrónik þróun
launþegi nýru Alþingi hugmynd Roche Nimblegen göngulag spekingar flugvél þríhyrningur
tölva epli börn Veðurstofa Íslands hvatning metnaður námsbraut hljóðmynd tjáning veitingahús
meistaravörn heimili hljóðpistill blogg skák haust vinnuframlag undirbúningur guðfræði
áhugasvið efnishyggja félagssálfræði dægurmál pólitík raungreinar hagfræði eiturefni ráðgjöf
Þekkingarnet Austurlands frumkvöðlar tungumál þrautseigja æfingar rannsóknarsamstarf
þyngdarfræði möguleikar andvari fyrirlestur doktorsritgerð jákvæðni spekiljóð vinnusálfræði
mannauðssvið og vísinda- mennta- og gæðasvið námsleiðir samgöngur virkni þjóðhönnunar- og
arkitektúradeild sölu- og markaðsdeild útgerð skógrækt rannsóknir á Austurlandi klukkutímar
þjóðfræði í sögu og samtíma Reykjavíkurgötur Amivox samskiptalausnir Háskóli Íslands
sandur breiddarbaugur heimilisfang rigning vefstjóri umbúðir heildsala bréfaklemma ljósár
prófdómari framvinda matvörumarkaður hugbúnaðarfræði ferðamenn smásjá forritunarkeppni
ritgerð héraðs... skólataska afgriðsla fullorðnir listasmiðja umfjöllun andlitslyfting forskot
rigning ve... fnrétti upplifun krækiber hnífapör nágrannar slökkvitæki texti sumar

11001111010011

**Allir velkomnir. Láttu sjá þig!**

www.rannis.is/visindavaka

Vísinda Vaka

**Opið hús!**

Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu

Föstudaginn 24. september kl. 17:00 til 22:00

PEOPLE

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Vísindin lifna við á Vísindavöku 2010

Ferðaglaðir fiskar og furðudýr sjávar, samskiptatækni og sprengjuvirkni, kínverska og kafbátar, ávaxtaflugur og fiðrildi, orkutækni, eldgos og undur alheimsins eru meðal þess sem sjá má á Vísindavöku Rannís í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu, föstudaginn 24. september klukkan 17-22.

Vísinda- og fræðimenn á Íslandi eru uppfullir af hugmyndum og eldmóði því aldrei hafa fleiri skráð sig til þátttöku á Vísindavöku, sem nú er haldin í fimmta sinn. Dagurinn er tileinkaður evrópskum vísindamönnum og haldinn hátíðlegur í helstu borgum Evrópu.



Aðalheiður Jónsdóttir, kynningarstjóri Rannís.

Markmiðið með Vísindavöku og atburðum henni tengdum er að kynna fólkið á bak við rannsóknirnar og vekja athygli á fjölbreytni og mikilvægi vísindastarfs í landinu.

Á Vísindavöku mun fræðifólk frá háskólum, stofnunum og fyrirtækjum kynna viðfangsefni sín fyrir almenningi á lifandi og skemmtilegan hátt. Gestir fá að skoða og prófa margs konar tæki og tól sem notuð eru við rannsóknir, skoða ýmsar afurðir og spjalla við vísindafólkið sjálft um hvernig er að starfa að vísindum, rannsóknum og nýsköpun.

Í ár verður lögð áhersla á lifandi vísindi og uppákomur á sviði og eru börn og ungmenni sérstaklega boðin velkomin á Vísindavöku. Sprengjugengið vinsæla mætir á sviðið, eldorgelið spilar og syngur, notendur stoðtækja koma fram og boðið verður í stjörnuskoðun og svartholspælingar.

Gestir geta reynt að reka Vísindavefinn á gat og fylgst með öruggum súkkulaðisendingum um internetið.

Vísindakaffi hafa verið í gangi alla vikuna um allt land og aðsókn verið einstaklega góð. Verið velkomin á Vísindavöku Rannís!

**● BRELLUR OG BRÖGÐ** Sprengjugengið samanstendur af helstu sérfræðingum Íslands í efnafræðibrellum og hafa meðlimir þess staðið fyrir efnafræðibrellusýningum sleitulaust síðan árið 2003. Gengið kemur fram á Vísindavöku í ár og ætla ekki að bregðast áhorfendum frekar en fyrri daginn. Meðal þess sem gestir geta átt von á í Hafnarhúsinu á morgun eru vökvar sem skipta um lit, ljósblossar og ýmiss konar sprengingar. Þetta er sýning sem engin má missa af.



**● NÝJUNG Í KRABBAMEINSMEÐFERÐ** PCI Biotech er lyfjaþróunarfyrirtæki, með höfuðstöðvar í Noregi, sem fæst við þróun á ljósörvaefnum til krabbameinslækninga. Á Vísindavöku verða kynntar niðurstöður úr fyrstu prófunum á sjúklingum, sem sýna góðan árangur, þar sem öll meðhöndluð æxli hafa horfið. Útibú fyrirtækisins á Íslandi fæst við þróun á örberum (nano-carriers), í samstafi við Háskóla Íslands, með það að markmiði að auka enn frekar virkni ljósörvaefna í krabbameinsmeðferð og draga úr óæskilegum áhrifum.



**● GREINING, MEÐFERÐ OG BATAHORFUR** Starfsfólk og nemendur við læknadeild Háskóla Íslands bjóða gestum Vísindavöku upp á að mæla blóðþrýsting, bæði í hvíld og eftir áreynslu ef vill. Eins verður skoðað hversu vel blóðrauðinn í slagæðablóðinu er mettaður súrefni, en þó þarf ekki að stinga neinn, því þetta er gert með klemmu á fingur. Þá munu nemar við lífeindafræði kynna nám sitt og starf fyrir gestum Vísindavöku en starf þeirra er mjög fjölbreytt. Þeir rannsaka ýmis sýni í þeim tilgangi að greining fáist á sjúkdómum, meðferð sé sem markvissust og að hægt sé að meta horfur sjúklinga.



**Útgefandi:** Rannís | **Heimilisfang:** Laugavegur 13, 101 Rvk. s. 515 5800
**Ábyrgðarmaður:** Aðalheiður Jónsdóttir | **Ritstjóri:** Helga Rún Viktorsdóttir
**Forsíða:** Hnotskógur | **Netfang:** rannis@rannis.is | **Vefsíða:** www.rannis.is/visindavaka
**Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is s. 5125471



Sævar Helgi Bragason og félagar úr Stjörnuskoðunarfélagi Seltjarnaness fjalla um viðfangsefni stjarnvísinda á Vísindavöku. Sævar er hér við stjörnusjónauka félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Loftsteinar og líf í geimnum



**Félagsmenn úr Stjörnuskoðunarfélagi Seltjarnarness ætla að kynna viðfangsefni stjarnvísinda á Vísindavöku á þann hátt sem þeim einum er lagið.**

„Fólki gefst þarna einstakt tækifæri til að handleika elsta grjót sem finnst á jörðinni, 4.500 milljón ára gamla loftsteina sem hafa fallið niður til jarðar og fundist í Kanada og Suður-Ameríku. Sumir eru úr járni og því eitt sinn í kjarna hnattar sem splundraðist, hugsanlega við risaárekstur. Ég veit ekki til að almenningi hafi áður boðist að skoða svona grjót á Íslandi," segir Sævar Helgi Bragason, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness, sem mun kynna viðfangsefni stjarnvísinda á Vísindavöku í ár.

Við það tilefni mun félagið afhjúpa Galíleósjónaukann og beina á Júpíter, Satúrnus og tunglið. „Fólk fær að sjá hvernig þetta birtist í gegnum sjónaukana og svo segjum við frá undrum alheimsins, sprengistjörnum, svartholum, vetrarbrautum og hvaðeina," segir Sævar og getur þess að Júpíter og nánasta umhverfi séu sérlega spennandi. „Plánetan er náttúrulega stærsta reikistjarna sólkerfisins, ellefu sinnum breiðari en jörðin og umkringd fjórum tunglum sem sjást í sjónauka. Þar af er eitt, Íó, eldvirkasti hnöttur sólkerfisins og annað, Evrópa, þakið þykku íslagi og undir því líkast til hafsjór og hver veit nema þar leynist líf, syndandi fiskar eða því um líkt."

Sævar segir að þeir sem eigi góðan stjörnusjónauka, til dæmis Galíeósjónauka, geti við viss skilyrði fylgst með veðráttunni á Júpíter. „Nýlega gáfum við öllum skólum landsins slíka sjónauka og á sýningunni verður hægt að kaupa þá í gegnum okkur á 5.900 krónur stykkið." Hann bætir við að nokkrir heppnir gestir fái svo gefins ljósmyndir úr Hubble-sjónaukanum af stjörnuþokum, vetrarbrautum og fleiru. *- rve*

# Furðudýr sjávar

Háskólasetur Suðurnesja, Sandgerði, er eitt af Rannsókna- og fræðasetrum Háskóla Íslands. Setrið tekur þátt í Vísindavöku fyrir hönd Stofnunar fræðasetra Háskólans þriðja árið í röð og sýnir furðudýr úr hafinu: krabba, krossfiska og margt fleira. Gestir Vísindavöku fá að handleika dýrin og starfsmenn setursins fræða fólk um þau en furðudýrin vekja ævinlega lukku, ekki síst hjá börnum.

Við setrið í Sandgerði er unnið að fjölbreyttum rannsóknum á lífríki sjávar, meðal annars útbreiðslu grjótkrabba sem er nýr landnemi við strendur Íslands. Rannsóknir á botndýralífi eru fyrirferðarmiklar í starfi setursins, en áhersla er lögð á að kanna áhrif mengandi efna á sjávardýr.

Grjótkrabbi er norður-amerísk tegund sem fannst fyrst hér við land 2006, en fyrir þann tíma fannst tegundin aðeins við austurströnd Norður-Ameríku. Erfðabreytileiki íslenska stofnsins bendir til þess að hann hafi borist hingað frá Halifax eða Nýfundnalandi í Kanada.



Gestir Vísindavöku fá að handleika sjávardýr sem Háskólasetur Suðurnesja sýnir líkt og verið hefur síðustu ár en dýrin vekja alltaf mikla lukku.

Grjótkrabbi er algengur í Hvalfirði en fullorðnir krabbar hafa einnig fundist í Kollafirði, Skerjafirði og Breiðafirði. Lirfur krabbans hafa nú fundist í töluverðu magni í Hvalfirði og innanverðum Faxaflóa, auk þess sem lirfur hans hafa fundist á Vestfjörðum.

**● HREYFIVÍSINDI** Rannsóknastofa í hreyfivísindum við námsbraut í sjúkraþjálfun, læknadeild Háskóla Íslands, er vísindaleg rannsóknastofnun. Með hreyfivísindum er átt við öll þau fræði sem tengjast hreyfingum mannslíkamans á einn eða annan hátt. Rannsóknastofan er vettvangur þekkingarmiðlunar og rannsókna- og þróunarstarfs á sviði hreyfivísinda og sjúkraþjálfunar.

Vísindavöku verða kynntir ýmsir rannsóknamöguleikar sem tækjakostur rannsóknastofu í hreyfivísindum býður upp á. Gestum og gangandi verður boðið að skoða og prófa smærri mælitæki; meðal annars þau sem notuð eru til styrkmælinga og til að meta setstöðu út frá þrýstingsdreifingu á stólsetu. Einnig verða sýnd gögn úr þrívíddar hreyfigreiningarbúnaði á tölvuskjá en búnaðurinn er sá eini sinnar tegundar á Íslandi.



# Dagskrá Vísindavöku

## 24. september 2010 kl. 17-22

## Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu

**Opnun Vísindavöku kl. 17.00**

Hallgrímur Jónasson forstöðumaður Rannís býður fólk velkomið

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra opnar Vísindavöku 2010

Afhending verðlauna fyrir teiknisamkeppni barna

## Atriði á sviði

- 17:00 Opnun og afhending verðlauna í teiknisamkeppni barna
- 17:40 Stendur Vísindavefurinn á gati?
- 18:00 Líf án takmarkana
- 18:20 Eldorgelið
- 18:40 SPRENGJUGENGIÐ!
- 19:00 Hvað gerist ef ég dett inn í svarthol?
- 19:30 Stendur Vísindavefurinn á gati?
- 20:00 Öruggar súkkulaðisendingar
- 20:20 Eldorgelið
- 20:30 SPRENGJUGENGIÐ!
- 21:00 Hvað gerist ef ég dett inn í svarthol?

## Þátttakendur og viðfangsefni

| | |
|---|---|
| Amivox | Amivox samskiptlausnir |
| ArcticMass | Efnagreiningar með massagreinum |
| Atomes Crochus | Mengum ekki umhverfið! |
| Áhættustýring | Hvað kostar bíllinn? |
| Bláa lónið | Lífsorka - með nýtingu náttúruaflanna |
| Hafmynd | Djúpfarið Gavia |
| Hafrannsóknastofnun | Víðförlir hvalir |
| HÍ - Sjúkraþjálfun | Sjúkraþjálfun og hreyfivísindi |
| HÍ - Lífeindafræði | Hvað er lífeindafræði? |
| HÍ - Læknadeild og lífeðlisfræði | Rannsóknir á öndun og blóðrás |
| HÍ - Næringarfræði | Matur er mannsins megin |
| HÍ - Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur | Japanskt mál og menning |
| HÍ - Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur | Konfúsíusarstofnunin |
| HÍ - Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur | Gagnvirkur vefur fyrir dönskukennslu |
| HÍ - Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur | Icelandic Online - lærðu íslensku á netinu. |
| HÍ - Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur | Ráðstefnutúlkun |
| HÍ - Bókmenntafræði | Íslenskir þjóðardýrlingar |
| HÍ - Mannfræði | Leitin að eðli mannsins |
| HÍ - Þjóðfræði | Leikir barna, ásatrú og veðurspár almennings |
| HÍ - Safnafræði | Er rusl samtíðarinnar þjóðminjar? |
| HÍ - Félagsráðgjöf | Rannsóknarstofa í barna og fjölskylduvernd |
| HÍ - Líffræði | DNA og ávaxtaflugur |
| HÍ - Jarðfræði | Eldgosin tvö |
| HÍ - Iðnaðarverkfræði | Rauntímavöktun með þráðlausum skynjarakerfum |
| HÍ - Umhverfis- og skipulagsverkfræði | Skipulag og samgöngur |
| HÍ - Menntavísindi | Stærðfræðinám - utan sem innan veggja skóla |
| HÍ - Menntavísindi | GeoGebra á Íslandi |
| HÍ - Menntavísindi | Lífstíll 7- 9 ára barna |
| HÍ - Vísindavefurinn | Stendur Vísindavefurinn á gati? |
| HÍ - Stofnun fræðasetra | Furðudýr sjávar |
| HÍ - Markaðs- og samskiptasvið | Velkomin í Háskóla Íslands |
| Háskólinn á Akureyri | Fjölskrúðugar bakteríur og fjörleg vísindasmiðja |
| RHA - Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri | Rannsóknir í þágu samfélagsins |
| HR - Lagadeild | Lagadeild |
| HR - Viðskiptafræðideild | Viðskiptafræðideild |
| HR - Tölvunarfræðideild | Tölvunarfræðideild |
| HR - Tækni- og verkfræðideild | Tækni- og verkfræðideild |
| HR - Sálfræði | Sálfræði |
| Hið íslenska náttúrufélag | Hið íslenska náttúrufræðifélag - miðlun þekkingar í 80 ár |
| Hjartavernd | Samband æðastirðleika við virkni og byggingu nýrna og heila. |
| Íslenskar orkurannsóknir - ÍSOR | Lesið í öskuna |
| Keilir - Orku- og tækniskóli | Þetta eru engin geimvísindi! Mekatróník og orkutæknifræði |
| Landbúnaðarháskóli Íslands | Háskóli lífs og lands |
| Landspítali | Umhyggja - Fagmenska - Öryggi - Framþróun |
| Laxfiskar | Ferðaglaðir fiskar |
| Listaháskóli Íslands | Reykjavíkurgötur |
| Marel | Hátækni í matvælaiðnaði |
| Marorka | Orkustjórnun í skipum |
| Matís | Okkar rannsóknir - allra hagur! |
| Máltæknisetur | Máltækni í verki |
| Mentor | Námsvegir |
| Náttúrufræðistofa Kópavogs | Margt leynist í krukkunni - fæðuþrep tjarnarinnar |
| Náttúrufræðistofnun Íslands | Á vængjum fögrum - fiðrildi |
| Nýherji | Þróun fartölva |
| Nýsköpunarmiðstöð Íslands | Allt frá steinsteypu til skapandi greina |
| PCI Biotech | Lyfjaefnagreining - Örtækni - Krabbamein |
| Roche NimbleGen Iceland | Örlögusmíði á norðurhjara veraldar |
| Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness | Undur alheimsins |
| Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum | Íslensk fræði - nýsköpun og miðlun |
| Veðurstofa Íslands | Veðurstofan - ný stofnun á traustum grunni |
| Vitvélastofnun Íslands | Árangursríkari frumkvöðlavinna - hermun og gervigreindartækni |
| Þekkingarnet Austurlands og Skógrækt ríkisins | Heiðarbýli og skógar Íslands |
| Þjóðfræðistofa | Þjóðfræði í sögu og samtíma |
| Össur | Líf án takmarkana |

11001111010011

**Allir velkomnir. Láttu sjá þig!**

www.rannis.is/visindavaka

Vísinda Vaka

Opið hús!

Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu

Föstudaginn 24. september kl. 17:00 til 22:00

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

PEOPLE

rannís

Laugavegi 13, 101 Reykjavík

sími 515 5800, rannis@rannis.is

www.rannis.is



**● GERVIGREIND** Vitvélastofnun Íslands kynnir rannsóknir sínar á gervigreind og hermun fyrir gestum Vísindavöku. Stofnuninni er ætlað að brúa háskóla og atvinnuveginn á þessum sviðum; hugmyndir „úr fílabeinsturnum" eru færðar nær markaðinum með markvissum verkefnum sem taka mið af þörfum atvinnuvegarins. Vitvélastofnun, sem er sjálfseignarstofnun, er meðal annars byggð á fyrirmyndum Media Lab í M.I.T. í Bandaríkjunum og Gervigreindarstofnunar Þýskalands (DFKI), en sú síðarnefnda var sett á laggirnar 1988 og 400 starfsmenn í þremur borgum. Vitvélastofnunin er styrkt af Rannís (Markáætlun fyrir öndvegissetur og klasa 2000-2015), leikjafyrirtækinu CCP og Háskólanum í Reykjavík. Vitvélastofnun leitar nú að fleiri samstarfsfyrirtækjum.




**● AÐ LEIKA MEÐ EÐLISFRÆÐI** Í leikskólum gefast daglega mörg tækifæri til að velta undrum veraldar fyrir sér. Undrum sem við tökum sem gefnum í okkar daglega lífi. Í leikskólum heyrast spurningar eins og: Af hverju dettum við ekki af jörðinni þegar hún snýst? Hvernig getur lítið vatnshjól lyft upp pakka? Hvernig hreyfast kúlurnar í sandinum? Af hverju flýtur sumt? Skiptir máli hvort sandurinn er blautur eða þurr? Eðlisfræði í leikskóla snýst um slíkar grundvallarspurningar. Á Vísindavöku ætlar Kristín Dýrfjörð, lektor við Háskólann á Akureyri, að setja upp litla tilraunastöð sem byggist á leik þar sem gestir á öllum aldri geta kynnst undrum eðlisfræðinnar með sjónarhorni barnsins.

**● FERÐAGLAÐIR FISKAR** Rannsóknafyrirtækið Laxfiskar hefur undanfarin ár fært sér í nyt nýjustu tækni við öflun nýrrar þekkingar á hegðun fiska í sjó og ferskvatni. Nýjar gerðir rafeindafiskmerkja og vöktunarbúnaðar hafa opnað leiðir til að kortleggja með nákvæmni ýmsa þætti í hegðun og umhverfi fiskanna. Þannig hefur reynst unnt að rýna í atferli þeirra til að svara áleitnum spurningum svo sem: hvaða hafsvæðum dvelur íslenskur lax á ætisgöngu? Hvernig beitir laxinn sér á leið sinni úr hafinu í ána til hrygningar? Á hvaða dýpi heldur birtingurinn sig í sjónum? Haga tröllvaxnir urriðar í Þingvallavatni sér öðruvísi en smærri meðbræður þeirra? Dvelja bleikjur á mismunandi svæðum í Hópinu eftir árstímum? Gestir Vísindavöku geta fylgst með íslenskum fiskum og velt vöngum yfir atferli urriða og laxa.



**● Á VÆNGJUM FÖGRUM** Yfirskrift sýningar okkar að þessu sinni er Á vængjum fögrum - Fiðrildi og verður þar kynning á fiðrildum á Íslandi, bæði íslenskum og þeim sem eru slæðingar eða flækingar – berast til landsins með vindum eða varningi. Kynnt verður verkefni um vöktun fiðrilda sem staðið hefur yfir hjá Náttúrufræðistofnun Íslands frá því á árinu 1995. Hægt verður að skoða ýmis fiðrildi á staðnum, stór sem smá, innlend jafnt sem erlend. Ýmislegt verður í boði fyrir börnin og skordýrasérfræðingur stofnunarinnar, Erling Ólafsson verður á staðnum til að svara spurningum gesta.





**● ÖSKUGJÓSANDI ELDFJALL** Orku- og tækniskóli Keilis ætlar að gefa gestum Vísindavöku tækifæri á að fræðast um starfsemi skólans og kynnast áþreifanlega þeirri tækni sem nemendur skólans fást við, bæði í tengslum við endurnýjanlega orkugjafa og mekatróník (þegar rafeinda- og hugbúnaðarfræði er notuð samhliða hönnun á vélbúnaði til að búa til sjálfvirkan búnað). Meðal þess sem verður hægt að skoða er öskugjósandi eldfjall sem búið var til fyrir ráðstefnu um Eyjafjallajökul og flugsamgöngur, nýtingu á mismunandi endurnýjanlegum orkugjöfum, hvernig nýta má sólarljós og vindmyllur til að rafgreina vetni. Gestir geta einnig fengið að keyra fjarstýrt módel af vetnisbíl, ásamt því að skoða hvernig nýta má leikjatölvur til að breyta hefðbundnum skjávörpum í snertiskjái.



Börnin taka þátt í hringdansi, leikjum og föndri í vinnusmiðjunni á Vísindavöku.

# Mengum ekki umhverfið!

**Franskur ormur verður í aðalhlutverki í vinnusmiðju á Vísindavöku sem ætlað er að fræða börn á aldrinum 4 til 8 ára um flokkun og endurvinnslu sorps, gegnum fræðslu og leik.**

Einn af stærri viðburðunum á Vísindavöku í ár er nokkurs konar vinnusmiðja fyrir börn á aldrinum fjögurra til átta ára. Atomes Crochus er heiti hennar. Þar er á ferðinni gagnvirk sýning þar sem kennsla og leikur fara saman. Markmiðið er að fræða börnin um skaðleg áhrif mengandi sorps í náttúrunni og kenna þeim að gefa má rusli annað líf með endurvinnslu. Fræðslu er komið fyrir í brúðusýningu, söng, hringdansi, leikjum og föndri úr ónýtu dóti. Þannig er reynt að vekja börnin til umhugsunar um hvað sé best að gera við allt ruslið sem við hendum, hvort við getum minnkað það eða breytt því í eitthvað annað, til dæmis skraut, dót eða leikföng.



Ævintýraheimur sem skapast kringum orminn franska er upplagður til að fræða ungviðið.

Aðalhlutverkið er í höndum franska ormsins Papolu sem hingað er kominn fyrir tilstuðlan Alliance Francaise í Reykjavík og franska sendiráðsins á Íslandi sem aðstoðuðu Rannís við að koma orminum til landsins.

Fólk getur verið sóðalegt þegar það fer út í náttúruna og skilur eftir sig pappír, dósir, plastpoka, ílát, flöskur og alls konar rusl. Ruslið og draslið er svo mikið og út um allt að dýrin komast ekki lengur í gegnum það og rata ekki heim til sín. Ormurinn þarf því á aðstoð barnanna að halda til að hreinsa allt rusl í burtu eins vel og hægt er.

Þetta er atburður sem öll fjölskyldan hefur gagn og gaman af. Ormurinn talar frönsku en honum innan handar verður túlkur sem segir börnunum á íslensku frá því sem fram fer og segir orminum hvað börnin eru að segja.

Smiðjan fer fram klukkan 17.30, 18.30 og 20 og tekur hver sýning um það bil 45 mínútur.

# Farsíminn færður úr fjötrum



Amivox er íslenskt sprotafyrirtæki sem ætlar sér stóra hluti í farsímaheiminum því ólíkt hefðbundnum fjarskiptafyrirtækjum tengjast viðskiptavinir þjónustunni alltaf í gegnum internetið. Þjónustan er aðgengileg frá öllum farsímum hvort sem þeir eru 2G, 3G eða af annarri gerð. Auk þessa býður fyrirtækið alla annars konar símaþjónustu eins og símtöl, SMS, frelsi og áskrift ásamt ýmsum nýjungum.

Hægt er að nýta farsímaþjónustu fyrirtækisins hvort sem notendur eru á Íslandi eða í útlöndum og frá öllum farsímafyrirtækjum í heiminum. Foreldrar geta borgað fyrir símtöl heim frá fátækum námsmönnum, vinir geta sent töluð skilaboð og hringt ódýrt heim til fjölskyldunnar ásamt því að geta spjallað frítt hvar og hvenær sem er.

Viðskiptavinir halda áfram í viðskiptum við sitt símafélag en geta átt inneign hjá Amivox sem þeim er frjálst að nota þegar þeir vilja og eingöngu er borgað fyrir notkun. Til að byrja að nota þjónustuna þarf að skrá sig á vef Amivox, www.amivox.com, og kaupa inneign. Þjónustan er aðgengileg frá öllum tegundum af vöfrum bæði úr farsíma og úr tölvum. Ef viðskiptavinur vill hringja, þá opnar hann Amivox-vefsíðu í farsímanum, pantar hvert á að hringja og tveimur til þremur sekúndum seinna hringir farsíminn hjá honum. Um leið og hann svarar er hringt í þann sem á að fá símtalið.

Tæknin er blanda af internetog símatækni og er til dæmis hægt að nota sömu inneign frá mörgum símanúmerum, senda inneign á milli símanúmera og jafnvel á milli landa.

**● DNA-ÖRFLÖGUR** Roche NimbleGen er leiðandi í framleiðslu á DNA-örflögum og þjónustu við örflögurannsóknir og selur einnig efnavöru og tæki til öflögurannsókna. Starfsemi Roche NimbleGen hófst á Íslandi árið 2002 og hefur á síðustu átta árum vaxið frá því að vera með fimm starfsmenn upp í um það bil 70. Unnið er á samfelldum vöktum við framleiðslu og eru flögur ýmist sendar viðskiptavinum eða nýttar í þjónusturannsóknir sem framkvæmdar eru hér á landi. Starfsmenn Roche NimbleGen munu bjóða gesti Vísindavöku upp á einfaldaða, myndræna framsetningu á fræðunum að baki smíði og notkun DNA-örflaga og svara spurningum þeirra.



Reykjavík International Film Festival



Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík
23. sept.–3. okt. 2010

Hefst í dag!

| Miðaverð Stakir miðar | Afsláttarkort (8 miðar ) | Hátíðarpassi gildir á allar myndir RIFF, ekki sérviðburði. Afsláttur á Réttir. | Fyrir nema og eldri borgara |
|---|---|---|---|
| 1.000 kr. | 7.000 kr. | 9.000 kr. | 7.500 kr. |

**Miðasala**
Nokkrir möguleikar eru á að kaupa miða á RIFF í ár líkt og undanfarin ár. Hægt er að kaupa staka miða á sýningar, afsláttarkort eða klippikort sem gildir á 8 sýningar og hátíðarpassa sem veitir aðgang að öllum sýningum hátíðarinnar.

**Eymundsson, Austurstræti 18**
**Opið frá 12-19, sími 540-2134**
Í upplýsingamiðstöð RIFF í Eymundsson er hægt að kaupa miða á allar myndir hátíðarinnar. Þar eru líka til sölu passar og klippikort. Samræmt miðasölukerfi hátíðarinnar er í boði Strikamerkis ehf.

**Sýningarstaðir**
1. **Bíó Paradís** Hverfisgötu 54. sími 412-7711
2. **Háskólabíó** Hagatorgi, sími 591-5145
3. **Norræna húsið** Sturlugötu 5, sími 551-7026
4. **Hafnarhúsið** Tryggvagata 17, sími 590-120
5. **Iðnó** Vonarstræti 3, sími 562-9700
6. **Tjarnarbíó,** Tjarnargötu 12, sími 561-0250

# Ungmenni Íslands og Úganda ekki svo ólík eftir allt saman

Ísland og Úganda eru tvær fyrrverandi nýlenduþjóðir Evrópuríkja sem fengu sjálfstæði um svipað leyti. Í byrjun var útlitið bjart hjá báðum þjóðum en vegna spillingar, óstjórnar og stríðsreksturs heltist Úganda úr lestinni og er það í dag það flokkað með fátækustu löndum heims. Rúnar Ingi Einarsson er einn þeirra sem gerði heimildarmyndina Ísland Úganda. Í myndinni fylgir hann og Garðar Stefánsson ungu fólki frá Íslandi og Úganda eftir. Ungmennin eiga ýmislegt sameiginlegt og starfa á sama sviði. Þau eru sjómenn, nemar, leikarar og frumkvöðlar.

### Hvað leiddi til þess að þið báruð saman ungmenni á Íslandi og í Úganda?

Við vildum reyna nýja hluti og prófa okkur áfram með heimildarmyndarformið. Við höfðum aldrei rekist á verkefni sem fjallar um álíka viðfangsefni. Það er, að draga upp mynd af ungmennum frá tveimur mjög ólíkum löndum sem starfa við það sama. Við ákváðum að einblína á ungt fólk þar sem okkur fannst við geta komist í tæri við núverandi aðstæður á sem bestan hátt. Einnig að varpa ljósi á hvernig framtíðin lítur út fyrir þessum þjóðum. Þegar við höfðum þróað hugmyndina enn frekar sóttum við um styrk til Ungs fólks í Evrópu sem við fengum og þá var ekki aftur snúið. Ástæða þess að við völdum að bera Úganda saman við Ísland er sú að bæði ríkin hlutu sjálfstæði á svipuðum tíma og bæði ríki reiða sig mjög á landbúnað og sjávarútveg.

### Eigið þið ekki góðar ferðasögur frá ferð ykkar til Úganda?

Heilan helling! Við dvöldum í höfuðborginni Kampala í um mánuð þar sem við bjuggum á hosteli með mörgum skrautlegum karakterum. Við fengum að vita að við værum í fjórða sæti yfir fólk sem dvaldi lengst á þessu hosteli, sem var sko ekkert Hilton hótel. Eitt minnistætt atvik er þegar við fórum á Lake Victoria vatn til þess að kvikmynda sjómanninn okkar. Maðurinn sem sigldi með okkur hafði ekki sett nógu mikið eldsneyti á vélina áður en við fórum, svo við vorum fastir í miðju vatninu með engar talstöðvar, enga síma eða nokkuð annað. Og aðeins nokkrum mínútum áður hafði okkur verið sagt að rétt hjá höfðust krókódílar við og þeir höfðu étið nokkra sjómenn lifandi örfáum dögum áður. Blessunarlega fengum við hjálp og komumst leiðar okkar eftir örvæntingarfulla stund. Við notuðum líka síðustu daga okkar í Úganda til að heilsa upp á frændur okkar fjallagórillurnar, sem eru aðeins um 700 talsins í dag. Það var mögnuð upplifun.

### Funduð þið eitthvað sameiginlegt með ungu fólki á Íslandi og í Úganda?

Markmið okkar var ekki að gera heimildarmynd um ungt fólk frá Afríku í neyð, með fullri virðingu fyrir því sem hefur áður verið gert. Við vildum horfa til nútímalegs ungs fólks, sjá hvernig líf þeirra er í dag og hvort við getum samsamað okkur því. Þegar við komum þangað hittum við fólk sem átti kannski ekki eins mikinn pening og Íslendingar hafa vanist, en fólk sem deildi svipuðum hugmyndum og var að kljást við svipaða hluti. Það sem aðskilur þessi ríki einna helst, er að Ísland og Úganda, þó þau hafi hlotið sjálfstæði á svipuðum tíma, hefur þeim verið stýrt með afar ólíkum hætti. Það er mögulega sá bakgrunnur sem er mest ólíkt með ungmönnunum sem fjallað er um. Við erum ekki svo ólík að innan og öll ungmennin í myndinni okkar, bæði frá Íslandi og Úganda, deila þeim metnaði að vilja ná takmörkum sem þau hafa sett sér og búa við frelsi sem gerir þeim kleift að lifa lífinu eins og þau vilja.



### Hyggið þið Garðar á frekara samstarf? Eruð þið með eitthvað spennandi í burðarliðnum?

Ísland Úganda er fyrsta heimildarmyndin sem við vinnum saman að og við höfum rætt um frekara samstarf en þó ekkert sem við erum tilbúnir að tala um opinberlega. Það væri þó áhugavert að klippa saman gerð myndarinnar Ísland Úganda, þar sem við eigum fullt af skemmtilegu aukaefni.

# Svaraði kalli til palestínskra kvikmyndagerðarmanna

Á RIFF í ár eru Palestína og Afganistan í brennidepli Fjölmargar fréttir berast nær daglega frá þessum stríðshrjáðu ríkjum og kannski erum við að vissu leyti orðin ónæm fyrir inntaki þeirra. Málþing tengt flokknum fer fram 24. september í Þjóðminjasafninu. Að málþinginu standa RIFF og Alþjóðlegur jafnréttisskóli við Háskóla Íslands (GET-program). Auk fulltrúa GET, sem eru nemendur frá Palestínu og Afganistan, munu ýmsir kvikmyndagerðarmenn taka þátt í umræðum á málþinginu. Meðal þeirra er Fahad Jabali, en hann er leikstjóri stuttmyndarinnar Far Away War sem er ein af stuttmyndunum Vetur á Gasa. Jabali samþykkti að svara nokkrum spurningum.



## Getur þú sagt okkur aðeins frá sjálfum þér?

Faðir minn er frá Palestínu en móðir mín er héðan. Ég er fæddur og uppalinn á Íslandi og hef starfað sem kvikmyndargerðarmaður síðustu tuttugu árin. Ég hef unnið að einni kvikmynd í fullri lengd í Ramallah og vinn nú að þróun og framleiðslu á annarri. Fyrirtæki mitt vinnur að heimildarmynd sem verður tekin upp á sjálfsstjórnarsvæðum Palestínu.

## Hvað getur þú sagt okkur um stuttmyndina þína, Far Away War sem sýnd er á hátíðinni í ár?

Það var stuttu eftir að árásirnar á Gasa hófust sem Najwa Najjar, framleiðandi og leikstjóri, kallaði til palestínskra kvikmyndagerðarmanna víðs vegar um heiminn til að taka þátt í verkefninu Vetur á Gasa. Í því fólst að gera þriggja mínútna stuttmyndir til að vekja fólk til umhugsunar um það sem er á seyði í Palestínu og á Gasa sérstaklega. Ég, í samstarfi við kvikmyndafélagið Ljósband, svaraði kallinu og gerðum við myndina Far Away War sem gerist öll á Íslandi. Sársauki annarra tekur á meðan myndirnar lifa fyrir augum okkar en sársaukinn er jafnhverfull og minningin um myndirnar af honum.

## Hvernig upplifðir þú dvöl þína á svæðinu? Geta þessar þjóðir átt von á friði og betra lífi í framtíðinni?

Ég kynntist svæðinu og vandamálum fólksins þar á meðan ég var að vinna en ég hef einnig fylgst með úr fjarlægð frá blautu barnsbeini. Ég veit ekki hvort fólkið á þessu svæði getur vænst friðar í nánni framtíð. Það sem ég veit er að þessi mál eru óendanlega flókin og það eru ekki margir sem skilja þau til hlítar. Mínar væntingar í garð sýninga á Vetur á Gasa eru að þessi vandamál haldist ljóslifandi í hugum fólks og að umræðurnar fjari ekki út. Á sama hátt og allar umræður eru af hinu góða geta kvikmyndir ekki annað gert en að hjálpa.

# Alþjóðleg vinnustofa um óháða kvikmyndagerð

RIFF heldur fimm daga vinnustofu um sjálfstæða kvikmyndagerð, undirbúning jafnt sem framleiðslu, eftirvinnslu og leiðir til að koma verkum á framfæri. Kvikmyndahátíðina í ár sækja margir erlendir gestir sem halda fyrirlestra og stýra umræðum og hugmyndavinnu. Þessir gestir hafa yfir mikilli reynslu að búa á sviði kvikmyndagerðar og því er tilvalið fyrir allt áhugafólk um kvikmyndagerð að hlýða á framsögur þeirra og taka þátt í umræðum. Dagskrá vinnustofunnar spannar vítt svið og meðal annars verður fjallað um gerð leikinna mynda og heimildamynda og um hlutverk kvikmyndahátíða og kvikmyndasölufyrirtækja. Vinnustofan hefst á framsögu Laird Adamson frá Magnolia Pictures, en hann mun ræða um kynningu nýrrar kvikmyndar á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum og -mörkuðum. Henni lýkur með spjalli N. C. Heiken um framleiðslu og leikstjórn heimildamynda, en heimildamynd hennar Kimjongilia er sýnd á hátíðinni í ár. Nánari upplýsingar varðandi skráningu og annað má finna á riff.is.



# Mótar kvikmyndalandslag komandi ára

Frá byrjun hefur eitt af aðalmarkmiðum RIFF verið að hvetja unga leikstjóra. Í ár verður vakin sérstök athygli á einum ungum leikstjóra sem hefur skarað fram úr á undanförnum árum og þykir líklegur til þess að móta kvikmyndalandslag komandi ára. Sá er ungverskur, heitir Benedek Fliegauf og fer þar fyrir nýrri kynslóð ungverskra kvikmyndagerðarmanna. Nýjasta mynd hans heitir Móðurlíf (Womb) og er framtíðarmynd um ástina.

## Hvað geturðu sagt okkur um myndina Móðurlíf?

Rebecca og Tommy verða ástfangin í byrjun sögunnar sem börn. Tólf ára aðskilnaður skiptir engu máli. Þegar þau hittast aftur sem fullorðnir einstaklingar er samband þeirra eins og ekkert hafi í skorist. Ást þeirra hvers til annars eldheit. Tommy og Rebecca eru eins og leiksoppar æðra valds sem heldur þeim saman. Á þann hátt er Móðurlíf ástarsaga. Stemningin í myndinni og uppbyggingin gera að verkum að myndin er öðru fremur ævintýri, frekar en vísindaskáldsaga. Myndin á helst eitthvað skylt við goðsöguna um Orfeus og Evridís.

## Hvernig var að vinna með svona ungum leikurum?

Ég hef reynslu af því að vinna með börnum þar sem amma mín rekur barnaskóla. Persónulega nýt ég þess að vinna með börnum að kvikmynd. Þau hafa róandi áhrif á tökuliðið. Ég hef líka gaman að því að sjá hvernig börnin þroskast hratt og aðlagast aðstæðum. Og einnig verða sumar aðstæður barnalegar þegar þau eru nálægt! Hins vegar man ég varla eftir neinum erfiðleikum sem komu upp við tökurnar.

## Í myndinni kemur klónun við sögu. Sérð þú fyrir þér að klónun manneskja verði sjálfsögð í framtíðinni?

Ákvörðun Rebeccu að fæða klón Tómasar byggist fyrst og fremt á tilfinningu sem kemur frá hjartanu en ekki rökhugsun. Ég trúi ekki að við vitum alltaf afhverju við gerum það sem við gerum. Hún trúir því í einlægni að lífið hafi gefið okkur tækifæri. Að klónun sé einstakt tækifæri til að gefa einhverjum dýrmætustu gjöfina sem til er, gjöf lífsins. Ég dreg það stórlega í efa að vísindamenn og læknar taki Móðurlíf mjög alvarega, en ég lenti þó í furðulegu atviki rétt áður en tökur hófust. Einn daginn var ég að spjalla við nágranna minn, sem er geislafræðingur, um muninn á vísindum og menningu. Hann sagði það mjög algengt að listamenn veittu rannsakendum og vísindamönnum innblástur. Ég var hissa, því ég hafði alltaf haldið að þetta væri þveröfugt. Sannleikurinn er sá að við erum alls ekki langt frá því að klóna mannverur. Mín trú er sú að á endanum muni neysludrifið samfélag okkar markaðsvæða líf og dauða. Þetta er líklegast aðeins spurning um gróðavon.

23. sept. – 3. okt.

Reykjavík International Film Festival



Upplýsingamiðstöð Reykjavík International Film Festival er í Eymundsson Austurstræti

Upplýsingamiðstöð vegna Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík verður í Eymundsson í Austurstræti dagana 15. september til 3. október. Þar er hægt að kaupa miða og fá upplýsingar um viðburði hátíðarinnar. Verið velkomin!

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

**Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík**
23. sept.–3. okt. 2010
**Hönnun:** ENNEMM
**Blaðaðmaður:** Guðný Hrafnkelsdóttir.

Tólf myndir keppa um aðalverðlaun RIFF í ár. Keppnisflokkurinn nefnist Vitranir, en í þeim flokki tefla nýir leikstjórar fram sinni fyrstu eða annarri mynd í keppni um að verða útnefndir Uppgötvun ársins. Sigurvegarinn hlýtur svo aðalverðlaun hátíðarinnar, Gyllta lundann, sem var hannaður af Stefáni Pétri Sólveigarsyni.



### Mauraæta
Aardvark



Blindur og einmana maður sem er að ná sér af áfengissýki fer að læra Jiu Jitsu. Þar kynnist hann leiðbeinanda sínum vel og verður í kjölfarið var við jákvæðar breytingar á bæði líkama og sál.

### Blóm hins illa
Flowers Of Evil
Fleurs Du Mal



Ungfrú Dalloway, ung yfirstéttarkona frá Teheran í Íran, er send til Parísar þegar foreldrar hennar vilja koma henni undan hinu pólitíska ofbeldi sem á sér stað í Íran.

### Mandoo
Mandoo



Ungur kvenkyns læknir, Sheelan, hefur snúið aftur til Írak með foreldrum sínum frá Svíþjóð, en þangað flúðu þau úr flóttamannabúðunum mörgum árum áður. Hún finnur gamlan frænda sinn sem hefur misst málið eftir heilablóðfall. Hann vill komast aftur til Íran á heimaslóðir til að eyða sínum síðustu dögum þar.

### Á Ellenar aldri
At Ellen's Age
Im Alter von Ellen



Þó starf Ellenar sem flugfreyja haldi henni á ferð og flugi þá finnst henni einkalífið óspennandi. Einn daginn yfirgefur hún flugvél sem er um það bil að taka á loft. Þar sem hún gengur eftir flugbrautinni veit hún að hún er að hefja nýtt líf.

### Hin sanna Ameríka
Inside America



Sex unglingar eru að ljúka námi við framhaldsskóla í borginni Brownsville í Texas. Þeir þurfa að berjast fyrir framtíð sinni inn á milli kennslustunda, en tekst samt að halda í lífskraftinn og drauma sína.

### Attenberg
Attenberg



Marina sem er 23 ára elst upp ásamt föður sínum, sem er arkítekt, í venjulegum verksmiðjubæ við hafið. Henni þykir fólk andstyggilegt og kýs að halda sig til hlés. Hún kynnir sér hins vegar mannlegt atferli með því að hlusta á söngva um sjálfsvíg.

### Á morgun
Tomorrow
Morgen



Nelu býr í Salonta, litlum bæ við landamæri Rúmeníu og Ungverjalands. Einn morgun veiðir Nelu nokkuð óvenjulegt; Tyrkja sem er að reyna að komast yfir landamærin. Tyrkinn gefur honum alla þá peninga sem hann hefur og biður hann í kjölfarið að hjálpa sér yfir landamærin. Nelu tekur við peningunum og lofar að hjálpa honum á morgun.

### Skírnin
The Christening
Chrzest



Michal hefur yfirgefið heimabæinn, Tarnów, til þess að setjast að í Varsjá. Í stórborginni lifir hann góðu lífi ásamt fallegri konu sinni, Mögdu, og nýfæddum syni. Allt virðist leika í lyndi þegar gamall vinur, Janek, kemur til borgarinnar en í ljós kemur að Michal á óuppgerð mál við fyrrverandi viðskiptafélaga sinn, Gruby.

### Söngur morgundagsins
Song of Tomorrow
Framtidens melodi



Stig Manner lifir frekar óheillandi lífi sem kaupmaður fyrir flóamarkaði. Vinur hans, Janus, er meira bóhem en vinnur fyrir sér sem farandsöngvari, milli þess sem hann hjálpar Stig. Stig hefur mikla trú á hæfileikum Janusar og telur að lausn á vanda þeirra felist í að hann taki að sér að markaðssetja Janus sem gríðarlega hæfileikaríkan listamann.

### Fjögur skipti
The Four Times
Le Quattro Volte



Gamall fjárhirðir eyðir ævikvöldinu í rólegu miðaldaþorpi í hlíðum Kalabríu á Ítalíu þar sem hann smalar geitum. Hann er veikur en trúir því að lækningu sé að finna í ryki sem hann safnar saman á kirkjugólfi og setur út í vatnið sem hann drekkur á hverjum degi.

### Jó fyrir Jónatan
Jo for Jonathan
Jo pour Jonathan



Hinn 17 ára gamli Jo dýrkar stóra bróður sinn, Thomas, sem er mikill bílaáhugamaður og kvartmílukeppandi. Kvöld eitt endar ein slík keppni með hræðilegu slysi.

### Littlerock
Littlerock



Þegar bifreið ungrar japanskrar stúlku bilar þar sem hún er í skoðunarferð um Kaliforníu finnur hún lítinn og eyðilegan bæ þar í grennd. Stúlkan finnur fljótlega til mikils frelsis og ákveður að vera áfram í bænum.



## Stigið inn í eitursúra veröld Matsumotos

Aðalmarkmið miðnæturdagskrár RIFF er að gera tilraun til að varpa ljósi á dekkri hliðar kvikmyndaheimsins. Að þessu sinni verður kastljósinu beint að japanska leikstjóranum Hitoshi Matsumoto Hann varð frægur í Japan sem hluti af gamantvíeykinu Dauntaun sem hóf göngu sína 1983 og er enn í fullu fjöri. RIFF býður öllum áhugamönnum um skrýtið bíó að stíga inn í eitursúra veröld Matsumotos. Gunnar Theódór Eggertsson hefur umsjón með Miðnæturbíói í ár og svarar fyrir þær sýningar.

### Getur þú lýst heimi Matsumoto með nokkrum orðum?

Kvikmyndir Hitoshi Matsumoto, Japanski risinn og Tákn, eru litríkar og draumkenndar, frumlegar og bráðfyndnar. Þær eru sambland af fantasíu og raunsæi og eru á mörkum margra ólíkra kvikmyndastefna – uppfullar af undarlegum skrímslum og reðurtáknum. Þú getur horft á þessar myndir með ljósin slökkt eða kveikt, það skiptir ekki máli. Það sem er sannarlega skrýtið ætti að virka í hvaða samhengi sem er.

### Hvernig myndir þú lýsa dekkri hliðum kvikmyndaiðnaðarins?

Dökku hliðar kvikmyndabransans endurspegla dökku hliðar mannkynsins, en eru venjulega birtar á ýktan og öfgafullan hátt. Tilraunamyndin Hinsta hold, sem verður sýnd einu sinni á RIFF, er fulltrúi myrkari mynda í ár – mynd gerð með hjálp vafasamra fyrirtækja sem endurspegla mjög raunverulega, dökka hlið samfélagsins. En allt litrófið getur átt heima í Miðnæturbíóinu, svo lengi sem myndir ganga nægilega langt í fjarstæðukennd og fantasíu.

### En hvað með þá sem eru viðkvæmir, ættu þeir að fara á þessar myndir?

Kvikmyndir Matsumotos eru alls ekki gerðar fyrir viðkvæman markhóp. Veikt hjarta ætti ekki að skipta sköpum, en sterkur hugur hjálpar, þar sem kvikmyndir hans ramba á mörkum geðveiki og ætti að skilja áhorfendur eftir með heilbrigðan skammt af ringulreið.

## Hvað ætla þau að sjá?



**Kolbrún Halldórsdóttir**
Forseti BÍL og fyrrverandi umhverfisráðherra

Ég ætla að setja umhverfismyndirnar í forgang að þessu sinni. Þær eru sjö talsins, allar mjög athyglisverðar, fjalla um fjölbreytileg efni og mér finnst mikilvægt að sem flestir sjái þær, enda sjaldan sem Íslendingar fá tækifæri til að sökkva sér ofan í vitræna umfjöllun um umhverfismálin.



**Edda Hermannsdóttir**
Spyrill í Gettu betur

Það er úr heldur betur mörgu að velja, en þónokkrar myndir vöktu mikinn áhuga hjá mér. Mér finnst myndin Monica og David áhugaverð því gleðin frá einstaklingum með downsheilkenni smitar út frá sér, því er margt gott hægt að læra af þeim. Danskar myndir hafa alltaf verið vinsælar á mínu heimili og þessi saga vakti athygli mína. Ekki alls fyrir löngu var sýnd heimildamynd um Dalai Lama sem var mjög áhugaverð. Saga Tíbetbúa er svo ótrúleg en jafnframt sorgleg. Það væri því fróðlegt að sjá heimildamyndina Þegar drekinn gleypti sólina um sögu þeirra.



**Steinþór Helgi Arnsteinsson**
Umboðsmaður Hjaltalín

Frakkinn Vincent Moon hefur undanfarin ár innleitt algera byltingu í tónlistarmyndböndum sínum og hefur auk þess breytt hugarfari tónlistarmanna um hvernig þeir eiga að tjá listsköpun sína fyrir framan myndavélar. Undraverður gæi sem maður heillast auðveldlega af. Því langar mig að fara á Kaffi Rósenberg, þar sem hann mun aðeins segja frá vinnu sinni, og líka að sjá myndina hans Lítið, blátt, ekkert. Mér finnst hugmyndin að myndinni Gufa lífsins frábær, finnskir karlmenn að opna sig í sánunni. Samtöl karlmanna verða sjaldan dýpri en einmitt í góðri sánu enda sálin þar nakin í orðsins fyllstu merkingu. Það væri einmitt gaman að horfa á þessa mynd í sánu, helst þó með bjór í hönd.

## Magadansmeyjar, doktorsnemar og húsmæður í Vogunum

**Þórdís Nadia Semichat, grínisti og stofnandi uppistandshóps stelpna, er meðal viðfangsefna í einni af fjölmörgum heimildarmyndum RIFF, Uppistandsstelpur. Stelpurnar eru úr ýmsum áttum. Þar á meðal anarkistar og magadansmeyjar, doktorsnemar og húsmæður í Vogunum. En eru þær fyndnar? Í myndinni er fylgst með sorgum þeirra og sigrum, drama og djóki.**




### Hvert er þitt hlutverk í kvikmyndinni Uppistandsstelpur?

Mitt hlutverk er það sama og hinna stelpnanna. Við fórum í viðtöl þar sem aðalumræðuefnið var hvernig það er að vera kvenkyns uppistandari á Íslandi. Ég hef alltaf verið frekar fyndin, en aldrei þorað að vera það uppi á sviði. Síðan fór uppistand að verða áberandi á Íslandi, en samt voru engar stelpur sjáanlegar. Svo ég ákvað að stofna uppistandshóp bara með stelpum.

### Hver er boðskapur myndarinnar?

Að stelpur láti í sér heyra. Ég lofa ykkur, að þegar þið sjáið myndina, munið þið hrífast með og framkvæma hugmyndir sem þið hafið gengið með í kollinum í mörg ár. Og ekki gleyma að eftir að myndin hefur verið frumsýnd 25. september, verðum við með uppistand á Næsta bar. Ekki missa af því!

Vítamín
Heilsuvörur

Vítamín- og heilsuvörudagar verða í Reykjavíkur Apóteki dagana 23. – 25. september

20%
afsláttur

Kynning á Biomega og Hafkalki, föstudaginn 24. september frá kl. 15-18.

now®

NOW heilsuvörurnar ávallt tiltækar og nú á góðum afslætti!




Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

# Stormur og gola í lungum

**Veðurstofa Íslands stendur nú á níræðu, en er síung og sífellt að bæta við sig verkefnum.**



Sigurlaug Gunnlaugsdóttir er útgáfustjóri Veðurstofu Íslands sem tók til starfa fyrir 90 árum. Í tilefni afmælisins verða sýndar myndir úr sögu stofnunarinnar og fleira eldheitt og spennandi efni sem tengist eldgosum ársins á Vísindavöku, en þau hafa tekið mikinn tíma starfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þótt Veðurstofan reki aldur sinn til 1920 hefur hlutverk hennar breyst og aukist í tímans rás. Þannig byggir hin nýja Veðurstofa, sem var stofnuð í janúar 2008, á grunni nokkurra eldri stofnana,“ segir Sigurlaug Gunnlaugsdóttir, útgáfustjóri Veðurstofu Íslands, sem upphaflega var stofnuð sem veðurfræðideild í þáverandi Löggildingarstofu, sem fimm árum seinna var lögð niður.

„Stofnun Veðurstofu Íslands var partur af því að byggja upp innviði landsins sjálfstætt, og vísindin um leið. Veðurstofan óx svo verulega í seinni heimsstyrjöldinni þegar þurfti að fylgjast mjög náið með veðri því flugumferð í kringum landið var afskaplega mikilvæg fyrir heiminn. Á þeim árum fengu íslenskir veðurfræðingar stórt hlutverk sem þeir risu vel undir og hafa þróað allar götur síðan,“ segir Sigurlaug.

Í dag starfar Veðurstofa Íslands á þremur sviðum: eftirlits- og spásviði, athugunar- og tæknisviði og úrvinnslu- og rannsóknarsviði.

„Viðfangsefni Veðurstofunnar varða ekki lengur bara veðurfar heldur alla eðlisþætti jarðar; loft, vatn, snjó og jökla, jörð og haf. Unnið er að fjölbreyttum verkefnum sem tengjast veðri, hafís, mengun, loftlagsbreytingum, ofanflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni, hniki á yfirborði jarðar, vatnafari, jöklabúskap, hlaupum og flóðum, sem allt flokkast undir vá af náttúrunnar völdum og þarf að fylgjast með, safna gögnum um, rannsaka og vara við. Í tengslum við verkefnin er rekið umfangsmikið kerfi margvíslegra mæla og má finna gögn á vefsíðu okkar sem almenningur og vísindamenn geta gengið að og eru einstæð í heiminum,“ segir Sigurlaug.

Í árdaga Veðurstofu Íslands var veðurfréttum dreift í gegnum símstöðvar og þær hengdar upp á almannafæri, en allt frá upphafi útvarpsútsendinga var farið að útvarpa veðurspá.

„Veðurathuganir hér á landi eru eldgamlar og höfum við tekið þær saman aftur fyrir Jónas Hallgrímsson og aðra náttúrufræðinga 19. aldar. Síðan hefur veðurfræðin þróast og Íslendingar farið utan til náms í veðurfræði, en nú starfa hér miklu fleiri fagmenn, eins og jarðeðlisfræðingar, verkfræðingar, sérfræðingar á sviði vatna og fleiri,“ segir Sigurlaug og viðurkennir að Veðurstofan sé spennandi vinnustaður 270 manna.

„Eldgosin frá mars fram í júní voru flókin og erfið fyrir okkur starfsfólkið en minntu okkur líka á hversu spennandi vinnustaður Veðurstofan er. Við erum ánægð með okkar framlag þar þótt vitaskuld þurfi ýmislegt að bæta og þróa eftir lærdóm slíks ferlis, því við erum jú sífellt að læra meira í óblíðri náttúru Íslands,“ segir Sigurlaug.

Á Vísindavöku ætlar Veðurstofan einmitt að gefa gestum innsýn í það heitasta og svartasta sem fyllti forsíður fréttamiðla í öllum löndum í vor: eldgosið í Eyjafjallajökli. „Gestir geta líka kynnst 90 ára sögu Veðurstofunnar í gegnum myndasyrpu og börn á öllum aldri fá tækifæri til að leika hvassviðri með því að blása í vindmæli. Þá kemur í ljós hversu mikið loft fólk hefur í lungum, því sumir blása stormi meðan aðrir anda golu eða léttum andvara.“ *- þlg*

# Borgarmynstur rannsakað

Nýútkomin bók, Reykjavíkurgötur 2010: Lækjargata, Fríkirkjuvegur, Sóleyjargata, verður kynnt á Vísindavöku í ár. Bókin er fyrsti hluti af væntanlegri ritröð, byggðri á könnunum og skrásetningu nemenda við Arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands á götum borgarinnar. Sigrún Birgisdóttir, lektor og fagstjóri í arkitektúr, hefur leitt verkefnið ásamt Massimo Santanicchia arkitekt.

„Við einblínum á þær götur sem sýna sem flóknast byggðamunstur í Reykjavík. Nemendur skoða hverja götu eftir því hvernig hún er byggð upp, hvaða eiginleika er að finna í götunni og hvers konar samfélag byggist upp í kring,“ útskýrir Sigrún.

Hún segir rannsóknir af þessu tagi ekki algengar á Íslandi, meðal annars vegna þess hve stutt er síðan kennsla í arkitektúr hófst hér á landi eða 8 ár. „Eins er þéttbýlisbyggingasaga Íslands ung en aðkallandi að kryfja hana og skilja betur.“

Aðspurð segir Sigrún ekki eiginlegar niðurstöður liggja fyrir. Meira sé um að ræða grunnrannsóknir til að byggja á síðar. „Það fer allt eftir því hvernig við horfum á borgina, hvernig við breytum henni. Þess vegna er mikilvægt að byggja upp þá hefð að skoða og skrásetja. Í því felst þekkingarsköpunin og þá koma í ljós þau verkfæri og séríslenskar aðferðir til að nota við uppbyggingu og breytingar.“

Verkefnið fékk styrk frá Þjóðhátíðarsjóði og skipulags- og byggingarráði Reykjavíkurborgar. Fyrsta bókin fjallar um Lækjargötu, Fríkirkjuveg og Sóleyjargötu, í haust kemur svo út eldri rannsókn á Hverfisgötu og í vor verður gefin út sú rannsókn sem fer fram í vetur.



Sigrún Birgisdóttir, lektor og fagstjóri í arkitektúr við LHÍ, heldur utan um verkefnið Reykjavíkurgötur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bókin verður fáanleg á Vísindavökunni en eins og er fæst hún í Listaháskólanum. Fljótlega verður bókin svo fáanleg í bókabúðum.

*- rat*

**ASKA Í NÝJU HLUTVERKI** ICI Rheocenter er öndvegissetur Nýsköpunarmiðstöðvar í sementsbundnum efnum. Setrið sérhæfir sig í flotfræði sementsbundinna efna og býr yfir sérfræðiþekkingu og hágæða tækjabúnaði. Ein af þeim rannsóknum sem kynntar verða á Vísindavöku er notkun eldfjallaösku og/eða annarra íauka sem hluta af hráefnum í hágæða- og umhverfisvæna steinsteypuframleiðslu. ICI Rheocenter hefur með rannsóknum sínum sýnt fram á að hægt sé að minnka sementsmagn í steinsteypu um allt að þriðjung með svokallaðri Eco-SCC lausn. Stefnt er að enn betri árangri í nýju verkefni þar sem meðal annars á að þróa umhverfisvænustu steinsteypu sem völ er á.






**DJÚPFARIÐ GAVIA** Fyrirtækið Hafmynd kynnir djúpfarið Gavia á Vísindavöku en Gavia er ómannaður kafbátur sem hefur verið í þróun frá árinu 1997. Verkefninu var hrint úr vör í samvinnu við Háskóla Íslands en er nú að fullu í eigu Hafmynda sem árið 2007 fékk íslensku nýsköpunarverðlaunin. Gestir Vísindavöku geta virt fyrir sér sýningareintak af djúpfarinu sem notað er hjá Landhelgisgæslunni og hefur meðal annars átt þátt í að finna skipsflak sem sökk í seinni heimsstyrjöldinni.

**KNÝJANDI FORVITNI**
Mannfræðibás Vísindavöku verður hinn líflegasti í ár. Boðið verður upp á nokkrar léttar mannfræðilegar þrautir fyrir gesti og gangandi til að kynna fyrir þeim um hvað mannfræðin snýst. Auk þess verður te og eitthvert góðgæti á boðstólum. Mannfræðin skiptist aðallega í líffræðilega mannfræði og félags- og menningarmannfræði og mun básinn endurspegla það. Ýmsir munir tengdir fræðunum munu vera til sýnis auk þess sem vegfarendur munu geta skyggnst inn í heim mannfræðinnar með því að skoða myndasýningu sem verður varpað á vegg með hjálp skjávarpa.



**STENDUR VÍSINDAVEFURINN Á GATI?** Vísindavefur HÍ verður að sjálfsögðu með bás á Vísindavökunni. Þar geta gestir tekið þátt í spurningakeppni, fengið fróðleiksmola og fræðst um nútímavísindi. Vísindavefurinn mun meðal annars kynna fyrir gestum hvort hægt sé að gera hluti ósýnilega, svara því af hverju eldgos verða og hvort einhver eldgos séu úti í geimnum. Vísindavefurinn verður einnig með dagskrá á palli í anddyri Hafnarhússins. Þar geta gestir og gangandi spurt Þorstein Vilhjálmsson, prófessor í vísindasögu og eðlisfræði, um hvaðeina sem snertir vísindi og hann ætlar að reyna að svara samstundis. Veit hann til dæmis af hverju rándýr eru til, hvort hægt sé að beygja skeiðar með hugarorku eða hvort hægt sé að búa til vél sem nær ljóshraða? Þeir sem fá Þorstein til að standa á gati gætu unnið ókeypis námskeið í Háskóla unga fólksins um samningu svara á Vísindavefnum.



**KÍNVERSK FRÆÐI** Mandarín er opinbert tungumál Alþýðulýðveldisins Kína, Makaó, Singapúr, Taívan, Hong Kong og ryður sér nú mjög til rúms. Nærri 30 milljónir læra nú kínversku um allan heim og það er eitt opinberra tungumála SÞ. Gestir Vísindavöku geta kynnt sér kínversk fræði við Háskóla Íslands, sem er námsleið til BA-gráðu þar sem aðaláhersla er lögð á tungumálið, en jafnframt boðið upp á námskeið um árþúsunda langa sögu þessarar miklu menningarheildar. Kínversk menning á sér ekki aðeins langa sögu heldur er nú í mikilli uppsiglingu á öllum sviðum eftir mikla umrótstíma 20. aldar og Kína er fjölmennasta ríki veraldar og annað stærsta hagkerfi heims.



**ÞJÓÐFRÆÐI Á ERINDI VIÐ ALMENNING** Vísindavöku ætlar þjóðfræðideild Háskóla Íslands að kynna nýjar rannsóknir á alþýðumenningu, hversdagslífi og hugmyndaheimi Íslendinga fyrr og nú. Meðal annars segir frá útileikjum barna á fyrri hluta 20. aldar og sambandi þeirra við það samfélag sem var að mótast í kaupstöðum hér á landi. Þar að auki kynnir Þjóðfræðistofa sitt árlega húmorsþing, sem fram fer í höfuðstöðvum þeirra á Ströndum. Þar fara saman fræðilegir fyrirlestrar um húmor og uppistand við góðar undirtektir. Í ár verður haldið málþing 25. september um húmor sem samfélagsrýni og valdatæki.





Kári Rafn Karlsson og Ólöf Kolbrún Hrafnsdóttir, meistaranemar í véla- og rafmagnsverkfræði.

# Kafbáturinn Keikó

Á Vísindavökunni 2010 kynna nemendur í tækni- og verkfræðideild og tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík sjálfstýrðan kafbát sem þeir hönnuðu og smíðuðu á síðasta skólaári í þverfaglegu námskeiði sem heitir „Hönnun X“.

Kafbátur þessi, sem gengur undir nafninu Keikó, var hannaður, smíðaður og forritaður þannig að hann gæti leyst þrautir skilgreindar fyrir RoboSub-keppnina sem bandaríski sjóherinn í San Diego hélt síðasta sumar, sjá http://www.auvsifoundation.org.

Báturinn þurfti að skynja kennileiti í umhverfinu, sem hann notaði til að rata, hann þurfti að nota gervisjón, myndgreiningu og gervigreind til að fara um hlið sem sett voru upp í sérstakri laug, velja bauju af réttum lit, finna og sækja mann (brúðu) sem lá á botni laugarinnar og sleppa honum, greina form, skilja eftir hluti þar sem rétta formið fannst og svo framvegis. Hluti hópsins fór ásamt kennurum með Keikó út í keppnina í San Diego. Leki kom að Keikó þegar verið var að prófa hann en náði þó að leysa fyrstu þrautirnar áður en hann fór að sökkva.

Lekinn olli nokkrum skemmdum, en hópurinn lagði nótt við dag og mætti á síðasta degi með endurbættan Keikó sem virkaði. Á lokadegi keppninnar fékk hópurinn síðan sérstök verðlaun fyrir þrautseigju, „Determination Award“. Því eru miklar væntingar um góðan árangur næsta sumar þegar Keikó II verður sendur til keppni. Vefsíða Keikó: http://projects.ru.is/X2010/

**SLÍMUGUR ÓSKAPNAÐUR EÐA YNDISFAGRAR NYTJASKEPNUR?** Margir hugsa vafalaust um gerla sem fremur fáskrúðugs og óspennandi hóps lífvera, hugsa jafnvel til þessa stærsta hóps lífheimsins sem innantóms og óaðlaðandi samansafns af meinfýsnum sýklum og illa þefjandi subbuskap. Fátt er þó fjær sanni því gerlar eru undirstaða alls lífs á jörðu og meðal þeirra er að finna litríka og lifandi fulltrúa sem koma á óvart með færni sinni, fjölbreytileika og fínstilltri hegðun.



Auðlindadeild Háskólans á Akureyri mun freista þess að gefa Vísindavökugestum innsýn inn í þennan heillandi huliðsheim. Sýna lifandi smásjármyndir af skríðandi gerlum af ýmsu tagi og bregða ljósi á þátt kvikleika í harðri lífsbaráttu örverusamfélaga. Gestum verður boðið að skoða fjölbreytileg vaxtarform lifandi bakteríurækta undir víðsjá auk þess sem slímugar og iðandi bakteríubreiður verða til sýnis.



Jón Karl Helgason, dósent við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, veltir upp spurningum um sameiningartákn íslensku þjóðarinnar á Súfistanum í kvöld.

# Evrópskir þjóðardýrlingar

**Einstaklingar sem hafa átt þátt í að móta þjóðarímynd og þjóðarvitund landsmanna verða til umfjöllunar á Vísindavöku, í tengslum við rannsóknarverkefnið Cultural Saint of the European Nation States.**

Á nýöld, ekki síst á 18. og 19. öldinni, áttu tilteknir einstaklingar mikinn þátt í að móta þjóðarímynd og þjóðernisvitund í einstökum Evrópulöndum, ýmist með afskiptum af stjórnmálum eða störfum á vettvangi menningar og lista. Í þessum hópi voru meðal annars málfræðingar, textafræðingar, þjóðfræðingar, ljóðskáld, rithöfundar, málarar og tónskáld. Eftir andlátið hafa margir þessara manna (konur heyra til undantekninga) verið teknir í dýrlingatölu í heimalöndum sínum og orðið að sameiningartáknum viðkomandi þjóðar.

Rannsóknarverkefnið Cultural Saints of the European Nation States miðar að því að rannsaka félagslegt hlutverk þessara einstaklinga, meðal annars með hliðsjón af því hlutverki sem konungsættir og dýrlingar hafa löngum leikið í Evrópulöndum, en ekki síður í ljósi þeirrar félagslegu og pólitísku togstreitu sem oft skapast í kringum helgifestu þeirra. Frumkvæði að henni kemur oft frá ættingjum eða heimabyggð hins látna en það er sjaldnast fyrr en með virkri þátttöku hins opinbera að hægt er að nota orðið þjóðardýrlingur um viðkomandi. Í flestum tilvikum verða átök um eignarrétt yfir dýrlingnum, auk þess sem stjórnmálamenn og fyrirtæki reyna að nýta sér það táknræna auðmagn sem tengist persónu hans. Hér á landi hafa tilteknar persónur Íslendingasagna einnig verið settar í dýrlingahlutverk á liðnum áratugum, meðal annars í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu.

Verkefnið er samstarfsverkefni Íslensku- og menningardeildar innan Hugvísindasviðs Háskóla Íslands í Reykjavík, Rannsóknarstofnunar á sviði slóvenskra bókmennta og bókmenntafræða í Ljúblíana í Slóveníu og Huizingastofnunina innan hugvísindasviðs Háskólans í Amsterdam.

Á kynningarbás verkefnisins á Vísindavöku verður gestum gefinn kostur á að segja sitt álit á því hverjir séu þjóðardýrlingar Íslendinga og með hvaða hætti æskilegt sé að minnast þeirra.

Í kvöld, fimmtudaginn 23. september mun Jón Karl Helgason, dósent við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands velta upp spurningum um sameiningartákn íslensku þjóðarinnar, á Súfistanum við Laugaveg klukkan 20. Frá Njáli Þorgeirssyni til Helga Hóseassonar nefnist framlag hans og mun Jón Karl ræða um með hvaða hætti ýmsar persónur úr íslenskri sögu og bókmenntum hafa, til lengri eða skemmri tíma, orðið fulltrúar þjóðarinnar allrar eða tiltekinna hópa innan hennar. Meðal þess sem ber á góma eru styttur og minnismerki í Reykjavík, rithöfundasöfn á landsbyggðinni, götuheiti og íslenskir peningaseðlar.



Gestum Vísindavöku verður gefinn kostur á að segja hverjir þeir telja að séu þjóðardýrlingar Íslendinga.

**HÁTÆKNI Í MATVÆLAVINNSLU** Marel gefur gestum á Vísindavöku innsýn í þá hátækni sem fært hefur fyrirtækið í forystu í þróun og framleiðslu búnaðar fyrir matvælavinnslu í heiminum.



Marel þróar og framleiðir fjölda tölvueininga, bæði til stýringa og til þess að lesa inn og birta gögn af ýmsu tagi. Enn fremur þróar fyrirtækið eigin tölvumyndavélar og myndskynjunarbúnað fyrir gæðaskoðun með röntgentækni, auk ýmiss annars rafeindabúnaðar. Þannig er Marel mikilvirkur framleiðandi tölvubúnaðar til nota í matvælaiðnaði um heim allan og á Vísindavöku verða sýnd sýnishorn úr þessum framleiðsluvörum fyrirtækisins.

**EYRNABÓLGA, OFFITA OG FISKNEYSLA** Það er ekki einfalt að kynna starfsemi Landspítala - háskólasjúkrahúss í nokkrum orðum en meðal þess sem kynnt verður fyrir gestum Vísindavöku eru rannsóknir á áhrifum sýklalyfjaónæmis á eyrnabólgu í börnum, samband þunglyndis og sykursýki 2 hjá öldruðum og aukið álag og skert lífsgæði hjá aðstandendum sjúklinga sem greinst hafa með heilabilun. Þá verður kynnt rannsókn á tengslum ofþyngdar og offitu við aukna bólgu annars vegar og hvort fiskneysla dragi úr bólgum vegna þessa.





● **LÍF ÁN TAKMARKANA** Össur leggur megináherslu á að þróa lausnir fyrir notendur stoðtækja og hefur sú hugmyndavinna gert fyrirtækið að því sem það er í dag. Að þessu sinni ætlar fyrirtækið að sýna Bionic-vörulínuna á Vísindavökunni, en hún byggir á samþættingu skynjunar, gervigreindar og hreyfitækni við framleiðslu og þróun hátækni stoðtækja. Hugtakið „lífverkfræði“ vísar til þess að beitt er líffræðilegum lögmálum til að rannsaka og þróa verkfræðileg kerfi, einkum rafeindakerfi. Enska orðið „Bionics“ er samsett úr orðunum BI(O) og (ELEKTR)ONICS.



● **HJARTAVERND** Framlag Hjartaverndar á Vísindavöku að þessu sinni fjallar í myndum og máli um nýlega rannsókn Hjartaverndar á sambandi æðastífleika við byggingu og virkni heila og nýrna. Þá verður einnig sýnd ný aðferðafræði sem gerir kleift að merkja allt að 60 svæði heila á myndum sem teknar eru með segulómun. Gestir Vísindavöku geta prófað þessa aðferð á sérhannaði vinnustöð.

● **FJAÐURSTAF OG VÉLRÆNAR ÞÝÐINGAR** Stofnun Árna Magnússonar býður upp á fjölbreytta kynningu á Vísindavöku og ætlar meðal annars að leyfa gestum að spreyta sig við skriftir með



fjaðurstaf á kálfskinnsbút. Litljósrit af Skarðsbók Jónsbókar verður til sýnis auk þess sem boðið verður upp á nýsteiktar kleinur handritafræðingsins. Þá mun Máltæknisetur kynna tvö verkefni á sínum vegum, annars vegar nýtt vefumhverfi fyrir íslensk málsöfn og annars vegar vefþjónustu fyrir vélrænar þýðingar og geta gestir fengið að prófa kerfið með því að slá inn eigin setningar.

● **NÁMSFRAMVINDA** Árið 2007 hóf Mentor þróun á nýrri einingu í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti sem nefnist Námsframvinda. Námsframvindunni er ætlað að styðja við faglegt starf kennara og auka upplýsingar til foreldra og nemenda. Hún gefur kost á því að námið sé skipulagt eftir stöðu einstaklinga og námsárangur metinn með tilliti til stöðu hvers og eins. Um 70 grunnskólar á Íslandi hafa látið opna fyrir Námsframvinduna hjá sér og eru farnir að færa inn markmið úr hinum ýmsu greinum. Kennarinn getur metið stöðu nemandans miðað við námsmarkmið skóla og getur brugðist fljótt við þörfum hvers og eins. Markmiðin eru sýnileg nemendum og foreldrum á Mentor.is.



● **MATUR ER MANNSINS MEGIN** Í nútíma þjóðfélagi þar sem allt úir og grúir af alls kyns matvælum er mikilvægt að vera bæði vel meðvitaður og upplýstur. Það virðast allir vita heilmikið um næringu, en hversu mikið af almennri þekkingu byggist á áreiðanlegum heimildum og hvað eru sögur og mýtur sem ganga manna á milli í samfélaginu? Vissuð þið til dæmis að paprikur innihalda fjórum sinnum meira af C-vítamíni en appelsínur og Íslendingar neyta minna en helmings af ráðlögðum dagskammti af grænmeti og ávöxtum? Rannsóknastofa í næringarfræði ætlar að gefa gestum og gangandi á Vísindavöku tækifæri til að átta sig á orkunni sem er í matnum, sýna mismunandi skammtastærðir matvæla og margt fleira.






# Fylgst með ferðum hvala

**Þónokkuð er vitað um ferðir hvala á sumrin en minna á veturna. Nú vinnur Hafrannsóknastofnun að merkingu hvala sem mun auka þekkingu okkar á vetrarferðum þeirra.**


Merkibyssan munduð. Að koma gervitunglasendum á stórhveli er aðeins flóknara en að merkja landdýr.

Merking stórhvala með gervitunglasendum er aðeins flóknara ferli en að merkja landdýr. Hafrannsóknastofnun hefur undanfarin misseri rannsakað ferðir hvala sem hingað til hafa takmarkast af rannsóknum á hvalveiðum. Þar til nú hefur allgóðri vitneskju verið aflað um ferðir og athafnir hvala á sumrin en vegna þess að þeir færa sig í hlýrri sjó með haustinu hefur verið erfiðara að átta sig á ferðum þeirra á veturna. Með ljósmyndum hefur verið sýnt fram á samgang milli hnúfubaka við Ísland á sumrin og Karíbahafsins á veturna, en að öðru leyti eru vetrarstöðvar íslenskra hvala nánast óþekktar. Því hafa verið bundnar miklar vonir við notkun gervitunglasenda til að fylgjast með ferðum þeirra undanfarin tuttugu ár.

Ekki er hægt að handsama dýrin til að koma merkinu tryggilega fyrir auk þess sem rafeindabúnaðurinn er viðkvæmur fyrir hvers kyns höggum, til dæmis vegna „loftfimleika“ hvalanna. Notuð er sérsmíðuð loftbyssa til að koma merkinu á sinn stað á dýrinu, en það er ofarlega á baki þess. Síðla sumars árið 2001 tókst að merkja tvær hrefnur í Skjálfandaflóa og fengust nothæfar merkjasendingar frá annarri í tvær vikur en frá hinni í rúmlega tvo mánuði. Báðar héldu þær sig tiltölulega grunnt úti fyrir Norðurlandi frá Skagafirði og austur fyrir Langanes svo lengi sem sendingar bárust.

Síðan þá hefur tekist að koma merkjum í níu hrefnur til viðbótar og tvo hnúfubaka og hafa fengist sendingar frá þeim upp undir þrjá mánuði.

Með þessum rannsóknum vonast vísindamenn til að auka þekkingu sína á því hvar hvalirnir halda sig á veturna, hvenær þeir fara og hvaða leið. Það vilja menn vita hvenær hvalirnir koma á vorin og hvenær þeir fara á haustin. Hópast þeir saman eða dreifast þeir um stærri svæði?

Vísindamenn á vegum Hafrannsóknastofnunar munu kynna rannsóknir sínar og hvernig farið er að því að fylgjast með ferðum hvala með gervitunglasendum.


Hafrannsóknastofnun hefur undanfarin misseri rannsakað ferðir hvala sem hingað til hafa takmarkast við rannsóknir vegna hvalveiða.

**● SAUMAVÉLIN** Á bás Nýherja á Vísindavöku 2010 verður hægt að sjá eina af fyrstu IBM-fartölvunum sem komu á markað hér á landi í kringum 1984. Sú vél var kölluð Saumavélin því hún var í laginu eins og saumavél. Hún var með innbyggt lyklaborð og þótti mikil framþróun að hægt væri að flytja tölvuna með sér. Á Vísindavöku gefst fólki færi að sjá þá ótrúlegu þróun sem hefur átt sér stað á skömmum tíma og setja í sögulegt samhengi.

# Vísindakaffi víða

Að venju er landsmönnum boðið í Vísindakaffi í aðdraganda Vísindavöku, þar sem fræðimenn af ólíkum sviðum vísinda kynna viðfangsefni sín. Markmiðið er að færa vísindin nær fólki og kynna það mikla rannsóknastarf sem stundað er í landinu á aðgengilegan hátt. Að þessu sinni verður boðið upp á Vísindakaffi víða um land; í Reykjavík, á Akureyri, Skagaströnd, Húsavík, í Sandgerði og á Höfn.

Reykvíkingum er boðið upp á kaffi á Súfistanum í bókabúð Máls og menningar Laugavegi, 20., 21., 22. og 23. september kl. 20.00-21.30 hvert kvöld. Þar kynnir vísindafólk af ýmsum fræðasviðum rannsóknir sínar sem allar eiga það sameiginlegt að vera áhugaverðar fyrir fólk á öllum aldri. Gestir fá tækifæri til að spyrja og taka þátt í umræðum og komast þannig að því hvernig störf vísindamanna hafa áhrif á daglegt líf okkar allra. Eins og fyrri ár er það Davíð Þór Jónsson sem stýrir umræðunum af sinni alkunnu snilld. Í kvöld, fimmtudaginn 23. september, mun Jón Karl Helgason, dósent við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, velta upp spurningum um sameiningartákn íslensku þjóðarinnar.




Markmiðið með Vísindakaffi er meðal annars að færa vísindin nær almenningi.

Í menningarhúsinu Hofi á Akureyri ræða dr. Kristinn P. Magnússon og dr. Oddur Vilhelmsson, dósentar við Háskólann á Akureyri og sérfræðingar í erfðavísindum og erfðatækni um erfðavísindi og hagnýtingu þeirra, svo sem við klónun, kynbætur dýra og jurta og ræktun erfðabættra landbúnaðarafurða.

Í Fræðasetrinu á Skagaströnd verður kynnt samstarfsverkefni um hljóðskjalasafn fyrir munnlega sögu og á Höfn í Hornafirði verður fjallað um rannsóknir á höfundarverki Þórbergs Þórðarsonar. Dagskráin hefst kl. 20 á öllum stöðunum.

**● STÆRÐFRÆÐI** Undanfarna tvo áratugi hefur færst í vöxt að bera saman skilning fræðimanna á áhrifum tækninnar, og aukinn skilning þeirra á stærðfræðinámi, við það sem gerist innan skólanna.

Á Vísindavöku verður greint frá rannsóknum og aðgerðum til að skoða þennan vanda og draga fram að hverju þurfi að hyggja til þess að skólum megi takast að byggja starf sitt í vaxandi mæli á forsendunum tveimur sem nefndar voru.

Í öðru tilvikinu er um að ræða innsýn í rannsóknir á stærðfræðinámi sem á sér stað, eða getur átt sér stað, utan skólanna og þætti foreldra í náminu.

Í hinu tilvikinu er greint frá verkefninu Bekkirnir keppa í stærðfræði – BEST. Sýnd verða gögn frá bekkjarverkefnum þar sem nemendur hafa rannsakað tengsl stærðfræði við ýmis önnur svið, svo sem íþróttir, tónlist, byggingar, samskipti, dýr, orku. Til gamans gefst svo kostur á að spreyta sig á þrautum sem lagðar hafa verið fyrir í BEST.



Til hamingju með daginn vísindamenn

Rannís óskar vísindamönnum til hamingju með 24. september 2010 en dagurinn er tileinkaður vísindamönnum í Evrópu.

*Við minnum á Vísindavöku Rannís 2010 í Listasafni Reykjavíkur á morgun 24. september.*

- Rannís veitir íslensku vísinda- og tæknisamfélagi aðstoð til framþróunar á innlendum og erlendum vettvangi.
- Rannís er samstarfsvettvangur til undirbúnings og framkvæmdar opinberrar vísinda- og tæknistefnu.
- Rannís gerir áhrif rannsókna á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan.

Vísinda Vaka
Opið hús!
Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu
Föstudaginn 24. september kl. 17:00 til 22:00

PEOPLE

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

**Fagmennska, gildi og dyggðir í starfi kennarans** er yfirskrift erindis sem David Carr, prófessor í heimspeki menntunar við Edinborgarháskóla, flytur á föstudag klukkan 15 í stofu H-101 í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð. Þar mun hann leggja út frá kenningu sinni um það sem helst einkennir góðan kennara.







Guðmundur ásamt Starkaði Barkarsyni, framkvæmdastjóra og upphafsmanni Stoðkennarans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Foreldrar taka virkari þátt

**Fjölmargir skólar nýta gagnvirka námsvefinn Stoðkennarinn.is við kennslu og heimanám. Nemendur bera honum vel söguna en hann gerir foreldrum og kennurum kleift að fylgjast betur með.**

Stoðkennarinn.is, sem var settur á laggirnar árið 2003, er gagnvirkur námsvefur fyrir unglingastig grunnskóla og fyrstu áfanga framhaldsskóla sem býður upp á nám í íslensku, ensku, dönsku, stærðfræði og tölvunotkun. Forritið nýtist sem sjálfstætt ítarefni við annað námsefni og efnisatriði þess passa við efnisatriði kennslubóka og námskrár.

„Síðastliðið ár höfum við unnið að því að endurhanna vefinn frá grunni enda leggjum við áherslu á að nýta okkur hina síbreytilegu net- og tölvutækni til hins ítrasta. Hingað til hafa kennarar haft aðgang að einkunnum nemenda sinna en nú höfum við bætt við sérstökum foreldraaðgangi. Þar er hægt að skoða og rifja upp námsefnið ásamt því að fylgst með virkni og gengi barna sinna,“ segir Guðmundur Ingi Jónsson verkefnisstjóri hjá Stoðkennaranum.

Vefurinn skiptist í gagnvirkt námsefni, einkunnabækur, svæði kennara og svæði foreldra. Mikil áhersla er lögð á að nemandi fái svörun þegar hann leysir verkefnin og eru allar einkunnir færðar til bókar. Stoðkennarinn bregst ávallt við villum nemenda og útskýrir fyrir honum regluna sem hann braut. Þá er hægt að reikna út alls kyns tölfræði og bera saman árangur við eigin frammistöðu og annarra.

Þrjátíu og sjö skólar nýta sér Stoðkennarann bæði á skólatíma og í heimanámi en auk þess hafa fjöldi einstaklinga keypt sér aðgang. „Við höfum meðal annars kynnt vefinn fyrir frumgreinadeildum símenntunarmiðstöðva auk þess sem hann getur komið sér afar vel fyrir foreldra sem eiga börn í útlöndum svo dæmi séu nefnd, en með því að leysa verkefnin á vefnum geta börnin haldið íslenskuþekkingu sinni við og fylgst með námi íslenskra jafnaldra.“

> „Síðastliðið ár höfum við unnið að því að endurhanna vefinn frá grunni enda leggjum við áherslu á að nýta okkur hina síbreytilegu net- og tölvutækni.“

Guðmundur Ingi segir nýja foreldraaðganginn gera foreldrum kleift að taka mun virkari þátt í námi barna sinna. „Þeir geta til dæmis skoðað einkunnir þeirra og borðið saman við meðaleinkunn allra notenda Stoðkennarans. Þeir geta auk þess gripið fyrr inn í ef þörf er á.“ *vera@frettabladid.is*



Handverksmaðurinn Philippe Ricart kennir á jurtalitunarnámskeiðinu.

# Litað úr jurtum

**Fyrsta framhaldsnámskeið í jurtalitun verður haldið á Hvanneyri á morgun og hinn.**

Jurtalitun á bandi nýtur aukinna vinsælda á landinu um þessar mundir. Hún hefur verið stunduð á Íslandi frá landnámi og margar jurtalitunaraðferðir forfeðra okkar hafa varðveist fram á okkar daga. Þess má geta að sortulyngslitað vaðmál var á öldum áður útflutningsvara hjá Íslendingum.

Handverksmaðurinn Philippe Ricart hefur ausið úr brunnum visku sinnar á jurtalitunarnámskeiðum á vegum Endurmenntunar Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og nú um helgina mun í fyrsta sinn verða boðið þar upp á tveggja daga framhaldsnámskeið fyrir þá sem reynslu hafa í greininni. Það hefst á morgun, föstudaginn 24. september, og því lýkur á laugardag. *- gun*

Heilsa og andleg líðan á tímum efnahagsþrenginga heitir fyrirhugað doktorsverkefni Ásu Guðbjargar Ásgeirsdóttur í lýðheilsuvísindum sem hún kemur til með að kynna í stofu 108 í Stapa við Háskóla Íslands klukkan 12.30 í dag.



**heimild: www hi.is**


## Fararstjórn erlendis

**Meðal námsefnis:**
- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



**Ferðalandafræði:** Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

**Leiðbeinendur eru:** Kjartan Trausti Sigurðsson fararstjóri, Pétur Björnsson Consúll, Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður , Höskuldur Frímannsson leiðsögumaður, Sigurður A. Magnússon rithöfundur, Magnús Björnsson fararstjóri, Pétur Óli Pétursson fararstjóri, Bjarni Randver Sigurvinsson guðfræðikennari, Sr. Bjarni Karlsson sóknarprestur, Ómar Valdimarsson blaðamaður.

Ferðamálaskóli Íslands **Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**






## Hefur þú starfað við húsasmíði og vilt ljúka námi í greininni?

**Bættu um betur – Húsasmíði** er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið, óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu ljúki sveinsprófi.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við **IÐUNA – fræðslusetur** í síma **590-6400** og fá frekari upplýsingar um verkefnið. Þar er einnig hægt að skrá sig á kynningarfund sem verður haldinn fimmtudaginn 30. september kl. 18.00 að Skúlatúni 2, 105 Reykjavík.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.idan.is. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is.**

IÐAN fræðslusetur

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

# BÍLAR & FARATÆKI

Við elskum að selja bíla

DIESEL.IS
Kletthálsi 15 • Sími 578 5252



Artic Cat 700 Disel 4x4 2009 ek. 200 km. Frábær vinnuhestur. Verð 1.990.-

**Diesel.is**
**Kletthálsi 15, 110 Reykjavík**
**Sími: 578 5252**
**http://www.diesel.is**

100 bílar.is bílasala



Ford EXPEDITION LIMITED AWD, árg. 9/2007, ek 67þús.km, DVD, rafmagn í öllu, leður, lúga, Flottur og vel búinn bíll, Ásett verð 6490þús,kr, bíllinn er í salnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

bilfang.is
S. 567 2000



Nissan Pathfinder Diesel árg 2006 (33") ek 71 þ.km 5 gíra verð 3890 þús ath skipti á ód

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

HEIMSBÍLAR



MMC pajero , DISEL, árg. 5/2007, ek, 58þ, 20"álfelgur,krókur, varadekkshlíf, bíll í toppstandi, ásett verð 5.990.000, vill skipti á ódýrari, uppl. í síma 567-4000



Lexus RX 300 árg 10/2002,leður, lúga, loftkæling, dráttarb. sumar-vetrardekk á álfelgum. komdu og skoðaðu, ásett verð 2.690þ, skoðar skipti á ódýrari, uppl. í s: 567-4000



Toyota Aygo árg 08/2006, SJÁLFSKIPTUR, ek. 43, mjög vel með farinn, eins og nýr, ásett verð 1.430þ,kíktu á þennan, uppl. í s. 567-4000

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

TOYOTA SELFOSSI



TOYOTA LAND CRUISER 200 VX NAVI & LÚGA 35", raðnr 138669, nýskr 01/2008, ek 55.000, disel, 35" breyttur - tölvukubbur - grátt leður o.f.l. Ásett verð 13.890.000. A.T.H bíllinn er á staðnum



TOYOTA LAND CRUISER 120 GX, raðnr 138660, nýskr 6/2008, ek 49.000, disel, sjálfs, ásett verð 6.590.000. A.T.H bíllinn er á staðnum



TOYOTA RAV4 LANGUR 4WD, raðnr 138602, nýskr 12/1999, ek 212.000, sjálsk, ásett verð 570.000. A.T.H bíllinn er á staðnum. Möguleiki er á 100% fjármögnun



TOYOTA HILUX DOUBLE CAB D/C, SR 33", raðnr 273013, nýskr 8/2008, sjálfsk, disel, 33" breyttur, klæddur pallur, prófíl beisli, einn eigandi, ásett verð 4.490.000. A.T.H bíllinn er á staðnum

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

BÍLALIND.is
S. 580-8900



TOYOTA LAND CRUISER 100 TEMS. 07/2000, ekinn 238 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. #320288 Bíllinn er á staðnum og klár í hvað sem er!



NISSAN QASHQAI LE PANORAMA. 10/2008, ekinn 20 þ.km, sjálfskiptur, glertoppur, lyklalaust aðgengi, kúla, silsaröt ofl. aukahlutir. Verð 3.790.000. #310101 Bíllinn er á staðnum en hve lengi?



M.BENZ 500SE. 02/1990, ekinn 235 þ.km, sjálfskiptur, leður, sóllúga ofl. Verð 1.190.000. #282057 - Bíllinn er á staðnum, kíktu á lordinn!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**




### Viltu selja fljótt og vel.....

Er bíllinn þinn sýnilegur á Netinu ... Netbilar.is bjóða þér uppá einn öflugasta bílasölumiðill landsins þar sem tug þúsundir kaupanda leita í hverjum mánuði. Skráðu bílinn þinn á Netbilar.is sem skilar oft sölu samdægurs. Lægsta þóknunina eða frá 1,25% til 2,5% Netbilar.is bjóða betur Hlíðasmára 2 - 201 Kópavogur - Sími 588-5300 - netbilar@netbilar.is

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

HEIMSBÍLAR



MMC Pajero árg. 2008 Instyle ek. 40þ,38" 4:88 hl. millígír, geymslukassi, krókur, sjö manna , o.fl.sjón er sögu ríkari, eigandi skoðar skipti á ódýrari, ásett verð 9.450þ.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



VW GOLF HIGHLINE. Árg 2005, ek 94 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.490þ. Rnr.120397 Vegna mikillar eftirspurnar óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar WWW.HOFDABILAR.IS

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

## Bílar til sölu



Dodge RAM 2500 VAN ek.78þ.mílur, árg ,96. Skipti möguleg. Uppl í S. 692 8159.



SKODA FABIA AMBIENTE 16 V. 10/2007, EINN EIGANDI, GRÁSANS., BEINSK., 1,4 86 HÖ., EKINN AÐEINS 21 Þ.KM., 4.DYRA, VETRARD., SUMARD. VERÐ 1690 ÞÚS. SKIPTI Á ÓD. HUGSANL. S. 895 8956.



Toyota LandCruiser 120LX árg.'05 Ek.133þús.8 manna. Verð 4,1millj. S. 869 0526



Til sölu gullfallegur Dodge Ram 2500 (Lareme) Árg'05,ek.78þús km, ssk, er á nýjum 37" dekkjum og felgum Bíllinn er ekkert upphækaður. V. 3.9m, S. 896 1312



### Tilboð á stationbíl

Mitsubishi Galant ,99. Nýskr. 10.99 Ek. 138 þ. ssk. Góður og fallegur bíll. Verð. 490þ. Uppl í síma 650 5073.

Til sölu Renault Master háþekja Árg ,01 Sk. ,11. Þarfnast viðhalds. Uppl í s. 699 7887.

VW Polo árg. ,05, 1.200 vél. Bsk. Ek. 109þús.Hvítur að lit. Listaverð 990þús, tilboð 850 þús. S. 699 5073.

## 0-250 þús.



### Útsala 175 þúsund

Kia Clarus ,Arg. ,99 4 dyra með skotti. Sk. ,11. Góður fjölskyldubíll. S. 891 9847.



### TOYOTA Á 220 ÞÚS!!!

Toyota Corolla 1,6 árg'96 ek.200 þús,skoðaður 2011,beinskiptur,5 dyra,cd,verð 220 þús .841 8955



Lokaumferðin í sandspyrnu fer fram lau. 25/9 á Hrauni í Ölfusi. Keppni hefst kl.13:00 Miðaverð 1000. Frítt fyrir 12 ára og yngri.

## 250-499 þús.



### Tilboð 250 þ.

VW Golf árg. „96 ek. 176þús nýk. 2011 Verð 280þús. Uppl. S. 659 3459.

## 1-2 milljónir

Volvo S40 SE árg. 2002. SSK, 134.000 km, vél í toppstandi, skoðaður 2011. 1.100.000 kr. S: 849-5927

## Bílar óskast

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

### !!! 0-200þús staðgreitt !!!

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

### Óska eftir bíl

Óska eftir bíl fyrir allt að 300.000- stgr. má þarfnast lagfæringa. Skoða allt. Uppl. í síma 899 3939.

## Jeppar



Ný yfirfarið 05 Bronco Palomino 1200, flutt inn ónotað 06. Eldhús, miðstöð, ísskápur, frystir, cdspilari/útvarp, sturta, svefnpláss fyrir 4. Er á planinu hjá Seglagerðinni Ægi. Skipti á fjórhjóli möguleg. Samband: mjoellnir@live.com

Glæsilegur Toyota Landcr. GX diesel árg.2005, 33"hækkun,ljósgrár, sjálfsk ,ekinn aðeins 75þkm, krókur,húddhlíf. Áhv. ca. 2,5m ísl. afb. ca 50þ. Topp eintqak, uppl.S: 892 9804.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.




Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

## Vörubílar

Vörubíladekk til sölu. 315/80 22,5, Mundstur. N-41. Upplýsingar í s. 896 1226.

## Húsbílar



Fiat Ducato 244 2.3 Disel Húsbíll til sölu. Ek. 113 þús. 6 manna, Svefnpláss fyrir 4. Markísa, Hjólagrind að aftan. Ný tímareim. Ásett verð 3.590 þús. Áhvílandi 2.740 þús. Fæst á yfirtöku láns + 500 þús. í peningum.Upplýsingar í síma 445-3367 -ferdavagnamarkadur.is - Höfðabakka 9



DAF - VH 431 ET 320 húsbíll til sölu, 1991. Ekinn 180 þús. Nýr ísskápur og startgeymir. Sjónvarp og ferðasalerni. Ný upptekin túrbína og gott kram. Nýskoðaður. Verð 790 þús. Tilboð 650 þús. Skoða skipti á dýrari eða ódýrari. Visa/Euro lán allt að 500.000 kr. til 36 mán. Óskum eftir öllum gerðum af ferðavögnum og bílum á skrá. Góð eftirspurn. Upplýsingar í síma 445-3367 - ferdavagnamarkadur.is - Höfðabakka 9



Fiat Ducato 244 2.3 Disel Húsbíll til sölu. Ek. 113 þús. 6 manna, Svefnpláss fyrir 4. Markísa, Hjólagrind að aftan. Ný tímareim. Ásett verð 3.590 þús. Áhvílandi 2.740 þús. Fæst á yfirtöku láns + 500 þús. í peningum.Upplýsingar í síma 445-3367 -ferdavagnamarkadur.is - Höfðabakka 9



FORD Transit 190 húsbíll til sölu. Árgerð 1997 ek. 137 þús. Markísa. Vel með farinn bíll. Verð 4.490 þús. Tilboð 3.900 þús. Upplýsingar í síma 445-3367 - ferdavagnamarkadur.is - Höfðabakka 9

Til sölu Ford 150 húsbíll árg. ,97. Upphækkanlegur toppur. V. 280þ. S. 841 0653.

## Mótorhjól



Yamaha (USA hjól) XV 19 VR Roadliner. Nýskr. ,06. Ek. 3.900km. Aukahl. Verð 2.490.000. S. 696 7669.

## Þjónusta

ellingsen.is

# ALHLIÐA VIÐGERÐARÞJÓNUSTA ELLINGSEN




**Þjónustuverkstæði**
Ellingsen annast alhliða viðgerðar- og varahlutaþjónustu fyrir vélsleða, fjórhjól, utanborðsvélar og ferðatæki auk ástands- og vetrarskoðana.

**Þjónustuverkstæði Ellingsen**
opið alla virka daga frá kl. 8–18

**Varahlutaþjónusta Ellingsen**
opin alla virka daga frá kl. 10–18

**Tímapantanir fara fram í síma 580 8510 eða með tölvupósti, halldor@ellingsen.is eða arnarm@ellingsen.is.**

Ellingsen
Þjónustuverkstæði

Þjónustuverkstæði
Ellingsen Vatnagörðum 12
Sími 580 8510

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

CARGO sendibílaleiga 566 5030 www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
*Þú leigir hann.*
Krefst ekki meiriprófs réttinda

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

SMURSTÖÐIN EHF.
*...Sá smurði gengur"*
*Smurþjónusta og smáviðgerðir*
*Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430*

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

*Rafstilling ehf*
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
*Dugguvogi 23 - s: 5814991*
*rafstilling@rafstilling.is*

**Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn**
ERUM FLUTT Á SKÓGARHLÍÐ 10, 105 RVK • S. 445-5562 • GSM. 615-2562
Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun • Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.
Bjóðum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ FRÁ 10:00-22:00 ALLA DAGA

MP Sólpallar ehf
Gerum tilboð í Sólpalla Hellulagnir
S. 893 3300
www.solpallur.is
*24 ára reynsla í faginu*

Öryggismyndavélar fyrir atvinnubílstjórann
HD720P DVR
Md600 kr: 15.989
Md066 kr: 31.098
Md064 kr: 22.678
Hugna.is
Dalvegur 16b s: 554-2727

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

BOMAG
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

Nýkomin sending af lömpum með stækkunargleri í úrvali.
TÓMSTUNDAHÚSIÐ
Nethyl 2, Sími: 587 0600, www.tomstundahusid.is

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Limo.is
Pöntunarsími 868-9800

HÁDEGISTILBOÐ
Italiano Pizzeria
Miðstærð af pizzu og gos, 1090,-kr. í hádeginu alla daga
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan Smáralind • Sími 55 12345

**Heitir pottar og vatnabátar**
Plastx.is
Ægisbraut 23
300 Akranes
Sími 431 5006
PlastX

Námskeiðin að hefjast
Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið.
Mikið úrval af skartgripaefni, gott verð.
Allt til glervinnslu og leirvinnslu.
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

**Hafdís Guðmundsdóttir**
Hefur hafið störf á Hársnyrtistofunni Arnarbakka. Nýir og gamlir viðskiptavinir velkomnir.
Opið 10.00-17.00 mán-föstudaga
HA
Hársnyrtistofan Arnarbakka 2
Sími: 557 9030

UFO
ÖFLUGIR RAFHITARAR
1200 – 3200 kw fyrir veröndina, svalirnar, sumarhúsið ofl. Umbreytir 96% orkunar í hita. 30 sek að full hitna. 3 ára ábyrgð. Fást með fjarstýringu og á standi.
SKELIN Smiðjuvegi 72, 200 Kópavogi. S. 578 6300, www.skelinehf, skelinehf@skelinehf.is

Bílaverkstæði á besta stað
Bílastofan
*Ávallt í leiðinni, Allar almennar viðgerðir, púst, bremsur og fl.*
*Einnig athugum við bíla fyrir skoðun og lagfærum það sem sett hefur verið út á í skoðun*
*Góð og heiðarleg þjónusta*
Bíldshöfða 18, bakhús - 112 Reykjavík - S:587 3131 - www.bilastofan.is

**Bekkjarparty - Afmælis veislur**
ÓKEYPIS SALUR! ÓDÝRAR FERMINGARVEISLUR!
**Stúdíó 29**
Laugavegur 101
Sími 511 3032 & 861 2319

**Hleðslugrjót og garðamold**
Til sölu:
- Holtagrjót og sprengigrjót í hleðslur - til í ýmsum stærðarflokkum
- Sérunnin garðamold í beð og undir torf

s. 660 6101
s. 545 1805
VERKTAKAR MAGNI

MAE - YA
SUKHOTHAI
Hamraborg 11. Kópavogi
Sjáið matseðilinn á www.thaimatur.is
Réttur dagsins í hádegi kr 980.-
Frábær fjölskyldutilboð
2 kjúklingabitar, franskar, sósa & gos kr. 990.-
Djúpst Ýsa, hrísgrjón & karrý kr. 1090.-
Sími: 564 6677

Glæsilegur undirfatnaður frá Vanity Fair og Lauma.
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS




## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**ÓSKUM EFTIR ÞVOTTAVÉLUM**
Fjarlægjum gömlu þvottavélina ókeypis. Borgum allt að 2.000 Kr. fyrir góðar vélar. 690-2409 Vistvæn endurnýting.

## Hljóðfæri




18 Gullkorn með Örvari Kristjánsyni er komin í verslanir. Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Harmonikkukennsla. www.egtonar.is Sími 824 7610 & 660 1648.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð: 48.350 án VSK Sími: 5520110 www.pon.is

## Til bygginga

**ÚTSALA**
**Plankaparket**
**Verð frá: 5.960**
**Okkar eigin framleiðsla**
**Stafaparket**
**Verð frá: 4.450**
**PARKET VERKSMIÐJAN**

## Verslun



NÝ SENDING!! Vorum að taka upp skó og stígvél. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is




## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is




Viltu bæta heilsuna? www.heilsufrettir.is/heidaroginga

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - Tilboð - NUDD**

**Nudd kr. 3500,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567 6666 og 862 0941. http://dreamoasis.magix.net

## Kennsla

NÁMSAÐSTOÐ við grunn-, framhalds- og háskólanema. Nemendaþjónustan S. 557 9233.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Dýrahald

Scheafer hvolpar (2 tíkur) til sölu með HRFÍ ættbók. Fást á góðu verði vegna aðstæðna, eingöngu góð framtíðarheimili koma til greina. Upplýsingar í síma 847 1057.

**Labradorhvolpar**
Einstakir hreinræktaðir labradorhvolpar, súkkulaðibrúnir. Ættb. HRFÍ, örm., heilsufsk. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 695 9597.

## Fyrir veiðimenn

**Þverá í Borgarfirði**
Sjóbirtingur: nokkur leyfi laus, frá 27. sept til 10. okt. Uppl. s. 848 2304.

## Hestamennska

Óska eftir 4-6 hesta plássi á Víðidals svæðinu. Uppl í sima 865 0173.

## Húsnæði í boði

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leiguliðar.is eða 517 3440.**

**SKAMMTÍMA LEIGA**
**MIÐSVÆÐIS Í RVK**
**ÓDÝR VIKU- OG MÁNAÐARLEIGA**
**HERBERGI OG ÍBÚÐIR**
**HÓTEL FLÓKI**
**660-7799**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**3ja herb. í Hafnarfirði.**
**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþvottavél, gardínur og öll ljós. Dýrahald ekki leyft. www.heimahagar.is Upplýsingar í síma 772 7553**

Herb. miðb. Rvk, húsg. fylgja. Verð 35 þús. S. 895 0482 eftir kl. 16.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Skráið inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Par með 4 ára strák og hund óska eftir 2-3ja herb íbúð. Helst á svæði 109,110 eða 111. Sem fyrst. Er með meðmæli ef óskað er eftir. S. 849 1580.

## Atvinnuhúsnæði



Frábær staðset. Til leigu 60m2 pláss á Malarhöfða hátt til lofts. S. 896 6621.

Lítill/meðalstór skrifstofuherb. til leigu við Suðurlandsbraut og Ármúla Hagstætt verð og gott útsýni. Uppl: 899 3760.

til leigu einbýlishús i vesturbæ kópavogs 5herb 150fm2 upplýsingar hjá leiga1@visir.is

## Geymsluhúsnæði

Óupphituð geymsla fyrir ferðavagna rétt fyrir utan Selfoss. 22.000 kr. fyrir fellihýsi og 16.000 kr. fyrir tjaldvagna. Uppl. í síma 820 4747.

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
Upphitað, þurrt, lyktarlaust og hreint á Eyrarbakka. Öryggisgæsla. Góð verð. S: 564 6501.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Geymslupláss!**
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5.000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

**Geymslupláss!**
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5.000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

**Ferðavagnageymsla**
Ferðavagnageymsla í Borgarf. f. tjaldv. fellih. hjólh. o. fl. upphitað, gott verð S: 899 7012 email: solbakki.311@gmail.com

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði með öryggisvakt. Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og á www.husbilageymslan.net

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Vertargeymslur**
Geymdu gullin þín í Gónhól pöntun 771 1936 gonholl.is

## Gisting

Gisting Akureyri - Gista.is. Íbúðir í göngufæri við miðbæ. Lín og þráðlaust net. S. 694-4314.

## Atvinna í boði

**IB ehf. Selfossi**

**Verkstæðisformaður óskast!**
IB ehf á Selfossi óskar eftir að ráða verkstæðisformann á bifreiðaverkstæði fyrirtækisins á Selfossi. IB ehf sérhæfir sig í innflutningi á bílum frá USA, þjónustar þá með varahlutaþjónustu og viðgerðum. Verkstæði IB ehf er vel búið tölvum og tækjum og vinnuaðstaða er snyrtileg. Við leitum að manni með góða þjónustulund og bifvélavirkjunarréttindi sem getur tekið að sér að sjá um daglegan rekstur verkstæðisins og sinna auk þess viðgerðum. Upplýsingar veitir Eyjólfur Ingvarsson í síma 4808080

**Skemmtileg kvöldvinna**
Óskum eftir skemmtilegu fólki í símasölu frá kl. 17:30-21:30 virka daga. Lágmarksaldur 20ár. Uppl. e. kl 17.30 í s. 568 3632. Félagaþjónustan

## Til leigu

**Skrifstofuherbergi til leigu**

Nokkur skrifstofuherbergi í stærðum **15-25 m²** til leigu. **Hagstætt verð.**
Suðurlandsbraut og við Ármúlann.
Upplýsingar í síma **899 3760**.

Nýr japanskur veitingarstaður leitar að kokki. Kröfur til frambjóðenda: Kokkur vottorð/skírteini gefa út í Japan hjá embættislegur umboð. Reynsla að vinna sem kokkur í Japan í 3 eða fleiri ár. Til að fá fleiri upplýsingar hafi samband í síma: 862-1671, Andrey

**!! AVON !!**
Við hjá AVON óskum eftir sölufulltrúum um allt land við sölu á snyrtivörum í heimakynningum. nánari upplýsingar í síma 577-2150 Avon@avon.is

Hvernig eru fjármálin þín? Kynning og fyrirlestur hvernig má auka tekjurnar, Hótel Ísland,2.hæð,fimmtud. 30.sept. kl. 20. Sendu tölvupóst á mlmtopincome@gmail.com til þess að fá boðsmiða. www.mlmtopincome.com

Vana vélamenn með réttindi, einnig vana mótasmiði óskast til starfa í Noregi norðurlandamál æskilegt góð laun og húsnæði arbeidssoker@vkt-as.no s. 004797063983.

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**
**Opið þegar þér hentar.**

Ný upptaka hjá Rauða Torginu! Dimmrödduð, svolítið hás ung kona í gríðarlegu stuði hljóðritaði sjálfa sig í mikilli fantasíu þar sem þú(!) kemur við sögu Þú heyrir upptökuna hjá Kynl. sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8184.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

## Atvinna

TE & KAFFI

**Leitum að hugmyndaríkum matgæðing**

Te og kaffi leitar að starfsmanni í framleiðslueldhús fyrirtækisins. Okkur vantar hugmyndaríkan matgæðing sem getur unnið sjálfstætt og staðið fyrir þróun á fjölbreyttu, hollu og góðu meðlæti á kaffihúsum okkar.

Fyrirspurnir og umsóknir berist halldor@teogkaffi.is

**pitstop**

**Okkur vantar vana menn á þjónustustöð Pitstop í Hafnarfirði. Góð laun og framtíðarvinna í boði fyrir góða menn. Hafið samband við Sigga Ævars í símum 568 2035 eða 898 3031.**

**pitstop**

Rauðhellu 11, Hfj - Dugguvogi 10, Rvík - Hjallahrauni 4, Hfj.

**HAMAR**

**Rennismiður óskast til starfa.**
**Hamar ehf Vélaverkstæði.**

Hamar ehf, er framsækið málmiðnaðarfyrirtæki, með aðsetur í Kópavogi, Grundartanga, Akureyri, Eskifirði og Þórshöfn. Við erum með vel útbúin vélaverkstæði með góðri vinnaðstöðu. Eitt af Okkar fremstu markmiðum eru að hafa góðan anda á vinnustaðnum, skila góðu verki og þjónustu.

Við leitum eftir rennismið á renniverkstæði okkar í Kópavogi þar sem vinnsla fyrir önnur verkstæði fer fram. Verkstæðið er vel tækjum búið með CNC vélum, verkefnin eru mjög fjöbreytt og krefjandi. Samkeppnishæf laun í boði.

**Menntun og Hæfniskröfur:**
- Sveinspróf í rennismíði eða sambærileg menntun.
- Heiðarleiki og metnaður til að skila góðu verki.
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt hugarfar.
- Frumkvæði, dugnaður og áhugi á að takast á við fjölbreytt starf og krefjandi verkefni.
- Ögyð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Frekari upplýsingar veitir Sigurður K. Lárusson Siggil@hamar.is 6603613 eða Kári Pálsson kari@hamar.is 6603600

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**SNORRI STURLUSON** sagnaritari, skáld og stjórnmálamaður var veginn þennan dag árið 1241.

*„Gáttir allar, áðr gangi fram, um skyggnask skyli, því at óvíst er at vita hvar óvinir sitja á fleti fyrir.“*

**ÞETTA GERÐIST:** 23. SEPTEMBER 1981

## Hornsteinn lagður að Þjóðarbókhlöðu



Hornsteinn var lagður að Þjóðarbókhlöðunni í Reykjavík þennan dag árið 1981. Bygging hússins tók um tuttugu ár, grunnur þess var tilbúinn árið 1978 en húsið var fokhelt 1983. Það var ekki fyrr en 1994 sem byggingin varð fyrst tilbúin og hið nýstofnaða sameinaða bókasafn, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, gat flutt þar inn. Þjóðarbókhlaðan var opnuð fyrir almenningi 1. desember sama ár. Hönnuðir hússins voru Manfreð Vilhjálmsson og Þorvaldur S. Þorvaldsson. Gólfflötur þess er 13.000 fermetrar á fjórum hæðum. Húsgögn eru að mestu leyti sérhönnuð íslensk smíð.

JÓN KR. ÓLAFSSON SJÖTUGUR: AFMÆLISTÓNLEIKAR TIL HEIÐURS HONUM

# Söngur skapar lífinu léttan dóm



**TÓNLISTIN Í ÖNDVEGI** Jón Kr. Ólafsson varð sjötugur í ágúst. Af því tilefni verða tónleikar í sal FÍH á laugardaginn þar sem frábært tónlistarfólk mun heiðra Jón. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Mér fannst þetta svolítið skrítið, því mér finnst ég sjálfur ekki svo gamall, hvorki í útliti eða í mér, segir Jón Kr. Ólafsson, söngvari og safnvörður frá Bíldudal, sem varð sjötugur 22. ágúst síðastliðinn. Á laugardaginn verður hann heiðraður á tónleikum af tónlistarmönnum víða í tilefni tímamótanna.

Jón segir afmælið hafa orðið til þess að hann tók sér tíma til að líta yfir farinn veg. „Þó er ekki langt síðan ég gerði það síðast enda var bókin Melódíur minninganna gefin út fyrir tveimur árum,“ segir Jón glaðlega og rifjar upp nokkuð af því markverðasta úr lífinu. „Ég man það vel þegar við félagar í Falcon, sem var hljómsveit stofnuð 1962 á Bíldudal af Hirti Guðbjartssyni, gengum inn í útvarpið á Skúlagötunni árið 1969 hjá vini mínum Svavari heitnum Gests. Þá sungum við inn á plötu í fyrsta skipti og vorum þar með hættir. Eftir það fór ég að syngja í Reykjavík með nafna mínum heitnum Sigurðssyni hljómsveitarstjóra, textahöfundi og bankamanni,“ segir Jón sem minnist einnig góðvinar síns Hauks Morthens með hlýju. „Við vorum miklir mátar og ég lærði af honum mikla speki. Ég hefði líklega ekki lært meira þó ég hefði farið í gegnum þúsund háskóla, bæði um það að koma fram og bara að vera maður,“ segir Jón og fannst mikið tóm myndast eftir lát Hauks. „Það er helst Ragnar vinur minn Bjarnason sem kom í hans stað. Það er alltaf uppörvandi að hitta hann og hressir sál mína.“

Jón minnist einnig með gleði þegar hann sem ungur maður fór á Mímisbar og söng þar í fyrsta sinn. „Ég kom þar sem gestur og þá kallaði Bjarnason mig upp og sagði mér að syngja, og ég söng í hálftíma,“ segir Jón hress í bragði en hann átti eftir að syngja á Mímisbar í ófá skipti.

Mesta heiðurinn á lífsleiðinni segir hann þó hafa verið að syngja við útför. „Félagi minn Haukur Ísfeld bauð mér að koma suður og syngja yfir föður sínum, séra Jóni Kr. Ísfeld sem ól mig upp í sunnudagaskólanum á Bíldudal. Það er mesti sómi sem mér hefur verið gerður að fá að syngja í útför hans í Dómkirkjunni.“

Stór hluti af lífi Jóns snýst að sjálfsögðu um tónlistarsafn hans á Bíldudal, Melódíur minninganna, en á það varð tíu ára í sumar. Safnið er tileinkað mörgu af því fólki sem Jón hefur kynnst í gegnum tónlistina en tónlistarferillinn er það sem Jóni þykir eftirminnilegast í lífinu. „Þetta element sem er í hálsinum á mér frá forsjóninni er mín stærsta og dýrasta gjöf. Ég hugsa oft um ljóðlínur eftir Ágúst heitinn Böðvarsson landmælingamann sem hljóða svo: Lát söngsins enduróm, yrkja í hjartanu fögur blóm, það skapar lífinu léttan dóm.“

Í tilefni af sjötugsafmæli Jóns í ágúst verða haldnir tónleikar honum til heiðurs í FÍH salnum Rauðagerði á laugardaginn 25. september klukkan 20.30. Þar kemur fram fjöldi frægra tónlistarmanna en þar má nefna Ragnar Bjarnason, Gissur Pál Gissurarson, Fjallabræður, Jóhönnu Linnett og fleiri góða en sérstakur heiðursgestur verður stórsöngvarinn Kristján Jóhannsson. Um undirleik sér hljómsveitin Spútnik.

Jón ætlar sjálfur að taka lagið á laugardaginn en leyfir þó öðrum að njóta sviðsljóssins að mestu. „En ætli maður fái nokkuð að fara úr húsi nema syngja Ég er frjáls.“ solveig@frettabladid.is

---



†

*Elskuleg og ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,*

**Sigríður Halldóra Þórarinsdóttir,**

Hátúnum Landbroti,

sem andaðist 13. september sl., verður jarðsungin frá Prestbakkakirkju á Síðu, laugardaginn 25. september nk. kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast Sigríðar er bent á Samtök lungnasjúklinga.

**Jens Eiríkur Helgason**
**Sveinn Hreiðar Jensson**
**Kári Þór Sigríðarson**
**Helgi Valberg Jensson** **Hildur Sigurðardóttir**
**Arnór Helgason**
**Katrín Þórarinsdóttir**
**Magnea Gíslrún Þórarinsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Anna Kristjana Þorláksdóttir, Stella,**

Hrísmóum 1, Garðabæ,

lést á Landspítalanum mánudaginn 20. september. Útför verður auglýst síðar.

**Þorlákur Ásmundsson** **Halla Sigurjónsdóttir**
**Sigurður Stefánsson**
**og barnabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og systur,*

**Árelíu Þórdísar Andrésdóttur (Dísu)**

Smyrlahrauni 45, 220 Hafnarfirði.

**Leifur Rósinbergsson**
**Leifur Þór Leifsson** **Sigrún Jónsdóttir**
**Róbert Leifsson**
**Anna María Leifsdóttir** **Róbert Ragnar Grönqvist**
**Karl Kristján Leifsson** **Angeline Theresa Thomas**
**barnabörn og systkini**

---

†



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jón Marínó Samsonarson**

handritafræðingur, áður Melhaga 11,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund fimmtudaginn 16. september. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 24. september kl. 15.00.

**Heiðbrá Jónsdóttir** **Einar Baldvin Baldursson**
**Svala Jónsdóttir**
**Hildur Eir Jónsdóttir** **José Enrique Gómez-Gil Mira**
**Sigrún Drífa Jónsdóttir** **Árni Sören Ægisson**
**Soffía, Helga, Baldvin, Jón, Íris Eir, Sóley Margrét, Rósa og Eiður Ingi.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðlaug Hansdóttir**

frá Flatey á Breiðafirði
Arnarhrauni 19, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum að kvöldi mánudagsins 20. september. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 29. september kl. 13.00.

**Oddný Lárusdóttir**
**Hanna Björk Lárusdóttir** **Lúðvík Geirsson**
**og barnabörn**

---



†

*Ástkæri eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óli Fossberg Guðmundsson**

Túngötu 2, Eskifirði

sem lést 18. september, verður jarðsunginn frá Eskifjarðarkirkju föstudaginn 24. september klukkan 14. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á stúdíó Randúlfanna á Eskifirði. Kt: 130536-7869 reikn.nr. 0166-15-630057

**Bára Guðmundsdóttir, börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

# Hártækjadagar

**byggtogbúið**

## ÖLL HÁRSNYRTITÆKI Á ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI



**Öll hársnyrtitæki með góðum afslætti en aðeins í nokkra daga.**

Sléttujárn, bylgjujárn, vöfflujárn, hárklippur, krullujárn, nefhárasnyrtar, blásarar, hitaburstar, rakvélar og margt fleira.

**LÝKUR UM HELGINA, ALLRA SÍÐUSTU FORVÖÐ**

---

**byggtogbúið**

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

facebook.com / byggt.og.buid

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** skynfæri, **6.** mannþvaga, **8.** ískur, **9.** fum, **11.** tveir, **12.** traðk, **14.** pjátur, **16.** býli, **17.** rá, **18.** námstímabil, **20.** hljóm, **21.** land í asíu.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fjötra, **3.** tveir eins, **4.** verkfæri, **5.** regla, **7.** grátbiðja, **10.** mál, **13.** skjön, **15.** ata, **16.** ófarnaður, **19.** skst.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** auga, **6.** ös, **8.** urg, **9.** fát, **11.** ii, **12.** tramp, **14.** blikk, **16.** bæ, **17.** slá, **18.** önn, **20.** óm, **21.** laos.

**LÓÐRÉTT: 1.** höft, **3.** uu, **4.** gripkló, **5.** agi, **7.** sárbæna, **10.** tal, **13.** mis, **15.** kæma, **16.** böl, **19.** no.


EFLING STÉTTARFÉLAG

## Efling-stéttarfélag

### Fulltrúakjör til ársfundar Alþýðusambands Íslands

Allsherjaratkvæðagreiðsla verður viðhöfð við kjör fulltrúa á ársfund Alþýðusambands Íslands sem haldinn verður í Reykjavík dagana 21.og 22. október 2010.

Tillögur vegna ársfundarins með nöfnum 47 aðalfulltrúa og jafnmörgum til vara ásamt meðmælum 120 fullgildra félagsmanna skulu hafa borist skrifstofu Eflingar-stéttarfélags fyrir kl. 16.00 fimmtudaginn 30. september 2010.

Kjörstjórn
Eflingar-stéttarfélags



## Atvinnueignir
Löggild leigumiðlun og fasteignasala
534 1020
www.atvinnueignir.is

### Rekstrartækifæri – blómaverslun



Blómabúðin í Hólagarði er til sölu eða leigu með öllum innréttingum og lager. Blómabúðin er í leiguhúsnæði sem er um 90 fm en möguleiki er að breyta stærð verslunarinnar.

### Leiguhúsnæði í verslunarmiðstöðinni Hólagarði



Laust til leigu um 270 fm verslunarbil sem möguleiki er að skipta niður í tvö eða þrjú bil um 90 fm hvert. Hentar mjög vel fyrir veitingarekstur, verslanir og þjónustu. Gott aðgengi og húsnæði sýnilegt langt að. Bílastæði framan við innganginn.

**Allar frekari upplýsingar hjá Atvinnueignum í síma 534 1020, atvinnueignir@atvinnueignir.is**

Helgi Bjarnason, viðskiptafræðingur, MBA. löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali
Ólafur Jóhannesson, rekstrarfræðingur. löggiltur leigumiðlari


# Slembilukkunnar lof

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Slembilukka er það víst kallað þegar tilviljun ræður því að maður er á réttum stað á hárréttum tíma. Þegar því er öfugt farið er það ólán eða ósköp, slys.

**FYRIR** nokkrum dögum var ég stödd í amerískri stórborg á búðarrápi. Á rápinu heyrði ég einn daginn í þrumum, fann fyrir nokkrum regndropum og sá hvernig dimmdi hratt yfir skýjakljúfunum. Til að leita skjóls undan rigningunni vippaði ég mér inn í búð. Þetta var tískuvöruverslun sem teygði sig inn eftir húsinu á tveimur hæðum. Með dúndrandi rokktónlist í eyrunum ráfaði ég áleiðis niður í kjallara og heyrði ekki mannsins mál. Þarna var margt að sjá og mér dvaldist í búðinni. Eftir tæpan hálftíma fór ég út. Það hafði stytt upp. Gangstéttirnar voru blautar og götusalarnir höfðu pakkað saman. Ég kíkti í fleiri búðir, verslaði meira áður en haldið skyldi heim yfir ána.

**HEIMFERÐIN** gekk illa. Leigubílar komust ekki lönd né strönd, lestir gengu ekki og hitinn og mannmergðin á lestarpöllunum ætlaði sveitamanninn mig, lifandi að drepa. Þetta er sjálfsagt daglegt brauð í stórborginni hugsaði ég og reyndi að þykjast veraldarvön. Ég komst á leiðarenda seint og um síðir. Lúin settist ég niður og kveikti á sjónvarpinu. Æstir fréttamenn sögðu óðamála frá fellibyl. Ég var smástund að átta mig á að fellibylurinn sem um ræddi hafði ætt gegnum borgina, þar sem ég sjálf var stödd! Á rúmum stundarfjórðungi hafði hann rifið tré af rótum, rifið húsþök og brotið rúður. Strax var vitað til þess að einn hefði farist í hamförunum. Tré hafði fallið á bíl ungrar konu þar sem hún sat undir stýri. Þúsundir heimila voru rafmagnslaus og slökkviliðið stóð í ströngu við að ryðja götur svo fólk kæmist heim.

**FURÐU** lostin starði ég á sjónvarpsskjáinn. Hafði fellibylur gengið yfir borgina? Hvenær? Dagurinn hófst á því að ég fékk mér morgunkaffi í glampandi sól og blíðu! Ég rifjaði lauslega upp liðinn dag og jú, mundi eftir því að hafa heyrt í þrumum, jafnvel fundið fyrir regndropum áður en ég skaust inn í búð.

**SLEMBILUKKU** má sjálfsagt kalla það að ég var stödd ofan í rammgerðum kjallara þegar ósköpin gengu yfir. Á réttum stað á réttum tíma. Sama verður ekki sagt um ungu konuna sem fórst en hún hafði skipt um sæti við manninn sinn, einungis nokkrum mínútum áður en tréð féll á bílinn hennar.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hún er komin í verslanir Hagkaups!

3-99 ára

**Lærðu að elda með Mikka Mús og félögum!**




**Fjölskyldan matreiðir öll saman!**
**Þessi bók hefur að geyma 124 spennandi, hollar og gómsætar uppskriftir fyrir upprennandi matreiðslumenn.**

Hér er að finna einfaldar uppskriftir að seðjandi morgunverðum, ljúffengum smáréttum, bragðgóðu snarli, næringarríkum máltíðum, svo ekki sé minnst á freistandi eftirrétti og ilmandi bakstur.

**Fáanleg í Hagkaup og á www.edda.is**

nítjánda.

**Veitingastaðurinn Nítjánda býður upp á sérstaka rétti úr bókinni allar helgar í vetur.**

**Nánari upplýsingar á www.veisluturninn.is**

edda

*edda.is - bókabúð á netinu opið allan sólarhringinn*

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

# menning

menning@frettabladid.is

**RITSTJÓRNIN LES:** Gerður, ævisaga myndhöggvara eftir Elínu Pálmadóttur. Forvitnileg lesning um merkilega og lúsiðna listakonu gerði verk sem allir þekkja og verk sem enginn hefur séð.

## Vísindin lifna við

Vísindavaka Rannís verður haldin í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu á morgun frá klukkan 17 til 22. Dagurinn er tileinkaður evrópskum vísindamönnum og haldinn hátíðlegur í helstu borgum Evrópu.

Markmiðið með Vísindavöku og tengdum atburðum er að kynna fólkið á bak við rannsóknirnar og vekja athygli á fjölbreytni og mikilvægi vísindastarfs í landinu.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra setur Vísindavökuna formlega klukkan 17 og verða þá afhent verðlaun í teiknisamkeppni barna. Að setningu lokinni opnar sýningarsvæðið og lifandi vísindamiðlun fer fram á sviði.

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**15.09.10 - 21.09.10**




**1** Kvöldverðurinn - kilja
Herman Koch




**2** Barnið í ferðatöskunni - kilja
Lene Kaaberbol/Agnete Frills




**3** Borða, biðja, elska - kilja
Elizabeth Gilbert




**4** Vitavörðurinn - kilja
Camilla Läckberg




**5** 365 hugmyndir til að teikna og mála




**6** Eyjafjallajökull
Ari Trausti og Ragnar Th.



**7** Þríforkurinn - kilja
Fred Vargas




**8** Ranghugmyndin um guð
Richard Dawkins




**9** Ástandsbarnið - kilja
Camilla Läckberg




**10** Tíu lítil sveitakríli
Unga ástin mín

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872



**STEINDÓR OG HÉÐINN** Framleiða myndina ásamt Brynhildi Birgisdóttur. Héðinn heillaðist af tímaleysi Sundhallarinnar, allir morgnar eru eins og sumir fastagestanna hafa sótt Sundhöllina frá því að hún var opnuð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# SUNDHÖLL MINNINGANNA

**Tíminn er eins og vatnið, orti Steinn Steinarr. Það á óvíða betur við en í Sundhöll Reykjavíkur, þar sem sömu fastagestir hafa vanið komur sínar svo áratugum skiptir. Um þá fjallar heimildarmyndin Höllin, sem verður frumsýnd í Sundhöllinni á laugardag.**

Framleiðendur myndarinnar eru Steindór Gunnar Steindórsson, Brynhildur Birgisdóttir og Héðinn Halldórsson, sem að auki leikstýrir og skrifar handritið að myndinni. Þeir byrjuðu á myndinni í janúar 2009, báðir nýkomnir að utan.

„Steindór var að koma frá Mósambík og ég frá Danmörku," segir Héðinn. „Og við vorum að leita að einhverju skemmtilegu verkefni. Þetta var hugmynd sem hafði lengi blundað í mér, ég er sjálfur fastagestur í Sundhöllinni og bý á næsta götuhorni. Við byrjuðum á því að athuga hvort það væri mögulegt að fá styrki til að hrinda þessu í framkvæmd; það reyndist vera og eftir það fór boltinn að rúlla."

Í myndinni er fylgst með daglegu lífi gesta og starfsfólki Sundhallarinnar á tveimur köldum vetrardögum og tveimur björtum sumardögum. Héðinn eyddi miklum tíma í undirbúningsvinnu en myndin var tekin í tveimur lotum á um það bil tíu dögum. Á þeim tíma tóku þeir Steindór um 25 klukkustundir af efni, sem þeir grisjuðu niður í um 52 mínútna heimildarmynd.

Héðinn segir gesti og starfsfólk greinilega bera mikla virðingu fyrir húsinu og það sé mikil samkennd innan hópsins. Sjálfur hafi hann fyrst og fremst heillast af tímaleysi Sundhallarinnar.

„Allir morgnar eru eins; þetta er sama fólkið sem mætir og allir eiga sín sæti. Þetta er eins og hálfgert ritúal. Það eina sem breytist er að fólk fellur frá og hópurinn minnkar. Þetta voru því eiginlega síðustu forvöð til að fanga þessa stemningu, meðan fastagestirnir sem hafa stundað sundlaugina allt frá því hún opnaði á fjórða áratugnum, eru enn á lífi."

Höllin verður frumsýnd í Sundhöllinni á laugardagskvöld klukkan 20 og gefst kostur á að vera í lauginni meðan á sýningu stendur. Sýningartími myndarinnar er 52 mínútur. Myndin verður jafnframt sýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni Riff, sem hefst 23. september.

bergsteinn@frettabladid.is

### SJÁLFKJÖRINN Í AÐALHLUTVERKIÐ



Aðalpersóna myndarinnar er Kjartan, 84 ára öldungur, sem býr steinsnar frá Sundhöllinni. Hann mætir í laugina á hverjum morgni klukkan sex til að synda og gera æfingar á bakkanum, en ekki síst til að hitta félaga sína.

„Það má segja að Kjartan hafi valið sjálfan sig í aðalhlutverkið," segir Héðinn, sem eyddi löngum stundum uppi í Sundhöll til að kynnast starfsfólki og gestum laugarinnar. „Kjartan er afskaplega sterkur persónuleiki og mikill sagnabrunnur, sem lá nokkuð beint við að hafa í forgrunni."



# BÓKA LAGERSALA







## Konukvöld Forlagsins á Fiskislóð 39!
## kl. 17–21 í kvöld

Karlar eru einnig velkomnir

- sértilboð á völdum titlum (aðeins þetta kvöld!)
- kynningar á spennandi jólabókum
- smakk úr væntanlegri smáréttabók Nönnu Rögnvaldardóttur
- fyrstu 50 gestirnir fá kræsilegan gjafapoka! MARBERT Rolo

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

**Allir sem kaupa bók fá kaupauka!**




BLÁA MINNISBÓKIN
Nú: 1.690 kr.
Áður: 2.490 kr.




LITLA LOSTABOXIÐ
Nú: 2.590 kr.
Áður: 3.990 kr.




DÆMI UM TILBOÐ
BERLÍNARASPIRNAR
+ KUÐUNGAKRABBARNIR
+ Á GRÆNUM GRUNDUM
Nú: 3.990 kr.
Áður: 7.470 kr.




AÐÞRENGD Í ODESSU
+ ÞAÐ SEM ÉG SÁ OG HVERNIG ÉG LAUG
Nú: 2.490 kr.
Áður: 4.980 kr.




STÓRA MATARBÓKIN
Nú: 5.990 kr.
Áður: 14.990 kr.




SVO FÖGUR BEIN
Nú: 1.490 kr.
Áður: 2.490 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast. + „Karlar eru einnig velkomnir"

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 23. september 2010**

### ➜ Tónleikar



**21.30** Hljómsveitirnar **Koi**, **Suicide Coffee**, **Saytan** og **Markús** verða með tónleika á **Sódómu Reykjavík** í kvöld. Húsið opnar kl. 21.30 og hefjast tónleikarnir kl. 22.00. Aðgangseyrir er 500 krónur.

### ➜ Sýningar

**12.00** **Johan Rosenmunthe** verður með sýningu í **Skotinu, Ljósmyndasafni Reykjavíkur**, í dag. Sýningin ber nafnið **The Isle of Human** og opnar kl. 12.00 og er opin til 19.00.

**18.00** **Habbý Ósk** sýnir myndbandsverkið **It's in our nature** í **Gallerí Boxi**, Akureyri, í kvöld frá kl. 18.00-22.00.

### ➜ Hátíðir

**17.59** **Enski barinn** heldur hátíðlegan **Arthur's Day**, til fagnaðar ævi og arflegð Arthur Guinness. Í tilefni af þessu verður bjór á tilboði á Enska barnum frá kl. 17.59.

### ➜ Kvikmyndir

**17.30** **Konfíusarstofnunin Norðurljós** sýna kvikmyndina **Svanasöngur karlanna** í **Öskju, stofu 132** í dag. Sýningin hefst kl. 17.30 og stendur til 19.06. Opin öllum og án endurgjalds.

**20.00** **Listasafn Reykjavíkur** í samstarfi við **Kónó klúbbinn** sýnir kvikmyndina **Foggy Mountains Breakdown More Than Non-Foggy Mountains** eftir Jessie Stead. Sýningin verður sýnd kl. 20.00 í **Hafnarhúsinu**.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.25** **Arnþrúður Ingólfsdóttir** kynjafræðingur verður með fyrirlestur er nefnist **Við erum með aðeins viðkvæmari heila** í **Öskju, stofu 132** kl. 12.25-13.15 í dag.

### ➜ Samkoma

**20.00** Menningarviðburðurinn **Sjónvarpslaust fimmtudagskvöld** fer fram í **Slippsalnum**, Mýrargötu 2, í kvöld kl. 20.00. Dagskrá hefst kl. 20.30. **Ylja**, **Bluegrasssveitin Woodcraft** og **Blæti** spila tónlist. Miðaverð er 1500 krónur.

### ➜ Fundir



**20.30** Aðalfundur **Femínistafélags Háskóla Íslands** fer fram á **Næsta bar** í kvöld kl. 20.30. **Gyða Margrét Pétursdóttir** flytur erindi.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Varla Hofi hæft

Leikhús ★★

**Rocky Horror Picture Show**

Leikfélag Akureyrar, Hof, Höfundur: Richard O'Brien, Leikstjóri: Jón Gunnar Þórðarson

**Aðalhlutverk:** Magnús Jónsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Andrea Gylfadóttir, Bryndís Ásmundsdóttir, Atli Þór Albertsson, Jana María Guðmundsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Hjalti Rúnar Jónsson og Matthías Matthíasson.



Það er glæsileg aðstaða sem mætir leikhúsgestum þegar þeir ganga til sætis í hinu nývígða Hofi. Salurinn Hamraborg tekur 500 manns í sæti og vel til þess fallinn að hýsa stórbrotna og sjónræna sýningu eins og Rocky Horror.

Matthías Matthíasson er fyrstur á svið sem mótorhjólarokkarinn Eddie, vopnaður hljóðnema og tribalhúðflúrum og byrjar sýninguna á að hita salinn upp; býður gesti velkomna, skipar þeim dálítið tilgerðarlegri röddu að slökkva á farsímum, áður en hann skiptir áhorfendum í tvennt í öskurkeppni á nafni sýningarinnar: Rocky! (neðri sætaraðir) – Horror! (efri sætaraðir). Blóðrauðum vörum Andreu Gylfadóttur er því næst varpað á tjöldin og hið heimsþekkta upphafsstef sýningarinnar hefst. Djúp og kraftmikil rödd Andreu stendur fyrir sínu; hún hefði betur tekið á móti áhorfendum, en meikaður Matti í Pöpum. Andrea heldur sér ágætlega út sýninguna og hentar vel í hlutverk Columbiu. Guðmundur Ólafsson stóð sig sömuleiðis ágætlega í hlutverki sögumannsins og sæmilega andstæður við það sem átti víst að vera sjokkerandi og klúrt.

Misvel er þó staðið að hlutverkaskipan. Systkinin Riff Raff og Magenta, leikin af Eyþóri Inga Guðmundssyni og Bryndísi Ásmundsdóttur, bera af. Öruggur leikur, óaðfinnanlegur söngur og glæsileg gervi skila sínu fullkomlega og er í raun eitt af því fáa í sýningunni sem samboðið er atvinnuleikhúsi. Þau Atli Þór Albertsson og Jana María Guðmundsdóttir sem Brad og Janet falla í skuggann en vinna ágætlega úr því sem þau hafa úr að moða. Kröftug Broadway-rödd heldur Jönu uppi og Atli stendur sig með prýði með eilítið farsakenndum leik og stöðugri söngrödd.

Hryggjarstykki söngleiksins, hinn ógnandi og undarlegi Frank N Furter, er mestu vonbrigðin. Sá Frank N Furter sem birtist okkur er ekki klikkaður og ógnvekjandi, heldur tilgerðarlegur og þreytandi. Ungur og efnilegur leikari kæmist kannski upp með þessa frammistöðu í framhaldsskólauppsetningu, en ekki þaulreyndur fagmaður á borð við Magnús.

Þá er val leikstjórans á hlutverki Rocky vanhugsað. Hjalti Rúnar Jónsson gerir sennilega það sem er ætlast til af honum í hlutverki „hins fullkomna manns“, en innan um öll Gilzenegger-klónin sem skipta hundruðum á landinu, hlýtur að leynast eitt sem getur sungið og leikið. Enn og aftur varð mér hugsað til framhaldsskólasýningar.

Leikstjórinn, Jón Gunnar Þórðarson, sópaði að sér Grímutilnefningum 2008, sem bendir til að honum sé margt til lista lagt og hefur eflaust ráðið einhverju um það að honum var falið að setja upp Rocky Horror í einum glæsilegasta sal landsins. Það lukkast því miður ekki nógu vel.

Bæði aðstaðan og söngleikurinn bjóða upp á ýmsa möguleika. Leikfélag Akureyrar tók þá sérstöku ákvörðun að kynna nýja og glæsilega aðstöðu sína í Hofi fyrir landsmönnum með því að setja upp margreyndan rokksöngleik, uppfullan af tabúum áttunda áratugarins. Jón Gunnar hefði átt að nýta sér það út í ystu æsar og sleppa fram af sér beislinu, frekar en að teprast með kynlífið bak við tjöldin – bókstaflega.

Með verk eins og Rocky Horror í hinu helga Hofi, hefur Jón Gunnar hárbeitt vopn í höndunum en nær því miður ekki að beita því nægilega vel.

**Sunna Valgerðardóttir**

**Niðurstaða:** Vel sungin sýning með skemmtilegum gervum en heildarútkoman er rýr og ekki í samræmi við væntingar til atvinnuleikhúss í jafn glæsilegu húsnæði og Hofi.





Faxaflóahafnir sf.

Bjóða íbúum Reykjavíkur til gönguferðar um Gömlu höfnina í Reykjavík undir leiðsögn Hjálmars Sveinssonar formanns hafnarstjórnar laugardaginn 25. september 2010.

Tilgangur ferðarinnar er að gefa almenningi upplýsingar um þær miklu breytingar sem hafa orðið á hafnarsvæðinu á undanförnum árum svo og að upplýsa um stefnu Faxaflóahafna í málefnum Gömlu hafnarinnar, almenningi verður einnig gefin kostur á að koma með hugmyndir og ræða þær við formanninn.

Lagt verður af stað í gönguna frá styttu Ingólfs Arnasonar á Arnarhóli stundvíslega kl 10:00, gengið verður um austurhöfnina og út á Grandagarð og síðan tilbaka aftur að gömlu verbúðunum í Suðurbugt þar sem boðið verður til umræðna um ferðina í sal Lífsmyndar í verbúð nr. 7b fyrir ofan Café Haiti.

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borgarnes



LJÓÐABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR // ÆVISÖGUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓ

**VERÐHRUN!**

# RÝMINGARSALA BÓKAÚTGEFENDA

## BORGARTÚNI 29

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ **KL. 11-19**
FIMMTUDAGA TIL **KL. 21**

**OPIÐ TL KL. 21 Í KVÖLD**

**VIÐ RÝMUM TIL FYRIR NÝJU JÓLABÓKUNUM!**

**BÓK AÐ GJÖF EF ÞÚ KAUPIR FYRIR 5.000 KR. EÐA MEIRA!**

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




~~9.980,-~~ 4.990,-
~~18.800,-~~ 9.900,-
~~5.980,-~~ 3.980,-
~~7.990,-~~ 3.990,-
~~14.900,-~~ 4.990,-




~~2.390,-~~ 1.890,-
~~1.990,-~~ 590,-
~~2.690,-~~ 1.690,-
~~3.990,-~~ 990,-
~~3.980,-~~ 1.990,-
~~6.990,-~~ 3.990,-

Bókafélagið Ugla · Bókaútgáfan Æskan · CRYMOGEA · Tindur bókaútgáfa · BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR · Bókafélagið · ÚTKALL · Vestfirska forlagið · Háskólaútgáfan
UPPHEIMAR · sögur útgáfa · ORMSTUNGA · heimur · VERÖLD · SKRUDDA · Salka · Unga ástin mín · BJARTUR


ÓLÖF ARNALDS


AMIINA

> Í SPILARANUM

Ólöf Arnalds - Innundir skinni
Interpol - Interpol
Melchior - < 1980
Belle And Sebastian - Write About Love
Amiina - Puzzle

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Ný plata R.E.M. tilbúin

Meðlimir R.E.M. hafa tilkynnt að þeir hafa lokið upptökum á næstu plötu sinni. Platan hefur enn ekki fengið nafn en ráðgert er að hún komi út næsta vor.

Upptökustjóri plötunnar var Jacknife Lee sem þekktur er fyrir vinnu sína með böndum á borð við Kasabian, Editors og Snow Patrol. Platan var tekin upp í Music Shed í New Orleans og Hansa-hljóðverinu í Berlín en þar tók David Bowie upp Heroes og U2 tók upp Achtung Baby. Þá var líka tekið upp í Nashville.

Þessi plata verður fimmtánda hljóðversplata R.E.M. Sú síðasta, Accelerate, kom út árið 2008 en þá var Jacknife Lee einnig við stjórnvölinn.


**R.E.M.** Michael Stipe og félagar senda frá sér fimmtándu hljóðversplötu sína á næsta ári.



> Plata vikunnar

Orri Harðar - Albúm

★★★★

„Tíu lög, rödd, kassagítar og hvergi dauður blettur.“ - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Gleymdur hæfileikamaður*

Poppsagan er full af gleymdum snillingum. Á móti hverjum John Lennon, Jimi Hendrix eða James Brown er hægt að finna minna þekkta meistara eins og Arthur Russell, Alex Chilton eða O.V. Wright og oft er meira spennandi að sökkva sér ofan í verk þessara skuggaprinsa poppsins heldur en að hjakka endalaust í margverðlaunuðum meistaraverkum. Og stundum fá þeir uppreisn æru.


**UPPREISN ÆRU** Fjögurra diska yfirlitssafn með verkum Kevin Coyne er komið út.

Þannig verður það kannski með Kevin Coyne. Þessi breski söngvari, gítarleikari og lagasmiður naut nokkurrar hylli á áttunda áratugnum, en þó að hann hafi gefið út plötur allt til ársins 2000 þá var ekki miklu bleki úthellt þegar hann féll frá af völdum lungnatrefjunar 2. desember 2004. Nýlega gaf Virgin út fjögurra diska yfirlitssafn yfir verk Kevins Coyne frá árunum 1973-1980. Það ber nafnið I Want My Crown: The Anthology. Ég hafði einhvern tímann slysast til að kaupa plöturnar hans Dynamite Daze og Millionaires & Teddy Bears á vínyl, en var nánast búinn að gleyma honum þegar ég sá umfjöllun um safnið og pantaði það með hraði.

Það var John Peel sem uppgötvaði Kevin Coyne og fékk hann til Dandelion-fyrirtækisins árið 1969, en eftir að það var lagt niður gerði Coyne samning við Virgin. Frægasta platan hans er sú fyrsta fyrir Virgin, Marjory Razorblade, sem kom út 1973. Tónlist Kevins Coyne er hrá og blússkotin folk-tónlist, stundum framúrstefnuskotin. Hann var frábær túlkandi og lagasmiður og einstakur textasmiður. Mjög enskur. Einhvers staðar sá ég það skrifað að það væri ekki hægt að líkja textunum hans við neinn nema kannski Ian Dury. Eitthvað til í því þó að þeir sé um margt ólíkir.

Það voru synir Kevins, Eugene og Robert, sem sáu um útgáfu I Want My Crown og þeim hefur tekist frábærlega upp. Fjórir stútfullir diskar af eðal tónlist og fínn bæklingur með. Og verðið í lagi; rúm tuttugu pund.


VEISLUSALUR
Rúbín

Veislusalur Öskjuhlíð - upplýsingar í s. 617 1111 - www.rubin.is



**OF MONTREAL** Kevin Barnes (lengst til vinstri) ásamt félögum sínum í hljómsveitinni Of Montreal. NORDICPHOTOS/GETTY

# Alvöru indí-hrærigrautur

**Hljómsveitin Of Montreal hefur gefið út sína tíundu hljóðversplötu. Forsprakkinn Kevin Barnes segir útkomuna bæði dansvæna og fönkaða.**

Tíunda hljóðversplata bandarísku indí-poppsveitarinnar Of Montreal, False Priest, er nýkomin út. „Þarna eru sterk R&B-áhrif og þarna er líka mikið af dansvænum og fönkuðum lögum. Við reynum líka að hafa þarna augnablik þar sem þú missir kjálkann af undrun, sérstaklega ef þú ert að hlusta á plötuna í heyrnatólum,“ segir forsprakkinn Kevin Barnes um hljóminn á plötunni.

Íslenskir tónlistarunnendur ættu að kannast við Of Montreal því hljómsveitin spilaði í Hafnarhúsinu á Iceland Airwaves-hátíðinni árið 2007 fyrir troðfullu húsi. Þá var sveitin að fylgja eftir plötunni Hissin Fauna, Are You The Destroyer?, sem kom sveitinni rækilega á kortið. Plötunni var hrósað í hástert og gagnrýnendur hrúguðu á hana stjörnum fyrir líflega og fjölbreytilega tónlistina þar sem mörgum stefnum var att saman í einn hressilegan indí-hrærigraut.

Of Montreal kemur frá Aþenu í Georgíu-fylki, rétt eins og hljómsveitirnar R.E.M. og B-52´s. Kevin Barnes stofnaði sveitina árið 1996 og er sagður hafa skírt hana Of Montreal eftir misheppnað ástarsamband við konu frá Montreal í Kanada. Hljómsveitin hefur á ferli sínum vaðið úr einum stílnum í annan og verið dugleg við að spila lög eftir aðra tónlistarmenn, alls 86 talsins. Barnes er sjálfur óútreiknanlegur á tónleikum. Hann hefur staðið á sviði í New York og flengt „svín“ í miðju lagi ásamt leikkonunni Susan Sarandon, setið á hestbaki og flutt sex lög nakinn í Las Vegas. „Það væri hægt að líkja Kevin við náunga eins og Prince,“ segir Bryan Poole, gítarleikari Of Montreal. „Hann getur spilað á öll hljóðfæri og gert allt upp á eigin spýtur. Það er ákveðinn töfraljómi yfir svona náungum sem hafa gert alla hluti sjálfir.“

Hæfileikar Barnes virðast hafa fengið að njóta sín á plötunni því hún hefur fengið fína dóma, meðal annars fjórar stjörnur í bresku tónlistartímaritunum Q og Mojo.

freyr@frettabladid.is



Munum eftir að kveikja útiljósin!

Nú þegar farið er að dimma úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín á næturnar til að auðvelda blaðberum Pósthússins aðgengi að póstlúgu.

Með fyrirfram þökk,
Pósthúsið
dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga

Blöð og tímarit
Bréfasendingar
Markpóstur
Fjölpóstur
Vörudreifing
Plöstun blaða og nafnamerking

Póst húsið
Við látum það berast

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is


# Stones í endurbættri útgáfu

Tónleikamyndin Ladies & Gentlemen: The Rolling Stones frá 1974 verður sýnd í endurbættri útgáfu í Kringlubíói í kvöld. Aðeins verður um þessa einu sýningu að ræða.

Myndin var tekin upp á fernum tónleikum á ferðalagi Stones um Bandaríkin 1972 til að fylgja eftir plötunni Exile on Main Street. Myndin verður sýnd í endurhljóðblandaðri háskerpuútgáfu en hún var á sínum tíma tekin upp á 16mm filmu. Hún var síðan stækkuð í 35mm útgáfu áður en hún var sýnd í kvikmyndahúsum. Þar til nú hefur myndin aldrei verið gefin út opinberlega á VHS-spólu eða DVD-diski síðan hún kom út, nema í Ástralíu þar sem hún kom út á VHS í byrjun níunda áratugarins. Undanfarin ár hefur hún eingöngu verið fáanleg í bootleg DVD-útgáfu.

Í myndinni var reynt að líkja sem mest eftir tónleikaupplifun áhorfenda. Fólki í nokkur hundruð manna sal átti að líða eins og það væri á tíu þúsund manna Stones-tónleikum. Til þess var notast við svokallað Quadrasound-hljóðkerfi í stað hins hefðbundna Surround-kerfi.

Hljómsveitin The Rolling Stones var í miklu stuði á þessum tíma, enda nýbúin að gefa út eina af sínum bestu plötum. Exile on Main Street fékk reyndar misjafna dóma þegar hún kom út en hefur í tímans rás verið talin eitt besta verk sveitarinnar, enda var hún endurútgefin fyrr á árinu í viðhafnarútgáfu. Á meðal þekktra laga sem hljóma í tónleikamyndinni eru Brown Sugar, Midnight Rambler, Tumbling Dice, Street Fighting Man og Jumpin' Jack Flash.

-fb


**KEITH RICHARDS** Gítarleikarinn Keith Richards í hörkustuði á tónleikum í Bandaríkjunum árið 1972. NORDICPHOTOS/GETTY

# MESTA ÚRVALIÐ

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl







**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

**Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900**

acer · ASUS · hp · lenovo · msi · packard bell · SONY · TOSHIBA

> Í TÖLVULEIK

Kvikmyndin Inception eftir Christopher Nolan með **Leonardo DiCaprio** í aðalhlutverki hefur haft mikil áhrif. Og nú á að búa til tölvuleik ef marka má orð Nolans. „Okkur langar til að þróa þessa hugmynd ögn lengra og gera hluti sem við gátum ekki gert í kvikmyndinni.“



# bíó

bio@frettabladid.is

# Affleck orðaður við Óskarinn

Eflaust hefði enginn reiknað með því að aðeins sjö árum eftir Gigli-ósköp Bens Affleck, sem fóru langleiðina með að rústa annars ágætan feril hans, að hann væri orðaður við Óskarinn. En það er nú engu að síður staðreynd. Nýjasta kvikmynd hans, The Town, fór beint á toppinn í Bandaríkjunum en hún segir frá óförum leiðtoga glæpagengis í Boston sem verður ástfangin af starfskonu banka sem hann hyggst ræna. MTV-vefurinn hefur eftir miðasölusérfræðinginum Jeff Bock að yfirleitt séu septembermyndir ekki líklegar til afreka á Óskarnum. „En ég held að það gegni öðru máli með The Town, hún komst í toppsætið og hefur fengið glæsilega dóma.“

Jeff bendir einnig á þá skemmtilegu staðreynd að fyrir fjórum árum hafi The Departed, sem einnig gerðist í Boston, farið á toppinn í september. Og sú frábæra mynd eftir Martin Scorsese fór heim frá Kodak-höllinni með fimm Óskara. Phil Contrion, ritstjóri Box-Offcie.com-vefsins, spáir því að Mad Men-leikarinn Jon Hamm eða Jeremy Renner úr Hurt Locker eigi eftir að dúkka upp í aukahlutverks-flokknum. Affleck leikstýrir sjálfur myndinni en hún fær 8,4 á imdb.com og 94 prósent á rottentomatoes.com.



**MÖGNUÐ ENDURKOMA** Ben Affleck lagði feril sinn nánast í rúst með tveimur Jennifer Lopez-myndum. En nú er hann orðaður við Óskarinn með sinni nýjustu mynd, The Town.

# Portman verður Mjallhvít



Natalie Portman er sögð eiga að leika Mjallhvíti í nýrri og fremur óhefðbundinni útgáfu af þessu fræga ævintýri. Leikstjóri Amelie, Jean-Pierre Jeunet, er sagður ætla að setjast í leikstjórastólinn en framleiðendur verða þeir Brett Ratner og Ryan Kavanaugh. Samkvæmt fyrstu fréttum er ráðgert að myndin verði í þrívídd. Ekki hefur þó verið greint formlega frá ráðningu Portman enda hefur ekki verið skrifað undir neina samninga.

Samkvæmt fyrstu fréttum á þessi útgáfa af Mjallhvíti að vera nokkuð frábrugðin þeirri sem Walt Disney gerði 1937. Mjallhvít á að vera hálfgerð drusla, dvergarnir eiga ekki að vera námuverkamenn heldur þjófagengi og svo var víst dreki í upphaflegu ævintýri Grimm-bræðranna. „Þetta er mynd sem á eftir að sameina gamla og nýja aðdáendur ævintýramynda,“ sagði Kavanaugh í samtali við fjölmiðla.

**ÓHEFÐBUNDIN** Natalie Portman á að leika eilítið druslulegri útgáfu af Mjallhvíti í nýrri mynd.



**GEKKO OG STONE** Michael Douglas í hlutverki Gordons Gekko ræðir við leikstjórann Oliver Stone. Sumir hafa jafnvel gengið svo langt að vilja kenna Gekko um fjármálahrunið 2008 enda hafi verðbréfaguttarnir flestir verið innblásnir af græðgisræðu Gordons frá árinu 1987.

# Kane frumsýndur

Kvikmyndin Solmon Kane verður frumsýnd í Sambíóunum um helgina. Myndin er byggð á sögum eftir Robert E. Howard en hann er eimnitt maðurinn á bak við Conan sem gerði Arnold Schwarzenegger heimsfrægan. Solmon Kane segir frá leiguliða sem gengur erinda Bretlandsdrottningar á 17. öld. Djöfullinn birtist honum og gerir honum grein fyrir því að vegna voðaverka sinna muni hann brenna í helvíti. Kane ákveður að snúa frá villu síns vegar og gerist púritani en fortíðin er ekki lengi að banka upp á. Með aðalhlutverk fara þeir James Purefoy og Max von Sydow.

# Gekko-börn 21. aldarinnar

**Gordon Gekko verðbréfakóngur snýr aftur í sjálfstæðu framhaldi Wall Street-myndarinnar frá árinu 1986, Wall Street: Money Never Sleeps. Og hann virðist enn þá hafa öll trompin á hendinni.**

Verðbréfaguttinn Jake Moore fylgist með skelfingu þegar fjármálakerfi Bandaríkjanna er um það bil að lamast. Í óþökk kærustunnar sinnar ákveður Moore að leita ráða hjá hinum illa þokkaða Gekko sem er nýsloppinn úr fangelsi. En svo skemmtilega vill til að Gekko er einnig pabbi unnustunnar. Og þeir sem lenda í klóm Gordons Gekko eiga yfirleitt fyrir höndum ferðalag um spillta heima Wall Street þar sem aðeins eitt afl ræður ríkjum: peningar.

Það er varla tilviljun að Oliver Stone skuli hafa kosið að leggjast í gerð Wall Street númer tvö á þessum tíma. Fall bandarísku bankanna með skelfilegum afleiðingum fyrir hinn vestræna heim. Íslenska fjármálakerfið hrundi til dæmis eins og spilaborg þegar ameríska fjármálakerfið sló feilnótu. Sumir vilja eflaust meina að ein af ástæðum þess hafi einfaldlega verið sú að íslensku útrásarvíkingarnir hafi horft of mikið á gömlu myndina frá uppatímabili níunda áratugarins (sem vitaskuld er bara rökrétt ályktun enda er aðdáun íslensku fjármálafurstanna á ´80 tímabilinu skráð í sögubækurnar). Fjármálafurstar eins og Gekko eru sagðir bera persónulega ábyrgð á því að Vesturveldin glíma nú við atvinnuleysi og gjaldeyriskreppu.

Gekko birtist, eins og áður segir, fyrst í kvikmyndinni Wall Street frá ´87. Þar opnaði hann augu hins bláeygða Bud Fox fyrir því hvernig hægt væri að komast yfir skjótfengin gróða með innherjaviðskiptum og klækjabrögðum. En Fox sveik lærimeistarann sinn í lok myndarinnar og Wall Street: Money Never Sleeps tekur upp þráðinn þegar Gordon snýr aftur til mannheima eftir fangelsisvistina.

Fyrri Wall Street-myndin hafði gríðarleg áhrif á popp-kúltúr og hugmyndir fólks um lífið á Wall Street. Gordon Gekko, í meðförum Douglas, hefur einhvern veginn orðið holdtekja hins miskunnarlausa og gráðuga fjármálamóguls sem svífst einskis til að ná takmarki sínu. Og græða gommu af peningum í leiðinni. Endurkomu Gekko hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu og hugsanlega geta íslenskir útrásarvíkingar huggað sig við Wall Street 2; það er kannski einhver von enda hálfdrættingar á við Gordon.






# Winona Ryder snýr aftur í sviðsljósið

Fyrsti áratugur nýrrar aldar lék bandarísku leikonuna Winonu Ryder grátt. Ferillinn fór niður í ræsið eftir að hún var dæmd fyrir búðaþjófnað í mars 2002 en fram að því var hún svo fræg og eftirsótt að fyrrverandi kærasti hennar, Johnny Depp, var með húðflúrað á öxlinni sinni „Winona forever“.

En Winona virðist smám saman vera ná áttum aftur eftir að hafa þurft að sætta sig við aðalhlutverk í b-myndum sem litla athygli hafa fengið. Hún leikur stórt hlutverk í kvikmyndinni Black Swan eftir Darren Aronofsky og hefur fengið lofsamlega dóma fyrir en líklegt þykir að Natalie Portman hreppi jafnvel tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn. Tim Burton hefur síðan ráðið Winonu til að tala inn á sína nýjustu teiknimynd, Frankenweenie, en Ryder og Burton gerðu síðast saman hina stórkostlegu Edward Scissorhands ásamt áðurnefndum Depp.

Winona er um þessar mundir að leika á móti Channing Tatum, Vince Vaughn og Kevin James í kvikmyndinni The Dilemma eftir Ron Howard. Aðdáendur Ryder, sem eflaust eru fjölmargir, ættu því að geta farið að taka gleði sína á ný.



**SAMAN AFTUR** Tim Burton hefur fengið Winonu Ryder til að tala inn á sína nýjustu teiknimynd. Ferill Ryder virðist loks vera að taka við sér eftir nokkur mögur ár.




# HELENA RUBINSTEIN KYNNING
## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM OG GARÐABÆ 23. – 29. SEPTEMBER

Sérfræðingar HELENA RUBINSTEIN taka vel á móti viðskiptavinum og ráðleggja um notkun snyrtivara og kynna nýjungar.

**Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Helena Rubinstein vörur þar af eitt 50 ml andlitskrem:**

- Prodigy 15 ml næturkrem
- Prodigy Re-Plastykrem  5 ml
- Prodigy augnkrem
- Lash Queen Sexy Blacks maskari
- Wanted varagloss

**Verðmæti kaupaukans er 17.700 kr.**
Einnig aðrar gerðir kaupauka.

*Gildir á kynningunni meðan birgðir endast.




HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > Á lausu

Leikkonan **Mischa Barton** er á lausu eftir að hafa hætt með kærasta sínum, hinum breska Dj Ali Love. Þau skötuhjúin kynntust í sumar og gekk sambandið vel í fyrstu. Hins vegar kunni Ali því illa hve mikla athygli sambandið fékk í fjölmiðlum og ákvað að þetta líf hentaði sér ekki.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Stikla Harðskafa slær í gegn

Það eru ekki bara íslensk forlög sem leggja sig öll fram við að kynna bækur sínar. Bókaforlagið Random House réðst til að mynda í gerð mjög metnaðarfullrar stuttmyndar til að kynna ensku útgáfuna af Harðskafa, eða Hypothermia eins og hún heitir upp á ensku. Eistneski leikstjórinn Tanel Toom var fenginn til að leikstýra myndinni sem er auðvitað öll á ensku. Stiklan hefur þegar náð mikilli hylli og mun keppa um titilinn Besta bókamyndbandið árið 2010 sem Random House, bókakeðjan Foyles, fagtímaritið Bookseller og The National Film and Television School í London standa að. Stiklan fyrir Harðskafa keppir meðal annars við stiklu fyrir nýjustu verk James Ellroy og Jens Nesbø.

Netkosningin stendur yfir á heimasíðu Foyle, fyoles.co.uk. til 15. október. Athygli vekur að Erlendur Sveinsson í bókastiklunni er mun eldri en til að mynda Ingvar E. Sigurðsson sem mörgum fannst fullungur í hlutverkið í frægri mynd Baltasars Kormáks, Mýrinni. Það kom þó ekki að sök því Mýrin er ein aðsóknarmesta kvikmynd Íslandssögunnar. Hypothermia, eða Harðskafi, hefur raunar fengið mikla umfjöllun í bæði enskum og bandarískum fjölmiðlum en New York Times gaf henni meðal annars mjög góða dóma nýverið. - fgg



**VINSÆLL** Arnaldur Indriðason hefur náð miklum vinsældum en Random House-forlagið lét gera sérstaka stiklu í tilefni af enskri útgáfu Harðskafa. NORDICPHOTOS/AFP

# Trommari með heilaæxli

**Jon Brookes, trommuleikari bresku hljómsveitarinnar The Charlatans, hefur verið greindur með heilaæxli. Brookes var lagður inn á spítala í síðustu viku eftir að hann hneig niður á tónleikum í Bandaríkjunum.**



JON BROOKES

**Hljómsveitin aflýsti nokkrum tónleikum í kjölfarið en nú hefur verið ákveðið að íhlaupamaður verði fenginn í stað Brookes á meðan hann jafnar sig.**

**Tuttugu ár eru síðan fyrsta plata The Charlatans kom út. Ellefta plata sveitarinnar, Who We Touch, kom út 6. september síðastliðinn.**

# Vildi ekki bögga Eið Smára

„Þetta er búið að vera ótrúlegt ferli," segir Róbert Örn Hjálmtýsson um gerð nýjustu plötu hljómsveitarinnar Ég, Lúxus upplifun. Hún kemur út á Gogoyoko.com í dag og verður fáanleg í búðum á næstu dögum.

Fimm ár eru liðin síðan Plata ársins með Ég kom út við góðar undirtektir. Hún var einmitt tilnefnd sem plata ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum, fyrir lag ársins (Eiður Smári Guðjohnsen) og fyrir besta myndbandið. „Það er langt síðan lögin voru samin en maður hefur bara hætt við útgáfuna út af alls konar atriðum. Til dæmis átti enginn meðlimur Ég barn, en núna eru sex komin og eitt á leiðinni. Svo eru líka alls konar menn sem ætluðu að gefa plötuna út en hættu við," segir Róbert Örn.

Hann fékk á sínum tíma vin sinn Eið Smára Guðjohnsen til að styrkja útgáfu Plötu ársins en ákvað að endurtaka ekki leikinn vegna Lúxus upplifunar. „Ég var ekkert að bögga hann í þetta skiptið. Ég truflaði hann örugglega síðast. Hann byrjaði ekki að skora mark fyrr en platan var komin út."

Róbert er sannfærður um að Lúxus upplifun sé besta plata Ég til þessa. „Því það eru textar við allt saman. Mig langaði að prófa að gera plötu þar sem eru hefðbundin lög, ef svo mætti segja, en á gömlu plötunni var anað úr einu í annað. Maður hefur fullt að segja. Ég vil vera einu stigi fyrir ofan og fara svolítið út úr boxinu."

Næstu tónleikar Ég verða á Venue í kvöld ásamt hljómsveitinni The Way Down kl. 22 og er aðgangur ókeypis. - fb



**RÓBERT ÖRN HJÁLMTÝSSON** Róbert er forsprakki hljómsveitarinnar Ég sem hefur gefið út plötuna Lúxus upplifun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar Icelandair fljúgi með vél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.

# Aftur með Mayer

Orðrómur er uppi um að leikkonan Jennifer Aniston sé byrjuð aftur með fyrrverandi kærasta sínum, söngvaranum John Mayer, þrátt fyrir mótbárur vina sinna.

Aniston hætti með hinum 32 ára söngvara í ágúst fyrir tveimur árum en byrjaði síðan aftur með honum í október sama ár. Þau hættu síðan saman í annað sinn í mars í fyrra. „Vinir hennar þola ekki John Mayer en hún er enn þá ástfangin af honum,“ sagði heimildarmaður við tímaritið OK. Talið er að þau hafi byrjað aftur saman eftir að Mayer bauð Aniston að fljúga í einkaþotu sinni frá Los Angeles til Manhattan þar sem hann býr. Stutt er síðan Mayer gaf í skyn á Twitter-síðu sinni að hann væri byrjaður aftur með Aniston.



**JENNIFER ANISTON** Leikkonan er byrjuð að hitta John Mayer á nýjan leik.

# Vill hjónaband og barneignir

Nicole Scherzinger, söngkona The Pussycat Dolls, er tilbúin í barneignir með kærasta sínum, Formúlu-ökuþórnum Lewis Hamilton. Fyrst vill hún samt ganga með honum upp að altarinu.

„Ég er mjög íhaldssöm og vil fylgja hefðinni. Mig langar að giftast áður en við eignumst börn og vonandi verður það að veruleika bráðlega. Lewis er alltaf að segja mér að ég yrði virkilega góð móðir og ég veit að hann yrði frábær faðir. Ég elska börn og ég er tilbúin í þetta,“ sagði Scherzinger, sem er 32 ára. Hún viðurkennir að mörgum finnist þau hreinlega einum of hamingjusöm. „Hann skipulagði helgarferð til Parísar fyrir tveimur árum. Við gengum um borgina hönd í hönd og snæddum kvöldmat við kertaljós. Fólki fannst þetta eflaust einum of en þetta var mjög rómantískt,“ sagði söngkonan.

Hún bætti við að Lewis ferðist stundum hálfa leið yfir hnöttinn, eingöngu til að hitta hana í eina kvöldstund. „Hann er yndislegur. Hann flýgur til mín yfir hálfa veröldina bara fyrir eina kvöldstund og flýgur síðan til baka til að sinna sínum skyldum.“



**HAMINGJUSÖM** Nicole Scherzinger og Lewis Hamilton eru ákaflega hamingjusöm. Þau hyggja á barneignir á næstunni.



**LEIKUR SJÁLFAN SIG** Robyn leikur í afmælisveislu fyrir ríku krakkana í New York í vinsælu sjónvarpsþáttunum Gossip Girl. NORDICPHOTOS/GETTY

# Leikur í Gossip Girl

Sænska poppstjarnan Robyn Carlsson sem mun heiðra Íslendinga með nærveru sinni í næsta mánuði leikur lítið gestahlutverk í næstu seríu af vinsælu sjónvarpsþáttunum Gossip Girl.

Robyn leikur sjálfa sig þar sem hún kemur fram í afmælisveislu. Hún kveðst ekki fara með neinar setningar heldur sé hún meira að bregðast við því sem er að gerast í kringum hana. Robyn viðurkennir í samtali við MTV að hún þekki ekki mikið til þáttanna og hafi því ekki vitað almennilega hvað hún var að fara út í. Þetta hafi þó reynst góð og skemmtileg upplifun.

IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

WISH



GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453

Ný merki í Debenhams
20%
kynningar-afsláttur
Gildir til miðvikudags



principles BY BEN de LISI
F.F.P.



DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI


















| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| GOING THE DISTANCE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| REMEMBER ME | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| AULINN ÉG-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE GHOST WRITER | kl. 5:30 | VIP |
| STEP UP 3-3D | kl. 10:10 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |
| INCEPTION | kl. 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN SELFOSSI | | |
|---|---|---|
| GOING THE DISTANCE | kl. 8 - 10:20 | L |
| THE OTHER GUYS | kl. 8 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| ROLLING STONES LADIES AND GENTLEMEN | kl. 7:30 | L |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8 - 10:20 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 10:10 | 12 |
| INCEPTION | kl. 8 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 | L |
| STEP UP 3-3D | kl. 10:20 | 7 |
| STEP UP 3 | kl. 6 | 7 |
| REMEMBER ME | kl. 8 - 10:20 | 12 |



NÝTT Í BÍÓ!
















SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SUMARLANDIÐ | kl. 3.30 - 6 - 8 - 10.10 | L |
| SUMARLANDIÐ LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D LÚX | kl. 10.10 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 3.40 - 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SUMARLANDIÐ | kl. 8 - 10 | L |
| THE OTHER GUYS | kl. 10.20 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SUMARLANDIÐ | kl. 8 - 10 | L |
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 6 Síðasta sýning | 12 |
| AULINN ÉG 3D | kl. 6 | L |

ATH: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíói

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus










LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SUMARLANDIÐ | 6, 8 og 10 | L |
| AULINN ÉG 3D | 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| DESPICABLE ME 3D | 8 og 10 - ENSKT TAL | L |
| THE OTHER GUYS | 5.50, 8 og 10.15 | 12 |


# Tökum frestað vegna meiðsla

Aðalleikkona myndarinnar Karlar sem hata konur, Rooney Mara, er mætt til höfuðborgar Svíþjóðar og byrjuð að gera sig heimakæra í borginni sem og að undirbúa sig fyrir hið krefjandi hlutverk Lisbetar Salander. Hefur leikkonan unga tekið þessu svo alvarlega að hún meiddist alvarlega á öxl við mótorhjólaæfingar. Talið er að meiðslin setji smá strik í reikninginn og að fresta þurfi tökum í nokkra daga.

Bandaríska tökuliðið með leikstjóranum David Fincher í fararbroddi setur óneitanlega sinn svip á borgina og er tökuliðið byrjað að skjóta nokkrar hópsenur í sænska skerjagarðinum. Með önnur hlutverk í myndinni fara meðal annars Daniel Craig og Robin Wright Penn.



**MEIDDIST VIÐ ÆFINGAR** Rooney Mara æfir sig á fullu þessa dagana en hún þarf að vera góð í mótorhjólaakstri og geta talað ensku með sænskum hreim til að verða Lisbet Salander. NORDICPHOTOS/GETTY



Sólveig Arnarsdóttir tók stöðu Hlínar Agnarsdóttur og var Ilmi Kristjánsdóttur innan handar. Davíð Þór Jónsson hjálpaði hins vegar Agli Ólafssyni með spurningarnar sem Karl Th. bar fram af sinni alkunnu snilld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Orðin stóðu á litla sviðinu

**Fyrsti „þáttur“ af Orð skulu standa var fluttur á litla sviði Borgarleikhússins á þriðjudagskvöld. Ilmur Kristjánsdóttir og Egill Ólafsson voru fyrstu gestir en það hefur alltaf skipt litlu máli hverjir fara með sigur af hólmi, Ólympíuhugsjónin hefur verið látin ríkja. Allt gekk eins og í sögu í sýningunni og áhorfendur skemmtu sér konunglega yfir tilraunum gestanna með íslenskt mál.**



Það er óneitanlega mikill hjónasvipur með þeim Símoni Ármannssyni og Guðfinni Sigurvinssyni, útvarpsmanni á Rás 2.



Sigurður A. Magnússon rithöfundur er mikill íslenskumaður og virtist skemmta sér konunglega ásamt Ragnhildi Bragadóttur.



Björgvin G. Sigurðsson gaf sjálfum sér smá frí frá umræðum um Alþingis um hvort draga ætti hann til ábyrgðar fyrir bankahrunið. Hann var í góðum félagsskap Bryndísar Schram og Jóns Baldvins sem eru auðvitað ansi sjóuð í hinum pólitíska ólgusjó.


## Fimmtudagurinn, 23. september
Thursday, September 23th

Reykjavík International Film Festival September 23 – October 3 2010

| | | |
|---|---|---|
| 18:00 | Three Backyards | • Háskólabíó 2 |
| | A Somewhat Gentleman | • Háskólabíó 3 |
| | Soul Kitchen | • Háskólabíó 4 |
| | Genius Within -The Inner Life of Glenn Gould | • Iðnó |
| | The Most Dangerous Man In America | • Bíó Paradís 1 |
| | The Genius and the Boys | • Bíó Paradís 2 |
| | For 80 Days | • Bíó Paradís 3 |
| | Wonderful Summer | • Bíó Paradís 4 |
| | Addicted in Afghanistan | • Norræna húsið |
| 20:00 | Aurora | • Háskólabíó 2 |
| | Down By Law | • Háskólabíó 3 |
| | Nuummioq | • Bíó Paradís 1 |
| | Winter's Bone | • Bíó Paradís 2 |
| 20:30 | Good Fortune | • Bíó Paradís 1 |
| 21:00 | Inside America | • Iðnó |
| | Wonderful Summer | • Bíó Paradís 4 |
| | To Shoot an Elephant | • Norræna húsið |
| 22:00 | Bad Family | • Háskólabíó 3 |
| | Mandoo | • Bíó Paradís 1 |
| | Armadillo | • Bíó Paradís 2 |
| | The Four Times | • Bíó Paradís 3 |
| | Tomorrow | • Bíó Paradís 4 |
| 22:30 | Petition,The Court Of The Complainants | • Norræna húsið |

## Armadillo
Q&A með leikstjóranum Janus Metz Pedersen eftir sýningu.



Í Armadillo er dönsku hermönnunum Mads og Daniel fylgt eftir um Helmand-héraðið í Afghanistan. Smátt og smátt láta þeir stríðið ná tökum á sér og í kjölfarið framkvæma þeir hluti sem vakið hafa hneykslun í Danmörku.

**Bíóparadís kl. 22:00**

epli.is Iceland Express CENTER HOTELS



**RÚNAR EFF** Akureyski tónlistarmaðurinn hefur sent frá sér myndband við lagið Holding Out For A Hero. MYND/HEIÐA.IS

# Allt á fullu hjá Rúnari

Akureyski tónlistarmaðurinn Rúnar Eff hefur sent frá sér myndband við lagið Holding Out for a Hero sem var upphaflega flutt af Bonnie Tyler árið 1984 og hljómaði í myndinni Footloose.

Jana María Guðmundsdóttir úr söngleiknum Rocky Horror leikur á móti Rúnari í myndbandinu. „Það var bara frábært,“ segir Rúnar um samstarfið við Jönu. „Hún skólaði mig bara til. Ég hef ekki mikla reynslu af því að leika en hún hjálpaði mér heilmikið. Svo sér hún um flest dramaatriðin þannig að það reyndi svo sem ekki stórlega á mig.“

Þetta er annað myndbandið sem Rúnar gerir en það fyrsta gerði hann við annað tökulag, Aha-lagið Take on Me, fyrir þremur árum. Lagið Holding Out for a Hero verður á annarri sólóplötu Rúnars sem er væntanleg snemma á næsta ári. En af hverju tók hann þetta lag upp á sína arma? „Ég er mikið að trúbadorast og hef gaman af því að fikta í lögum sem fólk býst ekki við að svona trúbador sé að fara að spila. Ég fór að fikta í þessu lagi og fannst það bjóða upp á fleiri möguleika en upphaflega útgáfan gerði. Ég ákvað að rífa allt utan af því og prófa að byggja upp á nýtt.“

Rúnar er alltaf með annan fótinn í Danmörku þar sem hann bjó um árabil. Þar spilar hann reglulega og fær alltaf mjög góðar móttökur, enda þekktur úr danska raunveruleikaþættinum All Stars þar sem hann komst í úrslit fyrir tveimur árum. - fb

# Laus og liðug á leið til Hollywood

Hjónaband sænsku leikkonunnar Noomi Rapace og eiginmanns hennar, Ola, er að enda komið. Noomi og Ola voru eitt helsta stjörnupar Svía en Noomi varð að stórstjörnu eftir túlkun sína á tölvuhakkaranum Lisbet Salander í Millennium-þríleik Stiegs Larsson. Parið hefur aldeilis náð að plata sænsku pressuna því ekki er lengra síðan en rúmar tvær vikur síðan sást til þeirra láta vel að hvort öðru á rauða dreglinum á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum.

Það var Noomi Rapace sjálf sem skilaði inn pappírunum til dómara á föstudag, þó án undirskriftar makans. Sú tímasetning hefur eflaust verið vel skipulögð til að komast hjá ágangi fjölmiðla enda ljósvakamiðlar Svía búnir að vera undirlagðir af kosningunum sem fóru fram á sunnudaginn.



**ÚTI ER ÆVINTÝRI** Noomi og Ola eru skilin og Noomi á leiðinni til Hollywood, laus og liðug. NORDICPHOTOS/GETTY

Ola og Noomi Rapace kynntust árið 2000, giftu sig árið 2001 og eiga saman einn son. Sambandið hefur verið einkar stormasamt og oftar en ekki hangið á bláþræði. Árið 2008 var Ola Rapace til að mynda handtekinn í bíl með ungri stelpu fyrir utan skemmtistað í Stokkhólmi með eiturlyf í fórum sínum. Í yfirheyrslum opnaði hann sig varðandi hjónabandsvandræðin og kenndi þeim um fíkn sína. Síðan þá virðist þó allt hafa leikið í lyndi og parið staðið saman í Lisbet Salander-ævintýrinu.

Noomi Rapace er að reyna koma sér á framfæri í Hollywood og er orðuð við hlutverk í kvikmyndinni Sherlock Holmes 2 en þar myndi hún leika við hlið stórstjarna á borð við Jude Law og Robert Downey Jr.

Öryggisvarðaskólinn
Ný námskeið hefjast í vetur

Öryggisvarðaskólinn ehf.
sími 698 1666 • www.ovskoli.is

Cheers mate!
ARTHUR'S DAY
er í dag 23.sept.
Vertu velkominn og fagnaðu með okkur 251 árs afmælinu
English Pub
Dubliner
Celtic Cross
Den Danske Kro
House of Guinness
Ölstofa Kormáks og Skjaldar
Hvíta Perlan
Paddy´s,
Irish Pub
Ölver
Langi Mangi
Kaffi Amor
Kringlukráin


# sport

sport@frettabladid.is



**24-0**

**ÍSLENSKA 17 ÁRA LANDSLIÐ** kvenna er búið að vinna tvo fyrstu leiki sína í undankeppni EM, og er með markatöluna 24-0. Liðið vann 14-0 sigur á Litháen í fyrsta leik og vann síðan heimastúlkur í Búlgaríu 10-0 í gær. Mörkin 24 hafa skorað: **Guðmunda Brynja Óladóttir** 6, Aldís Kara Lúðvíksdóttir 5, Hildur Antonsdóttir 3, Telma Þrastardóttir 3, Glódís Perla Viggósdóttir 2, Elín Metta Jensen, Eva Núra Abrahamsdóttir, Hugrún Elvarsdóttir, Lára Einarsdóttir og Rakel Ýr Einarsdóttir.



**SVEKKTUR** Roy Hodgson, stjóri Liverpool, gat ekki leynt vonbrigðum sínum. MYND/GETTYIMAGES

Enski deildabikarinn í gær:

## Liverpool og Chelsea úr leik

**FÓTBOLTI** Ensku úrvalsdeildarliðin Liverpool og Chelsea féllu úr leik á heimavelli í 3. umferð enska deildabikarsins í gær. Liverpool tapaði í vítakeppni á móti d-deildarliðinu Northampton Town en Chelsea tapaði 3-4 á móti Newcastle.

Northampton Town vann Liverpool 4-2 í vítakeppni eftir að leik liðanna lauk með 1-1 jafntefli. Vítakeppnin byrjaði ekki vel fyrir Northampton Town því það klikkaði á fyrsta víti sínu en það kom ekki að sök því Liverpoolmennirnir David N'Gog og Nathan Eccleston klikkuðu á sínum spyrnum. Það var síðan Abdul Osman sem tryggði Northampton Town sigur með því að skora úr síðustu spyrnunni.

Newcastle vann 4-3 sigur á Chelsea á Stamford Bridge en þetta var fyrsta tap Chelsea á tímabilinu. Shola Ameobi skoraði sigurmarkið með skalla eftir horn á 90. mínútu leiksins með sínu öðru marki í leiknum. Chelsea komst í 1-0 en Newcastle svaraði með þremur mörkum áður en Chelsea náði að jafna í 3-3 á 86. mínútu.

Manchester United lenti undir á móti Scunthorpe United en vann 5-2 þar sem Michael Owen skoraði tvö marka United. - óój

## ÚRSLIT Í GÆR

### Meistarakeppni HSÍ:

Haukar-Valur 31-19 (20-7)

**Mörk Hauka:** Stefán Rafn Sigurmannsson 7, Heimir Óli Heimisson 5, Þórður Rafn Guðmundsson 5, Einar Örn Jónsson 4, Tjörvi Þorgeirsson 3, Guðmundur Árni Ólafsson 3, Björgvin Þór Hólmgeirsson 3, Freyr Brynjarsson 1.

**Mörk Vals:** Valdimar Fannar Þórsson 6, Arnar Guðmundsson 4, Finnur Ingi Stefánsson 3, Anton Rúnarsson 3, Gunnar Harðarson 2, Atli Báruson 1.

### Lengjubikar karla í körfu

Snæfell-Grindavik 101-98 (62-50)

Ryan Amaroso 32/15 fráköst, Emil Þór Jóhannsson 19, Sean Burton 17 (8 stoðs.), Pálmi Freyr Sigurgeirsson 14 (11 stoðs.) - Andre Smith 34, Páll Axel Vilbergsson 17, Guðlaugur Eyjólfsson 16.

Keflavik-KR 88-92 (36-50)

Sigurður Gunnar Þorsteinsson 25 (10 fráköst), Gunnar Einarsson 19, Valention Maxwell 18, Þröstur Leó Jóhannsson 12 - Brynjar Þór Björnsson 21 Pavel Ermolinskij 15 (10 frák., 10 stoðs), Skarphéðinn Ingas. 11, Hreggviður Magnúss. 11.

### Enski deildabikarinn

Aston Villa - Blackburn 3-1

0-1 Gaël Givet (34.), 1-1 Emile Heskey (59.), 2-1 Ashley Young (75.), 3-1 Ashley Young (77.)

Chelsea - Newcastle 3-4

1-0 Patrick van Aanholt (6.), 1-1 Nile Ranger (27.), 1-2 Ryan Taylor (33.), 1-3 Shola Ameobi (49.), 2-3 Nicolas Anelka (70.), 3-3 Nicolas Anelka, víti (86.), 4-3 Shola Ameobi (90.)

Scunthorpe United - Manchester United 2-5

1-0 Josh Wright (19.), 1-1 Darron Gibson (23.), 1-2 Chris Smalling (36.), 1-3 Michael Owen (49.), 1-4 Ji-Sung Park (54.), 1-5 Michael Owen (71.), 2-5 Martyn Woolford (90.)

Wigan - Preston North End 2-1

0-1 Keith Treacy (23.), 1-1 Jordi Gomez (87.), 2-1 Charles N'Zogbia (90.)

Liverpool - Northampton Town 1-1 (2-4 í vító)

1-0 Milan Jovanovic (9.), 1-1 Billy McKay (56.).

West Bromwich Albion - Manchester City 2-1

0-1 Jo (19.), 1-1 Gianni Zuiverloon (55.), 2-1 Simon Cox (57.).

# Miði er alltaf möguleiki

**Breiðablik og Valur taka bæði þátt í Meistaradeild Evrópu í dag. Blikar taka á móti sterku frönsku liði á meðan Valur sækir spænskt lið heim.**

**FÓTBOLTI** Breiðablik tekur á móti franska liðinu Juvisy Essone en þessi lið mættust einnig í forkeppni Meistaradeildarinnar. Þá gerðu liðin jafntefli, 3-3, en Blikastúlkur áttu verulega undir högg að sækja í leiknum og máttu þakka fyrir jafnteflið.

„Þetta verður erfitt verkefni en ekki ómögulegt. Það datt allt með okkur síðast er við mættum þeim og vonandi verður hið sama upp á teningnum núna. Við vitum að við erum veikara liðið en miði er alltaf möguleiki," segir Jóhannes Karl Sigursteinsson, þjálfari Blika, en liðið sem vinnur þessa rimmu mætir væntanlega ítalska liðinu Torres í næstu umferð.

„Það auðveldar vissulega undirbúninginn að þekkja liðið vel. Engu að síður erum við líklega að mæta sterkara liði en síðast. Þá voru þær á undirbúningstímabilinu en tímabilið þeirra er farið á fullt núna," sagði Jóhannes Karl og þess utan hefur Blikaliðið veikst mikið enda vantar fimm sterka leikmenn í liðið sem spiluðu síðast gegn Juvisy.

„Í þeirra stað eru komnar ungar og óreyndar stelpur. Þær eru samt viljugar og verða klárar í slaginn. Við munum eðlilega liggja nokkuð til baka en ætlum að reyna að sækja á mörgum mönnum. Við verðum að vera skynsamar en samt að taka áhættu. Þær pressuðu okkur hátt síðast og við verðum því að vera fljótar að losa okkur við boltann og færa liðið upp."

En Blikar eru ekki þeir einu sem verða í eldlínunni í Meistaradeild Evrópu í dag þar sem Íslands- og bikarmeistarar Vals mæta spænska liðinu Rayo Vallecano á útivelli. Freyr Alexandersson, þjálfari Vals, hefur verið duglegur að sanka að sér upplýsingum um andstæðingana.

„Ég þekki lítið til liðsins en hef þó fengið þónokkuð af upplýsingum um marga leikmenn þess," segir Freyr. „Ég hef fengið skýrslu frá umboðsmanni sem þekkir vel til leikmanna liðsins sem og frá þjálfara rússnesku meistaranna sem léku við þetta sama lið í fyrra. Við mætum því eins vel undirbúin og kostur er fyrir þennan leik."

Freyr metur möguleika Vals í leiknum ágæta en liðin mættast öðru sinni hér á landi eftir þrjár vikur. „Við trúum því að við getum náð góðum úrslitum hér. Möguleikarnir eru vissulega til staðar. En verkefnið er erfitt og við þurfum að breyta okkar leikstíl nokkuð til að ná hagstæðum úrslitum. En ég er vongóður um að það takist."

Leikurinn fer fram á gamla heimavelli karlaliðs Rayo Vallecano en hann tekur um fimmtán þúsund manns í sæti. Þónokkur áhugi spænskra fjölmiðla er á liði Vals og mættu fulltrúar margra þeirra á æfingu liðsins í gær. - hbg, esá




**BARÁTTA** Úr leik Breiðabliks og Juvisy í sumar. Þá náðu Blikastúlkur góðu jafntefli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Fengu heiðursmeðferð á Bernabeu




Leikmenn Vals „duttu í lukkupottinn" þegar þeim var boðið á leik Real Madrid og Espanyol í spænsku úrvalsdeildinni eins og Freyr Alexandersson, þjálfari liðsins, orðaði það. Leikurinn fór fram á heimavelli Real, Santiago Bernabeu, í Madríd.

„Við fengum VIP-miða og sátum beint fyrir aftan varamannaskýli Espanyol. Það var gaman að byrja þessa ferð svona vel enda frábær upplifun," sagði Freyr en leiknum lauk með 3-0 sigri Real.

„Ferðalagið hefur þar fyrir utan gengið mjög vel og það er mjög vel hugsað um okkur hér. Við vorum að koma af æfingu á vellinum þar sem leikurinn fer fram [í dag] og þar er allt eins og best verður á kosið," bætti hann við.



**MÆTAST Á SUNNUDAG** Pavel Ermolinskij og Sean Burton. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Lengjubikar karla í körfu:

## Snæfell og KR í úrslitaleikinn

**KÖRFUBOLTI** Íslands- og bikarmeistarar Snæfells og deildarmeistarar KR tryggðu sér í gær sæti í úrslitaleik Lengjubikars karla sem fram fer í Laugardalshöllinni á sunnudaginn.

Snæfell sló út núverandi meistara í Grindavík með 101-98 sigri í Hólminum. Snæfell var með forustu allan leikinn eftir að hafa skorað 15 fyrstu stig annars leikhluta en Grindavík sótti að þeim undir lokin.

Ryan Amaroso átti stórleik hjá Snæfelli og var með 33 stig og 15 fráköst en Emil Jóhannsson skoraði 19 stig, Sean Burton var með 17 stig og 8 stoðsendingar og Pálmi Freyr Sigurgeirsson bætti við 14 stigum og 11 stoðsendingum. Andre Smith skoraði 34 stig fyrir Grindavík, Páll Axel Vilbergsson var með 17 stig og Guðlaugur Eyjólfsson skoraði 16 stig.

KR-ingar lögðu grunninn að 92-88 sigri sínum í Keflavík með frábærri byrjun. KR var 32-16 yfir eftir fyrsta leikhlutann og með 14 stiga forskot í hálfleik, 36-50. Keflavík var þó næstum því búið að ná KR-liðinu í lokin.

Pavel Ermolinskij var með þrefalda tvennu hjá KR, 15 stig, 10 fráköst og 10 stoðsendingar en Brynjar Þór Björnsson var stigahæstur með 21 stig. Það voru alls sjö KR-ingar sem skoruðu tíu stig eða meira í leiknum.

Sigurður Gunnar Þorsteinsson var með 25 stig og 10 fráköst hjá Keflavík og Gunnar Einarsson skoraði 19 stig. - óój

Hólmfríður Magnúsdóttir spilar mikilvægan leik með liði sínu, Philadelphia Independence, í kvöld:

# Búin að eiga frábært tímabil og liðið líka

**FÓTBOLTI** Hólmfríður Magnúsdóttir og félagar í Philadelphia Independence spila í nótt undanúrslitaleikinn á móti Boston Breakers en í boði er sæti í úrslitaleiknum um bandaríska titilinn á móti Mörtu og félögum í FC Gold Pride.

„Við erum búnar að spila við þær þrisvar sinnum, gerðum jafntefli í Boston og jafntefli heima en töpuðum síðan síðasta leik fyrir þeim heima. Við eigum eftir að vinna þær sem við ætlum að gera og þá fljúgum við beint til San Francisco í úrslitaleikinn," segir Hólmfríður sem hefur stimplað sig inn í byrjunarliðið og hjálpað Philadelphia-liðinu að ná frábærum árangri á sínu fyrsta tímabili í deildinni.

„Ég er búin að koma sjálfri mér á óvart með því að fá að spila svona mikið. Ég var flakkandi á milli leikstaða í byrjun og það tók líka tíma að aðlagast svona bolta þar sem er miklu meiri hraði en ég hef verið í. Ég er búin að festa mig í vinstri bakverðinum sem mér finnst mjög gaman. Ég er búin að eiga frábært tímabil og liðið líka," segir Hólmfríður ánægð.

„Ég veit ekki um framhaldið en ég er með 1+1 samning þar sem þeir ráða því hvort þeir vilji halda mér áfram. Ég býst fastlega við því að ég verði hérna áfram og þeir eru búnir að gefa það í skyn að þeir vilji halda mér," segir Hólmfríður en fyrst er að einbeita sér að úrslitakeppninni.

Það er þó ekki alveg sársaukalaust fyrir Hólmfríði sem hefur þurft að spila meidd að undanförnu og hefur hún af þeim sökum lítið getað æft.

„Ég var fín í fyrri hálfleik en þetta var orðið frekar vont í seinni hálfleik. Ég reyni bara ekki að hugsa um þetta en þetta er mjög erfitt andlega. Það er rosalega mikill dagamunur á mér og ég vona að ég verði bara klár fyrir leikinn á fimmtudaginn á móti Boston," segir Hómfríður.

„Þjálfarinn hefur mjög mikla trú á mér og það er mjög gott að finna það, sérstaklega þar sem ég hef verið að ganga í gegnum þessi meiðsli síðan ég kom til baka úr Frakkaleiknum. Þetta gerist síðasta korterið í Frakklandi. Svo kem ég út, æfi ekkert en spila tvo leiki og er alltaf að drepast í leikjunum. Ég náði ekkert að æfa á milli leikja þar til að þeir sendu mig í svona ómskoðun. Ég er með álagsmeiðsli og er tognuð í kviðvöðva. Þetta þarf fjórar til sex vikur í hvíld til þess að jafna sig en ég ætla að reyna að pína mig," segir Hólmfríður sem lætur verkina ekki trufla sig.

„Þetta er búið að vera frábært tímabil og er besta tímabilið mitt á ferlinum hingað til. Mér finnst eiginlega mjög leiðinlegt að þetta sé bara að enda því ég væri alveg til í að spila aðeins lengur. Skemmtilegasti hluti tímabilsins er einmitt núna." - óój



**HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Haukar unnu 31-19 sigur á Val í Meistarakeppni HSÍ í handbolta á Ásvöllum:

# Valsmenn litu illa út í gær

**HANDBOLTI** Haukar eru meistarar meistaranna annað árið í röð eftir mjög sannfærandi 31-19 sigur á Val í Meistarakeppni HSÍ á Ásvöllum í gærkvöldi. Haukar eru því áfram handhafar allra titla í boði í handbolta karla.

Haukar höfðu mikla yfirburði á móti Valsmönnum en þó að Hlíðarendapiltar hafi þá afsökun að vera án nokkurra sterkra leikmanna sem eru á meiðslalistanum hjá þeim þá var frammistaða þeirra nánast til skammar í þessum ójafna leik. Mótstaðan var engin, vörnin léleg og sóknin hæg og bitlaust. Fyrri vikið var þetta aðeins létt æfing fyrir Halldór Ingólfsson og lærisveina hans í Haukum sem fengu þarna létta æfingu og fyrsta bikar vetrarins í hús.

Haukar komust í 3-0 og í stöðunni 7-4 skoruðu þeir 9 mörk í röð og komust fyrir vikið í 16-4. Haukar voru síðan með 13 marka forustu í hálfleik, 20-7, og seinni hálfleikurinn var því aðeins formsatriði. Aron Rafn Eðvarðsson varði 14 af 21 skoti Valsliðsins í fyrri hálfleik.

Stefán Rafn Sigurmannsson skoraði 7 mörk fyrir Hauka og þeir Heimir Óli Heimisson og Þórður Rafn Guðmundsson voru með fimm mörk hvor. Valdimar Fannar Þórsson skoraði 6 mörk fyrir Valsliðið.

Valsmenn fá annað tækifæri á móti Haukum í fyrstu umferð N1-deildar karla í Vodafone-höllinni eftir viku og það er ljóst á þessum leik í gærkvöldi að þjálfarinn Júlíus Jónasson þarf að laga margt í leik liðsins. **- óój**



**SÁ FYRSTI KOMINN Í HÚS** Haukar unnu Meistarakeppni HSÍ í gær. Einar Örn Jónsson, fyrirliði liðsins, lyftir hér bikarnum í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ARON JÓHANNSSON** Besti maðurinn spilar nú með AGF. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Uppgjör á 1. deild karla:

## Aron var bestur

**FÓTBOLTI** Netmiðillinn fótbolti.net fékk þjálfara og fyrirliða 1. deildar karla til að velja þá leikmenn og þjálfara sem sköruðu fram úr í deildinni í sumar.

Fjölnismaðurinn Aron Jóhannsson var valinn bæði bestur og efnilegastur en besti þjálfarinn var kosinn Sigursteinn Gíslason hjá Leikni. Aron lék aðeins 18 leiki og skoraði í þeim 12 mörk en Fjölnir seldi hann til danska liðsins AGF áður en tímabilinu lauk.

Víkingar og Þórsarar fóru upp í Pepsi-deildina og þeir áttu líka flesta leikmenn í liði ársins sem má sjá hér fyrir neðan. **- óój**

**Lið ársins í 1. deild karla:**

| | |
|---|---|
| **Markvörður:** | Eyjólfur Tómasson, Leikni |
| **Varnarmenn:** | Gunnar Einarsson, Leikni |
| | Þorsteinn Ingason, Þór |
| | Halldór Kristinn Halldórsson, Leikni |
| | Egill Atlason, Víkingi |
| **Miðjumenn:** | Atli Sigurjónsson, Þór |
| | Árni Freyr Guðnason, ÍR |
| | Ármann Pétur Ævarsson, Þór |
| **Sóknarmenn:** | Marteinn Briem, Víkingi |
| | Helgi Sigurðsson, Víkingi |
| | Aron Jóhannsson, Fjölni |



**BRYNJAR GAUTI GUÐJÓNSSON** Lék vel í vörn Víkinga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Uppgjör á 2. deild karla:

## Allt í Ólafsvík

**FÓTBOLTI** Netmiðillinn fótbolti.net fékk þjálfara og fyrirliða 2. deildar karla til að velja þá leikmenn og þjálfara sem sköruðu fram úr í deildinni í sumar.

Víkingur Ólafsvík var yfirburðalið í deildinni og á besta leikmanninn í Brynjari Gauta Guðjónssyni, efnilegasta leikmanninn í Þorsteini Má Ragnarssyni og besta þjálfarann í Ejub Purisevic. **- óój**

**Lið ársins í 2. deild karla:**

| | |
|---|---|
| **Markvörður:** | Einar Hjörleifsson, Víkingi Ó. |
| **Varnarmenn:** | Brynjar Kristmundss., Víkingi Ó. |
| | Tomasz Luba Víkingi Ólafsvík |
| | Brynjar Gauti Guðjónsson, Víkingi Ó. |
| | Anton Ástvaldsson, Hetti |
| **Miðjumenn:** | Stefán Eyjólfsson, Hetti |
| | Emil Pálsson, BÍ/Bolungarvík |
| | Eldar Masic, Víkingi Ó. |
| **Sókn:** | Þorsteinn Már Ragnarsson, Víkingi Ó. |
| | Andri Rúnar Bjarnason, BÍ/Bolungarvík |
| | Jónmundur Grétarsson, BÍ/Bolungarvík |



# golf

golfogveidi@frettabladid.is



**8 DAGAR** eru þar til Ryder-bikarinn í golfi hefst á Nefyn-vellinum í borginni Newport í Wales.

**43 SENTIMETRAR** á hæð og 2 kíló að þyngd er Ryder-bikarinn sem úrvalslið golfara frá Bandaríkjunum og Evrópu slást um. Barist hefur verið um bikarinn allt frá því að Samuel A. Ryder kom keppninni á árið 1927.

GOLF & HEILSA



## Golf og hitaeiningar

**Magni M. Bernhardsson**, kírópraktor með sérhæfingu í golfmeiðslum og öðrum íþróttameiðslum.

Golfhringur tekur að meðaltali tæpa fjóra tíma og vegalengdin sem er gengin er að minnsta kosti 9.000 metrar. Iðkendur brenna á bilinu 2.000-2.500 hitaeiningum á einum golfhring og missa um það bil 1-1,5 kg á 18 holu hring.

Margir kannast við að seinustu 4-6 holurnar enda með hærra skori en við hefðum viljað, en af hverju? Ef mataræðið er ekki næringar- og orkuríkt eða hreinlega ef ekkert borðað fyrir 18 holu golfhring þá verðum við fyrir svokölluðu blóðsykurfalli. Einbeiting og kraftur minnkar snögglega og hæfni okkar til að spila gott golf dvínar. Besta leiðin til að koma í veg fyrir að lenda í þessum aðstæðum er að borða reglulega yfir daginn og góða máltíð 2-3 tímum fyrir golfiðkun. Nauðsynlegt er að hafa með sér ávöxt eða samloku til að borða með jöfnu millibili á meðan spilað er. Að borða minna gerir það að verkum að líkaminn hægir á brennslunni og í raun léttumst við hægar og missum hærra hlutfall af vöðvum en þegar mataræðið er í lagi.

Að lokum, munið að drekka vatn á meðan spilað er og sérstaklega þegar spilað er erlendis í miklum hita.

Höfundur starfaði með PGA-golfkennaranum Justin Stout í Bandaríkjunum árið 2007 við að hreyfi- og styrktargreina nemendur hans.

# Golfklúbbur Grindavíkur hugsar til hins almenna kylfings

**„Rífandi gangur“ er í stækkun á Húsatóftavelli við Grindavík sem verður 18 holur. Formaður Golfklúbbs Grindavíkur segir stækkunina til að mæta þörfum félagsmanna en vonast til að höfða til kylfinga af höfuðborgarsvæðinu.**

Miklar framkvæmdir hafa verið við Húsatóftavöll í Grindavík upp á síðkastið þar sem verið er að stækka völlinn upp í fullgildan 18 holu völl. Vinna hefur gengið afar vel og er vonast til að hægt verði að opna völlinn árið 2012.

Nú er búið að ryðja út þær fimm brautir sem bætt var við og sá í bæði brautir og flatir.

„Það er ekkert hálfkák í íþróttamálum hér í Grindavík og það er búinn að vera rífandi gangur í þessu í sumar,“ segir Páll Erlingsson, formaður Golfklúbbs Grindavíkur. Hann vill þakka sérlega vallarstjóranum Bjarna Þór Hannesssyni fyrir skörulega framgöngu, en einnig bæjaryfirvöldum sem hafa styrkt verkefnið myndarlega.

Húsatóftavöllur liggur skammt utan við bæjarmörk Grindavíkur og var lengst af níu holur. Fjórum holum var svo bætt við í tilefni af 20 ára afmæli klúbbsins 2001 og segir Páll að vonast sé til að völlurinn verði búinn að taka sig nógu vel næsta sumar svo að hægt verði að taka forskot á sæluna og halda þar 30 ára afmælismót.



**FRÁ HÚSATÓFTAVELLI** Framkvæmdir ganga vel þar sem brautir og flatir gróa með eindæmum vel. MYND/GG

„Því það er með ólíkindum hvað þetta hefur gróið vel. Þetta er líka mjög næringarríkur jarðvegur.“

Hönnun nýju brautanna var í höndum Hannesar Þorsteinssonar, sem sá líka um síðustu stækkun.

Páll segir að þrátt fyrir að vera komnir með fullgildan 18 holu völl sé stefnan ekki sú að fá þangað stór mót.

„Við erum frekar að hugsa um hinn almenna kylfing sem getur komist úr ys og þys borgarinnar hingað í sveitasælu í frábæru umhverfi. Spilað sitt golf í rólegheitum og átt góðan dag. Svo er þetta líka auðvitað til að þjóna okkar félagsmönnum betur.“

Páll segir augljóst að vellir á höfuðborgarsvæðinu séu sprungnir. Erfitt sé að fá rástíma og Húsatóftavöllur geti verið góður valkostur í þeim efnum. Leiðin sé styttri en margan grunar. „Það er til dæmis styttra til Grindavíkur en inn í Leiru.“

Sérstaða vallarins liggur í umhverfinu, segir Páll. „Við erum hér, innan þessara 18 brauta, í raun með þrjá velli. Við erum með strandvöll, almennan túnvöll og svo með hraunvöll.“

Völlurinn sé auk þess ekki mjög langur og eigi að henta öllum.

„Við lítum á það þannig að fólk komi hingað og eigi góðan dag, skori misjafnlega eins og gengur, en fari með þá tilfinningu að hafa átt góðan dag.“ thorgils@frettabladid.is




## Hollráð Hinna

### Að spila samkvæmt getu

Ekki er úr vegi að fjalla aðeins um teiga golfvalla. Allajafna er að finna hvíta, gula, bláa og rauða teiga fyrir karla og bláa og rauða teiga fyrir konur. Forgjöf ræður því á hvaða teigum kylfingar leika og t.d. eru hvítir teigar eingöngu ætlaðir meistaraflokkskylfingum karla og meistaraflokkskonur spila frá bláum teigum. Það er alls ekki rétt að rauðir teigar séu bara fyrir konur, byrjendur og háforgjafakylfingar í hópi karla eiga að spila frá rauðum teigum. Þá spila karlar 70 ára og eldri frá rauðum teigum. Það hentar getu þeirra og heldur betur uppi leikhraða.

Ég benti einu sinni karlkylfingi á að hann ætti sökum getu að spila frá rauðum teigum. Það gerði hann og þakkaði mér seinna fyrir sökum þess að honum gekk betur að spila þaðan og síðar þegar getan leyfði færði hann sig á gula teiga. Það er skoðun margra að byrjendur ættu eingöngu að spila æfingavelli til að byrja með og til að ná sér í forgjöf. Það getur ekki verið mikil skemmtun í því fólgin að spila frá gulum teigum þegar getan er ekki til staðar og oftar en ekki sjá boltann fljúga fram yfir rauðan teig.

Það er því algjör mýta að rauðir teigar séu eingöngu kvennateigar. Besta lýsingin á þessu er kannski vísukorn sem séra Hjálmar Jónsson lét einu sinni flakka við leik í Grafarholtinu:



*Þorsteinn hann sló þrumufleyg*
*því vildi boltinn gegna*
*Kom svo við á kvennateig*
*kurteisinnar vegna*

Það er alltaf skemmtilegra að spila golfvöll samkvæmt getu, þannig fá kylfingar betra skor og tefja leik síður!

# Valdís Þóra missir af HM vegna meiðsla

Valdís Þóra Jónsdóttir úr Leyni mun missa af heimsmeistaramótinu í golfi í Argentínu eftir að í ljós kom að hún er fótbrotin eftir slys sem hún lenti í fyrir skömmu. Valdís Þóra verður frá næstu sex til átta vikur og missir því af HM í Argentínu sem fram fer um miðjan októbermánuð. Valdís leikur með Texas State-háskólanum og mun því lítið keppa með skólanum fram að áramótum, að því er fram kemur á kylfingur.is.



VALDÍS ÞÓRA JÓNSDÓTTIR



**Kjúklingabringur**
900 g
**1.398** kr/pk.



**Grísahnakki**
Frerskur
40% afsláttur
**899** kr/kg áður 1.498



**Grísakótelettur**
Ferskar
40% afsláttur
**899** kr/kg áður 1.498

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

# HAFÐU ÞAÐ GOTT UM HELGINA
## LJÚFFENGAR STEIKUR Á FRÁBÆRU VERÐI



**Kjúklingalundir** 700 g
**1.098** kr/pk.



**Svið** frosin
**249** kr/pk.áður 298



30% afsláttur
**Saltkjöt** ódýrt
**398** kr/kg áður 569



30% afsláttur
**Grísasnitsel** frosið
**1.259** kr/kg áður 1.798



**Kjúklingavængir**
Hot Wings eða BBQ
**586** áður 689 kr/pk.



30% afsláttur
**Svínahnakki**
m/sveskjum og grillkryddi
**1.189** áður 1.698 kr/kg



30% afsláttur
**Pítubuff** 6 stk.
**699** áður 998 kr/pk.



30% afsláttur
KJÖTSEL
**Kindabjúgu**
**468** kr/pk. áður 669



KJÖTSEL
**Kjötbúðingur**
**594** kr/pk. áður 849

SLÁTURMARKAÐUR



**3 Slátur fersk og pökkuð**
mör brytjaður fyrir sláturmarkaði
Lifur, hjörtu, nýru, 3 hausar, 12 gervivambir, 3 kg brytjaður mör, blóð.
**3.598** kr/pk. áður 3.998



**Kornflex** 500 g
**199** kr/pk.



**Morgunv.kökur**
**199** kr/pk.



**Calypso safi**
**59** kr/stk.



50% afsláttur
**Gulrófur**
**98** kr/kg áður 169



**Núðlusúpur**
**69** kr/pk. áður 99



**Hjónabandssæla**
**495** kr/stk. áður 619



**Pepsi max** 0,6 l
**98** kr/stk. áður 119



**Astonish bílavörur**
25% afsláttur
verð frá **289** kr/stk.

WWW.NETTO.IS | MJÓDD | SALAVEGUR | HVERAFOLD | AKUREYRI | HÖFN | GRINDAVÍK | REYKJANESBÆ

**GILDIR 23. - 26. SEPTEMBER**

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!



> **Christian Slater**

„Eftir því sem þú verður eldri lærir þú á jafnvægi og hugleiðslu í lífinu; þar er ég í dag. Mér líður mjög vel með þetta hlutskipti mitt.“

***Christian Slater fer með hlutverk í spennuþáttunum The Forgotten, þar sem óbreyttir borgarar taka lögin í sínar hendur. The Forgotten er á dagskrá Stöðvar 2 kl. 22.25 í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á FYRSTA ÞÁTT NÝS ÚTLITS Á SKJÁ EINUM

# *Athyglisverðar pælingar Karls Berndsen*

Karl Berndsen sýndi að hann hefur engu gleymt í fyrsta þættinum af Nýju útliti sem er snúinn aftur á Skjá einn.

Þessi vinsæli förðunar- og hárgreiðslumeistari fékk til sín rauðhærða konu með sítt hár sem hann taldi líta út eins og úr víkingasögunum og breytti henni í „lekkera“ glamúrgellu á einu augabragði.

Eins og venjan er í svona „meikóver“-þáttum skoðaði hann fataskápinn hennar og þar sagði hún mömmu sína velja á sig fötin sem hún klæddist, sem vakti mikla hneykslan Karls, eins og vafalítið margra sjónvarpsáhorfenda. Síðan deildu þau um hvers konar skóm hún ætti að klæðast og auðvitað hafði okkar maður rétt fyrir sér á endanum. Því næst kynnti Karl til sögunnar fyrirbæri sem hann kallar Vaxi þar sem vaxtarlag kvenna er mælt svo þær geti ákveðið klæðaburð sinn út frá því. Sannarlega athyglisverðar pælingar um þessar fjórar mismunandi tegundir kvenna sem ég vissi hreinlega ekki að væru til.

Eitt vantaði þó í þáttinn, aðstoðarmann á borð við hinn þögla Ísak eða fyrirsætuna Ingibjörgu Egilsdóttur sem hafa komið við sögu í síðustu þáttaröðum Nýs útlits. Karl var svolítið einn á báti í þessum fyrsta þætti og hefði tilfinnanlega þurft aðstoðarmann til að ráðfæra sig við. Slíkt lítur einfaldlega betur út í sjónvarpi. Annars var þetta fín byrjun og ljós að endurkoma Nýs útlits er hvalreki fyrir kvenkyns áhorfendur. Kemur það í raun á óvart að enginn slíkur þáttur skuli líka vera til staðar á hinum sjónvarpsstöðvunum.



**KARL BERNDSEN** Karl er fagmaður fram í fingurgóma, enda margreyndur í fegurðar- og tískubransanum.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.55** NCIS: Los Angeles STÖÐ 2



▶ **21.00** Veiðiperlur STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.35** Nýgræðingar SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00** The Boy in the Striped Pyjamas STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **23.20** Medium STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Rauða skotthúfan** Í þættinum rekur Sigurður Steinþórsson ævi og störf Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings og skálds. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**16.30 Kiljan** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Herbergisfélagar** (8:13)
**17.50 Herramenn** (41:52)
**18.00 Skoppa og Skrítla** (4:8) (e)
**18.10 Lukkunnar velstand**
**18.25 Bombubyrgið** (3:26) (Blast Lab)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Martin læknir** (3:8) (Doc Martin) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwall-skaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur.
**20.50 Bræður og systur** (72:85) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
▶**21.35 Nýgræðingar** (163:169) (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Sporlaust** (5:24) (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**23.05 Hvaleyjar** (11:12) (Hvaler) (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.20 Fréttir** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Akeelah and the Bee**
**10.00 The Naked Gun**
**12.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**14.00 Akeelah and the Bee**
**16.00 The Naked Gun**
**18.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**20.00 Cadillac Man**
▶**22.00 The Boy in the Striped Pyjamas**
**00.00 Undisputed II: Last Man Standing**
**02.00 Memento Mori**
**04.00 The Boy in the Striped Pyjamas**
**06.00 Bride Wars**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (4:18) Latibær, Stuðboltastelpurnar
**08.15 Í fínu formi**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Gilmore Girls**
**11.45 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (14:25)
**13.45 La Fea Más Bella** (240:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (241:300)
**15.15 The O.C.** (27:27)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Stuðboltastelpurnar, Latibær
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (17:20)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (21:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (18:24)
**20.10 The Amazing Race** (11:11) Þrettánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan.
▶**20.55 NCIS: Los Angeles** (6:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington.
**21.40 The Closer** (12:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.
**22.25 The Forgotten** (10:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.
**23.10 Mér er gamanmál** Ný íslensk gamanþáttaröð með Frímanni Gunnarssyni.
**23.40 Ameríski draumurinn** (5:6)
**00.15 Monk** (13:16)
**01.00 Lie to Me** (15:22)
**01.45 The Pacific** (1:10)
**02.40 Cry Wolf** Ekta hrollvekja.
**04.05 Paprika** Japönsk teiknimynd.
**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Enski deildabikarinn: Scunthorpe Utd. - Man. Utd.**
**16.35 Spænski boltinn: Barcelona - Sporting**
**18.20 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**18.45 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði.
**19.20 Enski deildabikarinn: Chelsea - Newcastle**
▶**21.00 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið ofan í saumana á lífsstíl og matarmennsku í veiði.
**21.30 European Poker Tour 5 - Pokerstars** Sýnt frá PCA Bahamas Main Event en mótið er haldið á Bahama-eyjum en þangað eru mættir margir af sterkustu spilurum heims.
**22.20 Tournament Of Champions** Sýnt frá Tournament of Champions en mótið er hluti af World Series of Poker en til leiks eru mættir margir af bestu pókerspilurum heims.
**23.15 Enski deildabikarinn: Scunthorpe Utd. - Man. Utd.**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Man. Utd - Liverpool / HD** Enska úrvalsdeildin.
**18.15 Tottenham - Wolves** Enska úrvalsdeildin.
**20.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.30 Football Legends** Næstur í röðinni er hinn magnaði Raul, leikmaður Real Madrid á Spáni. Ferill Raul verður skoðaður og skyggnst verður á bak við tjöldin á ferli þessa magnaða leikmanns.
**20.55 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.50 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin skoðuð í þaula.
**22.20 Blackburn - Fulham** Enska úrvalsdeildin.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (1:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (1:12) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**15.45 Bollywood Hero** (2:3) (e)
**16.40 Rachael Ray**
**17.25 Dr. Phil**
**18.05 Canada's Next Top Model** (7:8) (e)
**18.50 King of Queens** (20:25) (e)
**19.15 Game Tíví** (2:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tölvuleikjaheiminum.
**19.45 Whose Line is it Anyway** (2:20) Bráðskemmtilegur spunaþáttur þar sem allt getur gerst.
**20.10 The Office** (5:26) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið hjá pappírssölufyrirtækinu Dunder Mifflin.
**20.35 Parks & Recreation** (21:24)
**21.00 House** (5:22)
**21.50 Law & Order** (22:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.
**22.40 Jay Leno**
**23.25 In Plain Sight** (14:15) (e)
**00.10 Last Comic Standing** (2:14) (e)
**01.00 CSI: New York** (5:25) (e)
**01.45 Pepsi MAX tónlist**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Orri Hauksson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.
**21.00 Undir feldi** Frosti Logason og Heimir Hannesson á líðandi Evrópustundu.
**21.30 Eldum íslenskt** Brakandi íslenskir bragðlaukar.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


67%
Lesa bara Fréttablaðið



5%
Lesa bara Morgunblaðið

27%
Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir
95%
lesenda blaðanna

# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent maí - júlí 2010.

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.10**

**Amazing Race**

Það er komið að úrslitastundu í þrettánda kapphlaupinu þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**The Closer**

**Stöð 2 kl. 21.40**

Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson en ásamt því að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles þarf hún að takast á við afar viðkvæmt einkalíf.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Framtíð lýðræðis
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Húsið
**15.25** Bláar nótur í bland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Útvarpsperlur: Þúsundþjalasmiðurinn frá Akureyri
**23.20** Til allra átta
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar, sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum, veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.15 Grey's Anatomy** (15:17) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Pretty Little Liars** (4:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard og fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.
**22.35 Mercy** (22:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey.
▶**23.20 Medium** (1:22) Sjötta þáttaröðin af þessum dulmagnaða spennuþætti sem fjallar um sjáandann Allison Dubois sem gegn eigin vilja sér í draumum sínum skelfileg sakamál sem enn hafa ekki átt sér stað.
**00.05 Nip/Tuck** (22:22) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy.
**00.50 Grey's Anatomy** (15:17)
**01.35 The Doctors**
**02.15 Fréttir Stöðvar 2**
**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** Keeping Up Appearances **12.40** Keeping Up Appearances **13.10** The Green, Green Grass **13.40** The Green, Green Grass **14.10** Life of Riley **14.40** Life of Riley **15.10** Waterloo Road **16.00** The Weakest Link **16.45** Monarch of the Glen **17.40** Keeping Up Appearances **18.10** Benidorm **18.30** Whose Line Is It Anyway? **19.00** Extras **19.30** Hunter **20.20** Jonathan Creek **21.10** Come Dine With Me **21.35** The Jonathan Ross Show **22.25** EastEnders **22.55** Torchwood **23.45** Hunter

## DR 1

**12.00** Hvad er det værd? **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Substitutterne **14.50** Alfred **15.00** Lotte fra Spektakelmagergade **15.30** Cirkeline i Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Sporløs **18.30** Fængslet **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig - krydsende spor **21.25** Huslægen **21.55** Så er der pakket **22.25** Boogie Mix

## NRK 1

**12.30** På innsida av det danske kongehuset **13.00** NRK nyheter **13.10** Med hjartet på rette staden **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Berulfsens pengebinge **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Koht på jobben **18.45** Glimt av Norge **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.20** Hjerte til hjerte - Spelet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Spekter **22.00** Nasjonalgalleriet **22.30** De ukjente **23.40** Blues jukeboks

## SVT 1

**12.15** Fråga doktorn **13.00** Uppdrag Granskning **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** En bondes längtan **15.15** Vem tror du att du är? **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen **18.30** Niklas Mat **19.00** Life **20.00** Debatt **20.45** Undercover Boss **21.35** Elvis i glada Hudik **22.35** Uppdrag Granskning **23.35** Nurse Jackie **00.00** Korrespondenterna




## MORGUNMATURINN



*Á virkum dögum drekk ég glas af hreinni AB mjólk en um helgar fæ ég mér flóknari morgunverð, brauð með mismunandi áleggi og nýkreistan ávaxta- og grænmetissafa. Kaffið sötra ég svo alla morgna.*

Kolbrún Vaka Helgadóttir mannfræðingur

# Íslendingar í rúllettu hjá gjafara í Litháen

Veðmálafyrirtækið Betsson opnar í dag spilavíti á íslensku vefsvæði sínu. Spilarar geta þá tengst við alvöru gjafara sem staddur er í Litháen og spilað 21, rúllettu eða baccarat. Um er ræða alvöru gjafara, í öllum tilvikum konur frá Austur-Evrópu, sem spilarar geta jafnframt spjallað við á léttum nótum í gegnum spjallkerfi. Hugmyndin er því að leikmenn heima í stofu upplifi eins og þeir séu staddir í alvöru spilavíti.

Hans Martin Nakkim, markaðsstjóri Betsson, sagði í samtali við Fréttablaðið að ámóta síður hefðu verið opnaðar í Grikklandi, Ítalíu og Tyrklandi. „Þetta hefur mælst vel fyrir þar og þess vegna ákváðum við að færa aðeins út kvíarnar,“ segir Hans Martin. Hann vonast til að þessi útgáfa eigi eftir að mæta að einhverju leyti þörfum þeirra Íslendinga sem vilja spila peningaspil á spilavítum. „Ég hef sjálfur komið til Íslands og verið inni á svona lokuðum pókerklúbbum þannig að þessi markaður er fyrir hendi.“

Hans Martin óttast ekki að gjafarnir verði fyrir óþægilegu áreiti frá spilurum. „Þær eru mjög vel meðvitaðar um að þetta er netið með öllu sínu nafnleysi. Okkar reynsla frá Grikklandi, Ítalíu og Tyrklandi er hins vegar sú að þær hafa fengið miklu fleiri bónorð heldur en einhver leiðindi.“

- fgg





**ÓTTAST EKKI ÁREITIÐ** Hans Martin Nakkim óttast ekki að litháískir gjafarar í rúllettu Betsson verði fyrir einhverju áreiti, menn vilji yfirleitt bara giftast þeim.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15/10 kl. 20:00 frums U | Lau 30/10 kl. 20:00 4.sýn Ö | Fim 11/11 kl. 20:00 8.sýn Ö |
| Lau 16/10 kl. 20:00 2.sýn Ö | Sun 31/10 kl. 20:00 5.sýn Ö | Fös 12/11 kl. 20:00 9.sýn Ö |
| Fös 22.10. Kl. 20:00 aukas. Ö | Fös 5/11 kl. 20:00 6.sýn Ö | |
| Lau 23/10 kl. 20:00 3.sýn Ö | Lau 6/11 kl. 20:00 7.sýn Ö | |



**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 25/9 kl. 13:00 Ö | Lau 2/10 kl. 13:00 Ö | Lau 9/10 kl. 13:00 |
| Lau 25/9 kl. 15:00 Ö | Lau 2/10 kl. 15:00 Ö | Lau 9/10 kl. 15:00 |
| Sun 26/9 kl. 13:00 U | Sun 3/10 kl. 13:00 Ö | |
| Sun 26/9 kl. 15:00 Ö | Sun 3/10 kl. 15:00 Ö | |



**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 23/9 kl. 20:00 U | Fim 30/9 kl. 20:00 Ö | Lau 9/10 kl. 20:00 Ö |
| Fös 24/9 kl. 20:00 U | Fös 1/10 kl. 20:00 U | Fös 15/10 Kl. 20:00 Ö |
| Lau 25/9 kl. 20:00 Ö | Lau 2/10 kl. 20:00 Ö | Lau 16/10 Kl. 20:00 |
| Sun 26/9 kl. 20:00 Ö | Fös 8/10 kl. 20:00 Ö | |



**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 24.9. Kl. 19:00 U | Sun 3.10. Kl. 15:00 Ö | Mið 27.10. Kl. 19:00 Ö |
| Lau 25.9. Kl. 19:00 U | Fös 8.10. Kl. 19:00 Ö | Fim 28.10. Kl. 19:00 |
| Sun 26.9. Kl. 15:00 Ö | Lau 9.10. Kl. 19:00 Ö | Sun 7.11. Kl. 19:00 Ö |
| Fim 30.9. Kl. 19:00 U | Sun 17.10. Kl. 19:00 Ö | Mið 10.11. Kl. 19:00 |
| Fös 1.10. Kl. 19:00 Ö | Sun 24.10. Kl. 19:00 Ö | |
| Lau 2.10. Kl. 19:00 Ö | Þri 26.10. Kl. 19:00 U | Ö |

GERPLA

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 21.10. Kl. 20:00 Ö | Lau 13.11. Kl. 20:00 Ö | Fös 29.10. Kl. 20:00 |
| Fös 26.11. Kl. 20:00 Ö | Fim 4.11. Kl. 20:00 Ö Ö | |

Leikhúskort 4 miðar á aðeins 9.900 kr.

Leikhúskortið 2010/2011



HEFUR ÞÚ LESIÐ?

„Listilega fléttuð og grípandi.“

TMM




MÁL OG MENNING

www.forlagid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ FRUMSÝNIR LEIKGERÐ BYGGÐA Á BÓKINNI 8. OKTÓBER



512 50 50 Auglýsingasími

Allt sem þú þarft...


MARGRÉT DAGMAR ERICSDÓTTIR: ÞETTA ER BÚIÐ AÐ VERA ÆVINTÝRI

# Kate Winslet stofnar samtök fyrir Sólskinsdrenginn

„Þetta eru algjörlega samtökin hennar Kate Winslet, hún er frumkvöðullinn í þessu verkefni,“ segir Margrét Dagmar Ericsdóttir, móðir Kela, einhverfa stráksins úr heimildarmyndinni Sólskinsdrengurinn.

Breska Óskarsverðlaunaleikkonan Kate Winslet í samstarfi við Margréti Dagmar hefur stofnað alþjóðlegu góðgerðasamtökin The Golden Hat Foundation, eða Gullna hattinn, sem eiga að styðja við og styrkja einhverf börn og foreldra þeirra. Verkefnið var kynnt í Bandaríkjunum í gær og var send út fréttatilkynning til allra stærstu fréttaveitna í heimi samtímis. Samtökin eru nefnd eftir ljóði Sólskinsdrengsins Kela en auðjöfurinn Richard Branson kemur einnig að samtökunum því hann hyggst lána Margréti sína færustu ráðgjafa til að skipuleggja starfsemina í þaula.

Margrét var nánast orðlaus yfir áhuga og krafti Winslet þegar Fréttablaðið náði tali af henni í Austin í Texas þar sem hún býr um þessar mundir.

„Við hittumst fyrst þegar hún talaði inn á ensku útgáfuna af myndinni í ágúst 2009. Ég ætlaði ekkert að mæta í þær upptökur en umboðsmaður Kate bað mig sérstaklega um að koma. Við náðum strax mjög vel saman og hún gaf mér tölvupóstinn sinn, bað mig endilega um að vera í sambandi,“ útskýrir Margrét og bætir því við að hún væri eflaust ekki komin á þennan stað ef ekki hefði verið fyrir þátt forsetafrúarinnar Dorritar Moussaieff sem eigi mikinn heiður skilinn. Það varð síðan allt brjálað að gera hjá Margréti sem fyrir rælni sendi bara tölvupóstinn sinn til Kate með kærum þökkum fyrir hennar framlag til myndarinnar. „Hún sendi mér tölvupóst á móti og þakkaði mér fyrir að opna fyrir sér heim einhverfunnar.“





**LÖNG LEIÐ**

Hún er orðin löng leiðin sem hjónin **Margrét Dagmar** og **Þorsteinn** hafa farið með syni sínum **Kela** og bræðrunum **Erik** og **Unnari** síðan Sólskinsdrengurinn var frumsýndur í Smárabíói fyrir tveimur árum. Hollywood-stjarnan **Kate Winslet** hefur stofnað alþjóðleg samtök sem eiga að styðja við einhverf börn og foreldra þeirra og auðkýfingurinn **Richard Branson** hyggst leggja þeim lið við undirbúninginn.

**6** Kate Winslet hefur verið tilnefnd sex sinnum til Óskarsverðlauna og er yngsta leikkonan í sögunni til að ná slíku afreki.

HEIMILD: IMDB.COM

Margrét segir að hún hafi alltaf haft það að leiðarljósi að stofna alþjóðleg góðgerðasamtök fyrir einhverf börn. Myndin átti bara að vera byrjunin. „En þegar ég og maðurinn minn flugum á kvikmyndahátíðina í Toronto 11. september í fyrra þá var ég eiginlega búin að gefast upp á því. Þegar ég lenti átti ég tölvupóst frá Kate sem spurði hvort hún gæti ekki gert eitthvað fyrir mig, stofnað samtök eða eitthvað þannig.“ Og eftir það fór boltinn að rúlla. Heimasíða samtakanna fór í loftið í gær og Margrét trúir varla sínum eigin augum, að hún skuli vera komin á þennan stað eftir frumsýningu myndarinnar í Smárabíói fyrir tveimur árum. „Friðrik Þór leikstjóri sagði reyndar við mig að það væri einhverjir töfrar í kringum þessa mynd. Hann hefur kannski haft eitthvað til síns máls.“

freyrgigja@frettabladid.is

# Tvær myndir um Airwaves

„Myndin á að vera eins konar heimild um hvernig Airwaves-hátíðin er búin að þróast gegnum árin og hvernig stemningin myndast í kringum hana hjá gestum og tónlistarfólki,“ segir Guðjón Jónsson leikstjóri en hann stendur að heimildarmynd um íslensku tónlistarhátíðina sem verður frumsýnd á Stöð 2 á mánudaginn. Myndin er að sögn Guðjóns hress og skemmtileg. „Við fléttum saman gömlum upptökum af hátíðunum í gegnum tíðina við viðtöl við þekkta íslenska tónlistarmenn, erlenda blaðamenn og annað bransafólk til að fá þeirra upplifun af Airwaves,“ segir Guðjón en myndin er um hálftíma löng.

„Það er mjög skemmtilegt að rifja upp söguna tónlistarhátíðarinnar frá því að vera í flugskýli árið 1999 með Gus Gus sem aðalnúmerið til dagsins í dag en hátíðin er núna eins konar sena fyrir ný bönd að verða uppgötvuð,“ segir Guðjón en hann vill meina að myndin sýni það hversu mikilvæg hátíðin er fyrir íslenska tónlistarsenu.

Mynd Guðjóns er ekki eina heimildarmyndin sem gerð hefur verið um hátíðina en myndin Where´s the Snow? eftir þá Bowen Staines og Gunnar B. Guðbjörnsson, verður frumsýnd um helgina í tengslum við RIFF-kvikmyndahátíðina. „Við tókum upp fullt af flottu tónleikaefni, viðtöl við gesti og aðstandendur,“ segir Gunnar B. og bætir við að í myndinni verði spurningunni: „Hvað er eiginlega svona frábært við Icelandic Airwaves?“ svarað.

- áp



**GRÍÐARLEG STEMNING Á AIRWAVES Í FYRRA** Íslenskir og erlendir tónlistaráhugamenn hafa skemmt sér vel á Airwaves-tónlistarhátíðinni í gegnum tíðina en nú hafa tvær heimildarmyndir um tónlistarhátíðina verið gerðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# ÍSLENSK HEILSURÚM

**Framleiðum rúm í öllum stærðum!**

# HAUSTÚTSALA

# Betra bak í rúmi frá RúmGott

## MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSURÚMUM



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

## 30% AFSLÁTTUR
### AF ÍSLENSKUM HEILSURÚMUM

**VERÐDÆMI:**
Íslensk rúm:
90 x 200 cm - Verð frá kr. 58.000,-
160 x 200 cm (2 dýnur) - Verð frá kr. 139.226,-

Dýnur: 80 x 200 cm - Verð frá kr. 39.473,-

## ÖLL ARINELDSTÆÐI Á 50% AFSLÆTTI

**EITT BESTA VERÐ LANDSINS Á GEL / ETHANOL ARINELDSTÆÐUM.**



**Ethanol uppkveikilögur 2L. Kr. 1.600,-**

## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÓSKUM

**Rúmgott framleiðir svæðaskiptar hágæða heilsudýnur í öllum stærðum.**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** **VISIR.IS**

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
„...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fjölhæfur fagottleikari

Tónlistarkonunni **Rebekku Bryndísi Björnsdóttur** er margt til lista lagt. Hún hefur gert það gott sem fagottleikari í hljómsveitinni Hjaltalín sem undanfarin misseri hefur notið mikilla vinsælda en meðfram hefur Rebekka einnig fengist við önnur verkefni. Þannig starfar hún nú sem aðstoðarleikstjóri við tökur á sjónvarpsþáttunum Hlemmavídeó sem sýndir verða á Stöð 2 í vetur. Leikstjóri þáttanna er Styrmir Sigurðsson en í aðalhlutverkum eru þau Pétur Jóhann Sigfússon og Ágústa Eva Erlendsdóttir.



### Litlar stjörnur á skjánum

Sjónvarpsparið **Svavar Halldórsson** og Þóra Arnórsdóttir fylgist hvort með öðru á skjá fjórtán tommu túpusjónsvarps, sem flokka má til smádýra í útrýmingarhættu við hlið fimmtíu tommu háskerpuflatskjáa. Af öllum stöðum í heiminum kom þessi eignastaða parsins fram á vaxtaákvörðunarfundi Seðlabankans í gær. Svavar hafði þá nýverið varpað fram spurningu um áhrif neyslu og skatta á hagvöxt. Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur bankans, sagði þetta flókið mál. Einföldu myndina megi draga upp á þann veg að þegar hlutir eru keyptir færast viðskiptin til einkaneyslu. „Þegar þú keyptir flatskjáinn…" náði hagfræðingurinn að segja áður en fréttamaðurinn greip fram í og tjáði honum að hann ætti ekki flatskjá.
**- hdm, jab**



## Mest lesið vísir.is

1. Teresa Lewis tekin af lífi í Virginíu
2. Vísindamenn sanna virkni lýsis gegn ýmsum sjúkdómum
3. Jón Gnarr: Hvað er að starfsháttum í stjórnmálum á Íslandi?
4. Nýjar upplýsingar um orsakir Titanic-slyssins
5. Lést í fjórhjólaslysi á Grænlandi







